

**HRÖNN HARÐARDÓTTIR**

*Fjölskyldan hrifin af sjávarréttaspagettíi*

• matur • helgin

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**BRÚÐKAUP**

*Hátíska, hefðir, gjafir og eftirminnileg bónorð*

Sérblað um brúðkaup

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



ÚTSALAN ER HAFIN

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. júní 2008 — 173. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


# Actavis vildi lausasölu lyfs þrátt fyrir fíknivandamál

**Actavis reyndi að koma í veg fyrir að kódínlyf yrðu gerð lyfseðilsskyld. Neysla lyfjanna hér á landi var áttföld miðað við Danmörku árið 2004. Það ár leituðu sjötíu manns sér aðstoðar á Vogi vegna kódínfíknar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjafyrirtækið Actavis reyndi að koma í veg fyrir að kódínlyf yrðu gerð lyfseðilsskyld, þrátt fyrir vitneskju um mikla misnotkun þeirra. Í bréfaskiptum á milli fyrirtækisins og vinnuhóps á vegum Lyfjastofnunar og Landlæknisembættisins var tekist á um réttmæti ákvörðunar um að taka lyfin úr lausasölu. Forstjóri Lyfjastofnunar segir ekki óalgengt að hagsmunaaðilar „beiti sér“ við stofnunina til að verja hagsmuni sína.

Vinnuhópurinn var settur á fót vegna gruns um mikla misnotkun kódínlyfja eftir að tekið var að selja þau í lausasölu. Actavis reyndi að koma í veg fyrir að lyfin yrðu gerð lyfseðilsskyld að nýju og vegna andmæla fyrirtækisins tafðist það að lausasölu kódínlyfja yrði hætt. Fyrirtækinu voru kynnt rök Lyfjastofnunar að misnotkun þeirra væri orðin það alvarlegt vandamál að nauðsynlegt væri að gera þau lyfseðilsskyld. Kódínlyf voru tekin úr lausasölu 1. október 2005, átta mánuðum seinna en áætlað var.

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, telur Actavis ekki hafa beitt sér með óeðlilegum hætti. „Það er ekki óalgengt að hagsmunaaðilar beiti sér við Lyfjastofnun þegar verið er að taka íþyngjandi ákvarðanir. Sem stjórnsýslustofnun, sem stundum þarf að taka óvinsæla ákvörðun, verður Lyfjastofnun að fara eftir stjórnsýslulögum og veita hagsmunaaðilum andmælarétt og taka ákvörðun sem tekur tillit til sjónarmiða viðkomandi.“ Rannveig segir að slíkur ferill getur verið tímafrekur og í umræddu tilviki hafi þurft að huga að ýmsum atriðum, svo sem hagsmunum almennings og fyrirtækisins.

Ólöf Þórhallsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Actavis á Íslandi, segir það ekkert launungarmál að Actavis mótmælti því að kódínlyf yrðu tekin úr lausasölu en hafnar því alfarið að samskipti fyrirtækisins hafi verið óeðlileg, eins og heimildarmaður Fréttablaðsins heldur fram. „Við óskuðum einfaldlega eftir að fá andmælarétt samkvæmt stjórnsýslulögum þegar okkur var tilkynnt um að lyfið yrði gert lyfseðilsskylt. Við fórum fram á rökstuðning fyrir ákvörðuninni því skoðun okkar á þeim tíma var að lyfin ættu að fást í lausasölu eins og víða erlendis.“

Árið 2004 var neysla kódínlyfja á Íslandi áttfalt meiri en í Danmörku og um sjötíu einstaklingar lögðust inn á Vog það ár vegna kódínfíknar. Rúmu ári eftir að kódínlyf voru tekin úr lausasölu voru ný tilfelli á Vogi helmingi færri en á fyrra ári.

Fréttablaðið hefur í krafti upplýsingalaga óskað eftir því við Lyfjastofnun að fá öll bréfaskipti Actavis og stofnunarinnar afhent.

**- shá**

## FÖSTUDAGUR

### Leikari á Harley



Darri Ingólfsson lét gamlan draum rætast og keyrir nú um á Harley Davidson-mótorhjóli.

**FÓLK 42**

### Glatt á hjalla í Garði

Sólseturshátíð verður í Garði um helgina.

**TÍMAMÓT 24**



### Spánverjar í svaka stuði

Spánn og Þýskaland mætast í úrslitaleiknum á EM 2008.

**ÍÞRÓTTIR 38**

FÖSTUDAGUR

### Dúsa og Arnar í Skaparanum

Dreymir ekki um frægð og frama en hafa vakið athygli fyrir fatahönnun í New York.




**FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

## VEÐRIÐ Í DAG




**SVALT NYRÐRA** Í dag verða norðan 3-8 m/s. Bjart með köflum en skýjað og dálítlar skúrir norðan og austan til. Hiti 5-15 stig, hlýjast til landsins á Suður- og Vesturlandi.

**VEÐUR 4**



**FYRSTA MARKIÐ** Sara Björk Gunnarsdóttir kom Íslandi á bragðið gegn Grikkjum í gær og fagnar hér markinu ásamt þeim Dóru Stefánsdóttur og Hólmfríði Magnúsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stærsta hrygna sögunnar:

# Einstakur fiskur stoppaður upp



**JÓHANNES STURLAUGSSON**

**DÝRALÍF** Stærsta urriðahrygna sem veiðst hefur hér á landi, svo vitað sé, hefur nú verið stoppuð upp. Hún veiddist í Þingvallavatni 18. maí á síðasta ári og reyndist 26 pund. Sá sem dró þennan risafisk úr vatninu er Börkur Birgisson.

Sveinbjörn Sigurðsson hamskeri hefur haft veg og vanda af því að stoppa þennan einstaka fisk upp. Hann segir ferlið hafa tekið um mánuð frá því að hann fékk hrygnuna í hendur. Jóhannes Sturlaugsson, líffræðingur hefur rannskað hrygnuna ítarlega.

**- jss /** **sjá síðu 12**


## ÍSLENDINGAR ELSKA EM!

| | |
|---|---|
| SPÁ - ÍTA | 59,0% |
| HOL - RÚS | 58.8% |
| POR - ÞÝS | 56,0% |
| FRA - ÍTA | 53,6% |
| TYR - TÉK | 52,3% |

Fimm vinsælustu dagskrárliðir í sjónvarpi á Íslandi vikuna 16. til 22. júní.

Skv. Capacent. Uppsafnað áhorf 12-80 ára.

SJÓNVARPIÐ


Stelpurnar okkar yfirspiluðu þær grísku í undankeppni Evrópukeppninnar í gær:

# Búnar með sjö skref af átta

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið komst skrefi nær úrslitakeppni Evrópumótsins með 7-0 stórsigri á Grikkjum í síðasta heimaleik undankeppninnar á Laugardalsvellinum í gær.

Með sigrinum komst liðið í efsta sæti riðilsins og nægir því jafntefli á móti Frökkum í lokaleiknum til þess að tryggja sér farseðil til Finnlands. Stelpurnar unnu tvo stórsigra á Slóvenum og Grikkjum með fimm daga millibili og sýndu þar að þær ætla sér ekkert annað enn í úrslitakeppnina.

„Yfirburðir okkar í þessum leik voru algjörir og ég reiknaði ekki með svona stórum sigri. Ég hafði fulla trú á því að við myndum vinna þennan leik en við sýndum mjög mikla yfirburði yfir Grikkjunum á öllum sviðum knattspyrnunnar,“ sagði landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson en íslenska liðið hefur unnið tólf af átján leikjum sínum undir hans stjórn.

„Við erum búnar með sjö skref af átta og við ætlum okkur á EM,“ sagði Hólmfríður Magnúsdóttir, sem skoraði þrennu í leiknum í gær.

**- óój, hþh /** **sjá síðu 36**





OPIÐ

til 20

alla daga

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

**SPURNING DAGSINS**



*Önundur, jarðaðirðu þá?*

„Nei, en það var himnasæla að sigra á mótinu.“

Séra Önundur Björnsson sigraði á golfmóti presta og útfararstjóra á dögunum.

Norður-Kórea uppfyllir áfanga að umsaminni eyðingu kjarnorkuvígvæðingargetu:

# Tekin af lista hryðjuverkaríkja

**WASHINGTON, AP** Bandaríkjastjórn aflétti í gær hluta þeirra þvingunaraðgerða sem hún hafði beitt Norður-Kóreu og hóf ferli til að taka landið af lista „hryðjuverkaríkja“. Þessar aðgerðir endurspegla mikla stefnubreytingu Bandaríkjastjórnar gagnvart kommúnistastjórninni í Pyongyang, en ekki eru mörg ár síðan George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði Norður-Kóreu vera hluta af „öxli hins illa“.

Með þessu eru ráðamenn í Washington að verðlauna Pyongyangstjórnina fyrir að hafa staðið við að afhenda Kínverjum í gær skýrslu um kjarnorkumálin í landinu og hefja niðurrif aðalkjarnaofnsins þar sem unnt var að framleiða efni í kjarnorkusprengjur. Bush sagði í gær að þetta væri „jákvæður áfangi á hinni löngu leið að því að fá Norður-Kóreumenn til að gefa kjarnorkuvopn upp á bátinn.“



**ÁFANGI** Samningamenn sex-velda-hópsins fagna árið 2005 samkomulaginu sem nú er smátt og smátt að komast til framkvæmda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þessa skrefs af hálfu Norður-Kóreumanna hafði verið lengi beðið en með þeim uppfylltu þeir veigamikinn áfanga að því að eyða getu landsins til að framleiða kjarnorkuvopn. Umsjón með ferlinu hefur sex-velda-hópurinn, en aðild að honum eiga Kóreuríkin tvö, Bandaríkin, Kína, Rússland og Japan.

Í staðinn stendur Bandaríkjastjórn við fyrirheit sín um að aflétta viðskiptaþvingunum og tilkynna Bandaríkjaþingi um að eftir 45 daga muni landið verða tekið af lista yfir ríki sem talin eru styðja við hryðjuverkastarfsemi. **- aa**

Rúmenskir kirkjuleiðtogar:

# Barn fari ekki í fóstureyðingu

**RÚMENÍA, AP** Tuttugu deildir rúmensku kirkjunnar hvöttu í gær yfirvöld í landinu til að heimila ekki ellefu ára gamalli stúlku, sem varð þunguð eftir að nítján ára frændi hennar nauðgaði henni, að fara í fóstureyðingu til Bretlands.

Stúlkan er komin tuttugu vikur á leið, en fóstureyðing er óheimil í Rúmeníu eftir fjórtán vikna meðgöngu. Á Bretlandi er fóstureyðing heimil að 24 vikna meðgöngu sé heilsu móður stefnt í hættu. Opinber talsmaður rúmensku kirkjunnar hefur sagt að ákvörðun um fóstureyðingu verði að vera stúlkunnar sjálfrar og fjölskyldu hennar. **- gh**

Fimm mánaða fangelsi:

# Dæmdur fyrir heróínsmygl

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir allmörg fíkniefnabrot. Hann reyndi meðal annars að koma rúmlega hálfu grammi af kókaíni inn í landið. Það var tekið af honum í Leifsstöð.

Maðurinn var ákærður fyrir ellefu brot gegn fíkniefnalöggjöfinni á skömmum tíma. Jafnframt fyrir þjófnað, umferðalagabrot og hilmingu.

Dómurinn taldi ekki sannað að maðurinn væri sekur um vörslu nema hluta þeirra efna sem hann var ákærður fyrir. Hann á að baki langar sakarferil. **- jss**



**BLAÐBERINN VINSÆLL** Frá afhendingu blaðberans í Kringlunni.

Auðveldara að endurvinna:

# Blaðberinn á Egilsstöðum

**Blaðberi Fréttablaðsins verður gefinn fyrir utan Bónus á Egilsstöðum frá klukkan ellefu til klukkan fjögur á morgun. Blaðberinn er sérhönnuð taska sem ætluð er til þess að létta fólki að skila dagblöðum og öðrum pappír í endurvinnslu.**

**Rúmlega þrjátíu þúsund heimili eiga nú þegar blaðbera og er stefnt að því að dreifa honum á sem flesta staði á landsbyggðinni í sumar og haust. Það er Bylgjulestin sem dreifir blaðberanum um landið.** **- ges**

# Íslenskir unglingar tala og skrifa eins

**Mikið vantar upp á að íslensk ungmenni geri greinarmun á talmáli og ritmáli. Dósent við Kennaraháskólann fór yfir ritgerðir 10. bekkinga og segir að kenna þurfi betur að greina þar á milli. Óvissa um hvar setja eigi punkt eftir málsgrein.**

**MENNTUN** „Stærstu gallarnir eru ekki málvillur heldur mikil áhrif úr talmáli á skrifaða texta,“ segir Þórunn Blöndal, dósent í íslensku við Kennaraháskóla Íslands.

Þórunn skoðaði úrtak úr ritþáttum samræmdra prófa 10. bekkinga og komst að því að mikið vantaði upp á að nemendur gerðu greinarmun á mismunandi tegundum ritaðs og talaðs máls. „Meira að segja í mjög vönduðum ritgerðum hjá góðum nemendum komu fram orð og einkenni sem notuð eru eingöngu í talmáli, til dæmis hikorð.“

Þórunn segir að svo virðist sem sá mikli munur sem er á talmáli og formlegu ritmáli hafi ekki verið ræddur nægilega vel við ungmennin. Þá virðist nemendunum ekki í öllum tilfellum ljóst til hvers sé ætlast við skrif ritgerðanna. „Sum ljúka til að mynda ritgerðum sínum á orðunum takk fyrir og verið þið sæl.“

Eins tók Þórunn eftir því að ungmennin virtust óörugg um hvenær setja ætti punkt í rituðum texta og bættu jafnvel við setningum án greinarmerkja.

„Þetta er sérkennilegt því að þau vita hvar setningar enda og gerðu eflaust greinarmun á þeim ef þau læsu upp textann,“ segir Þórunn. „Einnig sjást setningar sem ég kalla druslur og standast ekki þar sem á þær vantar botninn.“

Þórunn telur áhrifum frá spjallforritum á borð við MSN og ritun SMS-skilaboða ekki um að kenna. Þó geri tilkoma þessarar tækni mikilvægara en áður að kenna ungmennum muninn á ritmáli og talmáli.

„Málnotkun í SMS- og MSN-skilaboðum er ekkert annað en talmál þótt það sé skrifað,“ segir Þórunn. „Það hefur því orðið til stærra grátt svæði þar sem ekki er greint á milli talmáls og ritmáls.“

Þórunn skoðaði einnig tilbrigði í setningagerð á borð við nýja þolmynd, þágufallshneigð og notkun viðtengingarháttar, sem hefur verið á reiki.

„Ég sá dæmi um þetta allt,“ segir Þórunn. „Hins vegar hefðu ritgerðirnar batnað mun meira með því að útrýma talmálsáhrifunum.“ **helgat@frettabladid.is**



**SAMRÆMD PRÓF** Tíundu bekkingum hætti til að gleyma punkti og nota orð eins og já og sko, sem ekki eiga við í formlegu ritmáli, í ritgerðum sínum í samræmdu prófunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Sum ljúka ritgerðunum sínum á orðunum takk fyrir og verið þið sæl.



**ÞÓRUNN BLÖNDAL**
DÓSENT VIÐ KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS



**BOLTASPÁ** Edda segir stórkostlegan árangur íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta geta haft góð efnahagsleg áhrif.

Greiningardeild Landsbankans:

# Spáir um vexti og landsleiki

**FÓLK Greiningardeild Landsbankans er margt til lista lagt og spáir ekki eingöngu fyrir um gengisþróun og vaxtastig. Í gær mátti sjá þar spá um landsleik kvennaliðs Íslands í knattspyrnu. Spáð var skemmtilegum leik og spáin reyndist rétt.**

**„Já, við spáum stundum í þessa stóru sammannlegu punkta í þjóðarsálinni; stórmót í íþróttum og Evróvisjón,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildarinnar.**

**Hún segir árangur landsliðsins vel geta haft góð efnahagsleg áhrif. „Skuldatryggingarálagið er í það minnsta gott. Þær stóðu fyllilega undir væntingum og vel það.“** **- kóp**

Kvikmyndatökur óheimilar:

# Vatíkanið lokar á Dan Brown

**RÓM** Páfagarður hefur bannað kvikmyndagerðarmönnum að taka upp fyrirhugaða kvikmynd eftir skáldsögu Dan Brown, Englar og djöflar, í Vatíkaninu og kirkjum í Róm.

Talsmenn Páfagarðs segja verk Browns vera „móðgun við Guð“.

Englar og djöflar segir frá Illuminati-hópnum og ráðabruggi hans um að sprengja Vatíkanið og gera eigin liðsmann að páfa. **- gh**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
➔ flugfelag.is

Flugfrakt

Sækjum og sendum
– hratt og örugglega
á hagstæðu verði.




**Til/frá Reykjavík**
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag

Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.

Flugumferðarstjórar enn á fundi þegar blaðið fór í prentun:

# Flugfarþegar verða að fylgjast með

**KJARAMÁL** Samningar höfðu ekki náðst á milli Félags flugumferðarstjóra og Samtaka atvinnulífsins þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. Samninganefndir höfðu setið á fundi frá því klukkan 10 um morguninn.

Skelli verkfall á leggst allt innanlandsflug af á meðan því stendur, á milli klukkan 7 og 11 í dag. Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, segir að farþegum verði boðið að færa sig í annað flug. Upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins og þar er hægt að breyta bókunum.

Í verkfalli verður einungis tveimur flugvélum leyft að taka á loft á klukkustund frá Keflavíkurflugvelli. Engar lendingar verða leyfðar, en flug yfir landið verður heimilað.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Flugleiða, segir menn verða að bregðast við aðstæðum eftir því hvernig mál þróast. Farþegar verði einfaldlega að fylgjast með upplýsingum um flug. Hann vonast til að hægt verði að vinna upp tafir í dag, verði verkfall, en erfitt sé að átta sig á því.

Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express, segir einhverjar tafir verða á flugi félagsins. Hann vonast til að ná fram þeim lausnum sem valdi minnstum töfum. Farþegar verði að fylgjast með flugi sínu. **- kóp/ghs**



**FLUGUMFERÐARSTJÓRAR** Sátu enn á samningafundi þegar Fréttablaðið fór í prentun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# HEKLA NOTAÐIR BÍLAR ERU KOMNIR Á KLETTHÁLS

20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÍLUM

80%
FJÁRMÖGNUN

MYNT-KÖRFU LÁN

**HEKLA - NOTAÐIR BÍLAR**

Í dag eru allir notaðir bílar HEKLU komnir á glæsilegt sýningarsvæði okkar við Klettháls í Reykjavík. Nýr sýningarsalur með stærri og betri sýningaraðstöðu gerir okkur kleift að sýna alla okkar næstum nýja bíla á einum stað. HEKLA - notaðir bílar er nú í alfaraleið við Klettháls, rétt við Suðurlandsveg, komdu í heimsókn og veldu draumabíl á draumaverði.

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÍLUM FRAM YFIR HELGI - HAGSTÆÐ LÁN**

Við bjóðum 20% afslátt af öllum notuðum bílum fram yfir helgi og 80% myntkörfulán.

**Opið í dag kl. 10 - 18.**



**Opið 10–18 virka daga**

Kletthálsi | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR

## GENGIÐ 26.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 80,46 | 80,84 |
| Sterlingspund | 159,41 | 160,19 |
| Evra | 126,27 | 126,97 |
| Dönsk króna | 16,926 | 17,026 |
| Norsk króna | 15,873 | 15,967 |
| Sænsk króna | 13,417 | 13,495 |
| Japanskt jen | 0,7456 | 0,75 |
| SDR | 130,68 | 131,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
162,3

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framlengd viljayfirlýsing um hagkvæmnisrannsóknir vegna álvers á Bakka í gær:

# Hafa lítinn tíma til umráða

**IÐNAÐUR** Fulltrúi Alcoa og iðnaðarráðherra, ásamt sveitarstjóra Norðurþings, framlengdu í gær viljayfirlýsingu frá árinu 2006 um álver á Bakka við Húsavík.

Bernt Reitan frá Alcoa sagði að fyrirtækið hefði knappan tíma, en yfirlýsingin gildir fram í október 2009. Heimildir herma að Alcoa hafi viljað mun rýmri gildistíma.

Þá sagði Reitan að yfirlýsingin hefði verið endurskoðuð lítillega, en vildi ekki skýra það nánar.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði að Alcoa ætti að fá færi á því að ljúka verkinu. Hann væri ekki lagalega skuldbundinn til að framfylgja ákvörðun fyrrverandi ráðherra.



**BERGUR ELÍAS OG BERNT REITAN** Reitan sagði að í álveri á Húsavík yrðu sömu áherslur og á Reyðarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„En ég styð álver á Bakka." Þessi skoðun hans hefði komið fram löngu fyrir kosningarnar síðustu.

„Ef fara á í svona framkvæmdir á að gera það á svæðum sem fara halloka vegna fólksfækkunar," sagði hann og benti á að þetta yrði fyrsta álver í heimi sem gengi eingöngu fyrir jarðhita.

Spurður hvort einhugur ríki um álver á Bakka í þingflokki Samfylkingarinnar sagði Össur að á þingflokksfundi í fyrradag hefði engin mótmælt þessum áformum.

Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri sér fram á betri tíð á Húsavík. **- kóþ**

Framkvæmdir á Akranesi:

## Nýtt bókasafn í burðarliðnum

**AKRANES** Samningur um byggingu nýs bókasafns á Akranesi var undirritaður í gær. Bókasafnið verður hluti af verslunar- og þjónustumiðstöð, sem meðal annars hýsir tónlistarskólann.

Þá verður reist viðbygging við safnið og verða húsnæðisvandræði bókasafnsins, ljósmyndasafns og héraðsskjalasafns Akraneskaupstaðar leyst með því.

Nokkur styr hefur staðið um bókasafnið og um tíma stóð til að endurnýja núverandi húsnæði, en fallið var frá þeim áformum. Samkvæmt samningum verður húsið tilbúið í febrúar 2009, en kostnaður er tæpar 300 milljónir króna. **- kóp**

Flóahreppur á Suðurlandi:

## Óttast vatnsskort rigni ekki

**NÁTTÚRA Íbúar í Flóahreppi á Suðurlandi hafa verið beðnir um að stilla vatnsnotkun í hóf til að fyrirbyggja vatnsskort. Sveitarstjóri óttast að vatnsskortur líkt og plagaði sveitir á Suðurlandi síðasta sumar geri vart við sig, rigni ekki á næstunni.**

**„Við erum að reyna að fyrirbyggja að það ástand skapist aftur," segir Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.**

**„Staða vatnsbóla í hreppnum er metin nær daglega, og stefnt er á að fyrirbyggja vatnsskort með því að grípa snemma til aðgerða," segir Margrét. Afar sjaldgæft er að vatnsskortur sé vandamál á Íslandi.** **- bj**



**VIÐ FÆRIBANDIÐ** Verðbætur af tuttugu milljóna króna íbúðaláni á fyrstu sex mánuðum ársins nema árslaunum verkakonu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Yfirgnæfandi líkur á enn meiri verðbólgu

**Verðbólga eykst um 0,9 prósent í mánuðinum. Viðbúið að hún aukist enn, segir prófessor. Það tæki verkakonu heilt ár að vinna fyrir verðbótum sem lagst hafa á tuttugu milljóna króna lán það sem af er ári.**

**EFNAHAGSMÁL** „Verðmælingin nú er með því hagstæðasta sem sést hefur undangengna mánuði. En það er ólíklegt að þessi hjöðnun verðbólgunnar haldi áfram. Þvert á móti þá hefur gengið lækkað verulega síðan síðasta verðmæling var tekin og því eru yfirgnæfandi líkur á að verðbólgan taki vænan kipp upp á við í nokkrum næstu mælingum," segir Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands.

Hann segir hins vegar óvíst hversu mikið verðbólgan aukist og hversu lengi hún vari, það ráðist af því hversu hratt innflytjendur renni gengisbreytingum inn í verðlagið.

Verðbólga eykst um 0,9 prósent í þessum mánuði, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Samkvæmt því mælist tólf mánaða verðbólga nú 12,7 prósent. Sé miðað við síðustu þrjá mánuði er verðbólgan ríflega 25 prósent.

Mestu munar um verðhækkanir á eldsneyti í hækkun vísitölunnar.

Greiningardeildir Landsbankans og Kaupþings gera ráð fyrir að verðbólgan aukist ekki jafn mikið næst, því nú byrji útsölur. Hins vegar dragi úr líkum á „hóflegum" hækkunum á vísitölu neysluverðs á næstunni haldist gengi krónunnar áfram veikt. Gengisþróunin ráði miklu um framhaldið.

Verðbólgan hefur verið töluverð allt árið. Höfuðstóll tuttugu milljóna króna láns, sem tekið var í ársbyrjun 2005, hefur hækkað um næstum eina og hálfa milljón króna það sem af er ári. Þá er miðað við verðtryggt lán til 25 ára, sem tekið var þegar lánakjör voru góð. Lánið er með jafnaðarafborgunum og hefur alltaf verið í skilum.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar var fullvinnandi verkakona með um 170 þúsund krónur í mánaðalaun í fyrra. Hefði hún tekið lánið, þá yrði hún næstum ár að vinna sér inn fyrir verðbótum sem lögðust á lánið á fyrstu sex mánuðum ársins.

Þetta tæki iðnaðarmann af gagnstæðu kyni, með 300 þúsund á mánuði, ríflega hálft ár.

**ingimar@markadurinn.is**

Þjófnaðarmál upplýst:

## Þýfi fannst við húsleit í Eyjum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur upplýst þjófnað á skjávarpa, effect-ljósi og olíu. Tækin var Leikfélag Vestmannaeyja með í láni frá Vestmannaeyjabæ. Olíunni var stolið úr tanki sem er í Viðlagafjöru.**

**Við yfirheyrslur kom í ljós að einn var að verki við þjófnaðinn á skjávarpanum og ljósinu en alls komu sjö ungmenni að þjófnaðinum á olíunni.** **- jss**



**SPURT UM HREINSUN** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, í hreinsunarátaki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hagvísar Seðlabanka Íslands:

## Mun lakari afkoma fyrirtækja

**EFNAHAGSMÁL** Afkoma atvinnufyrirtækja í eigu Íslendinga sem skráð eru í Kauphöll Íslands var mun lakari á fyrsta fjórðungi ársins en á sama tíma árið 2007 segir í Hagvísum Seðlabanka Íslands.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 7,4 prósentum en var 9,7 prósent á sama tíma í fyrra. Tap eftir skatta var 13,3 prósent samanborið við tæplega tveggja prósenta hagnað í fyrra. Fjármagnsliðir sem hlutfall af veltu námu 15,6 prósentum og eiginfjárhlutfall lækkaði úr tæplega 36 prósentum í rúmlega 24 prósent. **- bþa**

Minnihluti borgarráðs:

## Fyrirspurn um hreinsunarátak

**REYKJAVÍK** Fulltrúar minnihlutans í borgarráði – Vinstri grænna og Samfylkingar auk Margrétar Sverrisdóttur – lögðu á fundi ráðsins í gær fram fyrirspurn um hreinsunarátak í miðbænum.

Óska þeir eftir upplýsingum um bréf sem íbúum miðbæjar hafa verið send, um þrifnað og snyrtilegheit, og á hvaða réttarheimildum þau bréf byggja.

Þá er óskað upplýsinga um verklag og samskipti við íbúa þar sem veggir í einkaeigu hafa verið málaðir og hvort íbúum hafi verið gerð grein fyrir því fyrir fram.

Fréttablaðið hefur greint frá óánægju eigenda með aðgerðir borgarinnar. **- kóp**

### LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í blaðinu í gær að efnið títandíoxíð væri ekki að finna í sólarvörnum frá bandaríska framleiðandanum Aubrey Organics.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**BÆTIR Í VIND**
Hann andar norðri og því víða svalt norðan til. Til að bæta gráu ofan á svart fer vindur vaxandi í nótt á norðvestanverðu landinu og vestan til og á morgun má búast við 13-18 m/s þar sem hvassast verður, frá Snæfellsnesi til norðurs að Húnavatnssýslum. Annars verður vindur hægari.



**Á MORGUN**
NA 10-18 m/s vestan og NV-til, annars 5-10 m/s.

**SUNNUDAGUR**
5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Billund | 19° |
| Ósló | 19° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 18° |
| Helsinki | 19° |
| Eindhofen | 20° |
| Amsterdam | 20° |
| London | 21° |
| Berlín | 20° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 27° |
| París | 22° |
| Basel | 26° |
| Barcelona | 28° |
| Alicante | 30° |
| Algarve | 30° |
| Tenerife | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Frábær tilboð
## á helgarsteikinni!

OPIÐ til 20 alla daga




**Kjúklingabringur**
- ferskar













**Nautaribeye**
- íslenskt

**Ungnautaprime**
- íslenskt

**Lambafile**
- rifsberjalegið

**Nautalundir**
- úr kjötborði

## Loksins á Íslandi
*þessar verður þú að prófa!*

Margverðlaunaðar sósur og marineringar í alla matargerð




INNIHELDUR:
ekkert glúten
engan hvítan sykur
enga fitu
engar transfitusýrur
ekkert kólesteról




**Myllu súkkulaðikökur**
- nýbakaðar




**Ópal 2 stk. í pakka**
- ómissandi í vasa




**Jóa Fel salöt**
- vinsælustu salötin

Gildir til 29. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

KJÖRKASSINN



*Finnst þér að stjórnvöld eigi að rannsaka veikingu krónunnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 94,4% |
| Nei | 5,6% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Er álver á Bakka í mótsögn við umhverfisáætlun Samfylkingarinnar, Fagra Ísland?*

Segðu skoðun þína á vísir.is. vísir

Ríkisendurskoðun segir framkvæmdir Vegagerðarinnar breytast mikið og ört:

# Gengur illa að fara að samgönguáætlun

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun gagnrýnir skipurit Vegagerðarinnar í stjórnsýsluúttekt sinni um samgönguframkvæmdir.

Í úttektinni er sjónum beint að skipulagi og stjórnun Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar Íslands. Einnig er lagt til að stjórnvöld kanni breytta stofnanaskipan samgöngumála.

Ríkisendurskoðun segir að þrátt fyrir að skipurit stofnananna sé í grundvallaratriðum rökrétt, þá séu dæmi þess að hjá Vegagerðinni sé það óþarflega flókið og boðleiðir langar.

Rekstur stofnananna hefur jafnan verið innan fjárheimilda utan ársins 2006 þegar Vegagerðin stóð að endurbótum á nýrri ferju án skýrra heimilda. Samgönguáætlun er hins vegar breytt oft og mikið og fellur nokkuð stór hluti framkvæmda utan eðlilegra frávika um kostnaðaráætlun.



**FRAMKVÆMDIR VEGAGERÐARINNAR** Vegagerðin starfar ekki samkvæmt föstum stöðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Siglingastofnun hefur tekist að fá hluta starfsemi sinnar gæðavottaðan. Hins vegar hefur Vegagerðinni gengið illa að að fara að samgönguáætlun. Þeim er breytt mikið og ört og að auki sé ekki nægilega vel haldið utan um kostnaðaráætlanir, á öllum undirbúningsstigum framkvæmda.

Ríkisendurskoðun telur það mikilvægt að samgöngumannvirki séu byggð samkvæmt vel skilgreindum stöðlum. Flugvallaframkvæmdir eru komnar lengst að þessu leyti en þær eru miðaðar við og teknar út samkvæmt stöðlum Alþjóðaflugmálastjórnarinnar.

Vegagerðin hefur komið sér upp eigin stöðlum auk þess að notast við staðla frá nágrannalöndunum en þeir eru frekar notaðir sem viðmið en reglur. Ríkisendurskoðun metur það „brýnt að stjórnvöld samgöngumála móti skýra staðla um gæði og gerð vegmannvirkja og fari eftir þeim“. - hþj

Forseti Austur-Tímor:

## Horta sækist eftir SÞ-stöðu

**AUSTUR-TÍMOR, AP** **Forseti Austur-Tímors, „Íslandsvinurinn“ José Ramos-Horta, tilkynnti í gær að hann íhugaði að sækjast eftir embætti æðsta erindreka Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum.**

**Ramos-Horta hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1996 fyrir hlut sinn í friðsamlegri baráttu fyrir sjálfstæði Austur-Tímors frá Indónesíu. Hann var kjörinn forseti Austur-Tímors á síðasta ári.** - gh




**SAMIÐ Á NÝ** Kolviður kolefnisjafnar bílaflota ríkisins í ár líkt og í fyrra. Guðfinna Bjarnadóttir er talsmaður Kolviðar.

Kolviður kolefnisjafnar:

## Gróðursett fyrir bíla ríkisins

**UMHVERFI** Forsætisráðuneytið hefur endurnýjað samning við Kolvið um kolefnisbindingu vegna bílaflota ríkisins fyrir árið 2008. Slíkur samningur var einnig gerður í fyrra.

Á heimasíðu Kolviðar kemur fram að Áætlað sé að losun frá ríkisflotanum muni nema um 9.000 tonnum af koldíoxíði (CO2) á þessu ári. Til að binda samsvarandi magn kolefnis mun Kolviður gróðursetja um 84 þúsund plöntur á Geitasandi á Rangárvöllum. Þar er mjög gróðursnautt.

Markmið ríkisstjórnarinnar er að minnka nettólosun á CO2 fyrir árið 2050. - kóp

| Framleiðsla hófst 2007 | Framleiðsla hófst 1998 | Framleiðsla hefst 2012 - 2014 | Framleiðsla hefst 2010 | Framleiðsla hófst 1969 |
|---|---|---|---|---|
| ALCOA | NORÐURÁL Century | ALCOA | NORÐURÁL Century | RioTinto Alcan |
| Fjarðaál á Reyðarfirði | Grundartangi | Bakki | Norðurál í Helguvík | Straumsvík |
| Framleiðsla: 346.000 tonn á ári | Framleiðsla: 260.000 tonn á ári | Framleiðsla: 250.000 tonn á ári | Framleiðsla: 250.000 tonn á ári | Framleiðsla: 183.000 tonn á ári |
| Orkunotkun: 560 MW á ári | Orkunotkun: 440 MW á ári | Orkunotkun: 400 MW á ári | Orkunotkun: 435 MW á ári | Orkunotkun: 335 MW á ári |
| 450 störf | 450 störf | 400 störf | 400 störf | 450 störf |

Samtals munu álverin framleiða 1.289.000 tonn af áli, nota 2.170 megavött af rafmagni og af þessu munu 2.050 manns hafa atvinnu.

# Stóraukin framleiðsla

**Álframleiðsla hér á landi mun aukast um 60 prósent frá því sem nú er þegar álver Alcoa og Norðuráls verða tilbúin. Störfum mun fjölga um helming. Verðmæti framleiðslu álvera á einum degi er um hálfur milljarður króna.**

**IÐNAÐUR** Bætist tvö álver í hóp þeirra þriggja sem þegar eru starfandi hér á landi mun álframleiðsla aukast um ríflega 63 prósent þegar fullri framleiðslugetu verður náð í nýju álverunum.

Viljayfirlýsing um álver Alcoa á Bakka við Húsavík var endurnýjuð í gær, en þar er stefnt á að reisa álver með 250 þúsund tonna framleiðslugetu á ári. Þá er vinna við 250 þúsund tonna álver Norðuráls í Helguvík hafin.

Álver Alcoa á Reyðarfirði, Rio Tinto Alcan í Straumsvík og Norðuráls á Grundartanga framleiða í dag samtals um 780 þúsund tonn af áli á ári.

Samtals starfa um 1.350 starfsmenn í þeim álverum sem nú eru starfandi. Búist er við að um 700 fái störf í nýju álverunum.

Heimsmarkaðsverð á áli hefur verið afar hátt undanfarið og hækkað mikið frá áramótum. Í gær stóð verðið á hverju tonni af áli í 3.038 Bandaríkjadölum, um 245 þúsund krónum, á málmmarkaðinum í London.

Verðið fór í tæplega 3.200 dollara í mars, en um áramót var það nálægt 2.300 dollurum.

Miðað við verðið eins og það stóð í gær er verðmæti álframleiðslu hér á landi um 193 milljarðar króna á ári, eða rúmar 500 milljónir króna á dag.

Haldist verðið óbreytt, sem ómögulegt er að segja fyrir um, yrði verðmæti framleiðslu þegar álverin á Bakka og Helguvík hafa náð fullri framleiðslugetu rúmir 300 milljarðar króna á ári, eða tæpar 900 milljónir króna á dag.

brjann@frettabladid.is



**ELDUR Í NJARÐVÍK** Slökkviliðsmenn börðust við eld hjá Íslenskum aðalverktökum í þrjá tíma. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Milljónatjón á verkstæði:

## Börðust við eldinn í þrjá tíma

**BRUNI** „Þetta er klárlega milljónatjón en nákvæmari tölu er að vænta á næstu dögum,“ segir Eyjólfur Gunnarsson, framkvæmdastjóri hjá Íslenskum aðalverktökum. Eldur kom upp í viðgerðarverkstæði fyrirtækisins í Njarðvík um hádegisbil í gær.

„Það var mjög mikill eldur og mikill hiti þegar slökkviliðsmenn komu á vettvang,“ segir Jón Guðlaugsson, varaslökkviliðsstjóri hjá Brunavörnum Suðurnesja. Það tók rúmlega tuttugu slökkviliðsmenn þrjár stundir að ráða niðurlögum eldsins auk þess sem kalla þurfti til liðsauka frá Sandgerði.

„Menn voru aldrei í hættu og það skiptir mestu máli,“ segir Eyjólfur Gunnarsson. - ges

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bruni í vörubíl

Vörubílstjóri slapp ómeiddur þegar eldur kom upp í bíl hans við Höldukvísl á Suðurlandsvegi um kaffileytið í gær. Stýrishúsið skemmdist mikið en farmur bílsins, sjávarfang, var heilt.

### Lýst eftir vitnum

Lögreglan lýsir eftir vitnum að aðdraganda slyss sem átti sér stað á Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk aðfaranótt laugardagsins 21. júní. Í tilkynningu lögreglu segir að vegna rannsóknar málsins sé brýnt að vitni hafi samband í síma 444-1100.

Útsalan er hafin



POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is

Miltisbrandssýktar beinaleifar og jarðvegur fjarlægður úr Garðabæ í gær:

# Miltisbrandurinn í öruggt skjól

**HEILBRIGÐISMÁL** Leifar af miltisbrandssýktum dýrabeinum sem fundust í Garðabæ á miðvikudag voru í gær fjarlægðar ásamt jarðvegi af svæðinu. „Við munum pakka jarðveginum vandlega inn og setja hann í gáma. Svo munum við eyða honum síðar,“ segir Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir.

Óvíst er hvenær eyðingin á sér stað, en í nóvember síðastliðnum fundust tvö miltisbrandssýkt dýrahræ sem enn hefur ekki verið eytt.

„Það er auðvitað ekki gott að þetta ferli taki svona langan tíma en ég vil taka fram að það stafar engum hætta af þessum leifum. Það er svo vel frá þeim gengið,“ segir Gunnar og bætir við að málið sé enn þá í biðstöðu.

Páll Stefánsson hjá heilbrigðiseftirlitinu telur biðina stafa af því að menn séu að bíða eftir kaupum á heppilegum brennsluofni. „Það er búið að taka ákvörðun um að umhverfisstofnun kaupi svona ofn sem er nauðsynlegur svo hægt sé að brenna hræ af þessu tagi og annan sóttnæman úrgang,“ segir Páll en samsinnir því að engin hætta sé á ferðum í þessu tilviki.

Þó svo að engin hætta stafi af þessum ákveðnu hræjum má ímynda sér að ofnleysið geti haft uggvænlegar afleiðingar, ef ske kynni að stærra mál, eins og til dæmis riðuveiki, kæmi upp. - ges




**MILTISBRANDSSÝKTUR JARÐVEGUR** Hefur ekki verið eytt en er þó kominn bak við vel luktar dyr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**1.199** kr/kg. áður 1.599 kr/kg.
Svínalundir írskar - 1 kg.




**879** kr/pk. áður 1.259 kr/pk.
Kjúklingabringur - 900 gr.




**396** kr/pk. áður 629 kr/pk.
Goða grillhamborgarar - 4 stk m/brauði




**1.120** kr/kg. áður 1.867 kr/kg.
Goða grísahnakki piri piri




**1.120** kr/kg. áður 1.867 kr/kg.
Goða grísakótilettur pikantmar




**499** kr/kg. 723 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir




**129** kr/stk.
Toppur 2 ltr.




**220** kr/kg. áður 439 kr/kg.
Goða skinka




**629** kr/kg. 1.257 kr/kg.
Goða toskana pylsur

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 26. júní til 29. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## VEISTU SVARIÐ?



*1 Hvar telja menn sig hafa fundið miltisbrandssýkt dýrabein?*

*2 Hvaða íslenska leikkona leikur í kvikmyndinni Journey to the Center of the Earth 3-D?*

*3 Hvað heitir aðstoðarmaður Ólafs F. Magnússonar sem talið er að hætti í starfi á næstunni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Minjavernd fær eitt fyrsta timburhús Grjótaþorpsins:

# Vaktarabærinn endurgerður

**MINJAVERND** Borgarráð hefur afsalað Garðastræti 23, Vaktarabænum svokallaða, í hendur Minjaverndar hf. Húsið verður gert upp í upprunalegri mynd, en það er talið vera frá árunum 1844-48. Það er líklega fyrsta timburhús Grjótaþorpsins utan Innréttinganna.

Reykjavíkurborg keypti húsið í janúar, en þá var búið að sækja um leyfi til að rífa það. Kaupverð var 25 milljónir króna, auk hluta af lögfræðikostnaði seljenda. Minjavernd tekur við húsinu í núverandi ástandi og sér um fjármögnun endurbyggingarinnar. Á lóð hússins eru leifar gamla torfbæjarins í Grjótaþorpi og mun Minjavernd bera þann kostnað sem hlýst af fornleifakönnun. Komi til fornleifarannsóknar ber Reykjavíkurborg af henni allan kostnað.



**VAKTARABÆR** Húsið er talið einstakt í menningarsögulegu tilliti og verður gert upp í upprunalegri mynd.

Vaktarabær dregur nafn sitt af Guðmundi vaktara Gissurarsyni. Hann bjó í Grjóta, af hverjum Grjótaþorpið dregur nafn sitt, en hússins var fyrst getið sem skemmu við þann bæ.

Byggt var við húsið árið 1860 og aftur 1880 og komst það þá í þá stærð sem það nú er í. Síðar eignaðist Stefán Egilsson það, faðir Sigvalda Kaldalóns og Eggerts Stefánssonar. Sigvaldi fæddist í húsinu og bjó þar fyrstu átta ár ævi sinnar.

**- kóp**

Skilorð fyrir árás með stól:

# Gítarrifrildi fór úr böndunum

**DÓMSMÁL** Rifrildi um gítar sem maður þóttist mega fá að láni endaði með því að sá var dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi.

Maðurinn bankaði upp á hjá öðrum, gekk að gítar sem lá á gólfinu fyrir innan hurðina og hugðist hafa hann á brott með sér. Húsráðandi reyndi að hindra það með þeim afleiðingum að hinn reiddist mjög, nefbraut húsráðanda með hnefahöggi og lét högg dynja á honum með stól.

Ofbeldismaðurinn sagðist hafa fengið vilyrði frá sambýlismanni húsráðanda fyrir láni á gítarnum, en var engu að síður dæmdur. **- sh**

# Fá ný skáldverk í pottinum

**Stjórn Bókmenntasjóðs hefur ákveðið að styrkja engin ný íslensk skáldverk í vor vegna fæðar umsókna. „Stjórnin skiptir um reglur í miðjum leik,“ segir stjórnarformaður Nýhils. Áhöld um hvað sé „frumsamið“.**

**MENNING** „Það er reginmisskilningur að það sé eina eða meginhlutverk Bókmenntasjóðs að styrkja ný íslensk skáldverk,“ segir Njörður Sigurjónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins.

Í blaðinu í gær var því haldið fram að sjóðurinn hefði ekki staðið sig sem skyldi að þessu leyti og var byggt á a-lið 2. greinar laga um Bókmenntasjóð. Þar stendur að sjóðurinn skuli „styrkja útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka“. Síðan er rætt um önnur verk.

Bókaútgáfan Nýhil hefur krafist þess að lögmæti síðustu úthlutunar Bókmenntasjóðs verði rannsakað. Nýhil heldur því fram að sjóðurinn hafi ekki styrkt „frumsamin skáldverk“, heldur frekar endurútgáfur skáldverka og svo fræðirit og annað.

„En frumsamið skáldverk þarf alls ekki að vera nýtt skáldverk,“ segir Njörður. Með lagaákvæðinu sé einfaldlega verið að vísa til þess að sjóðurinn eigi ekki einungis að styrkja þýðingar eða fræðirit.

Frumsamið íslenskt skáldverk geti því vel verið endurútgáfa á eldri íslenskum bókum. „Þetta þýðir að verkin eiga ekki að vera þýdd og ekki stolin.“

Njörður segir óumdeilt að sjóðurinn eigi líka að styrkja ný íslensk skáldverk. Of fáir umsækjendur hafi þó gert sér grein fyrir því. Einni milljón króna verði varið í haust til að vekja athygli á þessu. Ný skáldverk verði þó engu að síður gjaldgeng í öðrum úthlutunum.

„Úthlutunin í vor var alls ekki stefnumarkandi. Ákvörðun um styrkveitingu er tekin á grundvelli þeirra umsókna sem berast. Þær voru bara of fáar í ár. Engin þeirra hlaut náð fyrir augum dómnefndar.“

Viðar Þorsteinsson, stjórnarformaður Nýhils, fellst ekki á þessi rök. „Það er með ólíkindum að þeir haldi þessu fram núna. Þetta er lagakrókur á móti bragði. Það sem gerðist er ekki að fáir hafi sótt um heldur að stóru forlögin, hagsmunaaðilarnir, áttuðu sig ekki á því að sækja um.

Stjórn sjóðsins hefur því skipt um reglur í miðjum leik. Þetta hefði frekar átt að vera rík ástæða til að verðlauna litlu forlögin, sem voru vakandi,“ segir hann. Það hefði vakið athygli þeirra stóru.

**klemens@frettabladid.is**

### EKKERT FRUMSAMIÐ Í MENNINGARSJÓÐI?

Í athugasemdum með lagafrumvarpi menntamálaráðherra um sjóðinn er að finna skilgreiningu á verkum þeim sem hann styrkir.

„Um er að ræða jafnt skáldverk sem vönduð fræðirit“ segir um 1. grein.

Um 2. grein segir að lagt sé til að sjóðurinn „veiti styrki til útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka en enginn opinber sjóður utan launasjóðs rithöfunda hefur til þessa sinnt því hlutverki sérstaklega“.

Ljóðasöfn og safnrit virðast því ekki vera dæmi um „frumsamin íslensk skáldverk“, því Menningarsjóður styrkti þau sannarlega. Dæmi: Safn leikrita Jökuls Jakobssonar, Ljóðasafn Davíðs Stefánssonar, Ljóðasafn Matthíasar Johannessen og fleiri.

Ráðherra áréttar næst að samt sem áður skuli meginhlutverk Bókmenntasjóðs vera „að halda áfram og efla þann stuðning sem Menningarsjóður hefur veitt til útgáfu bóka á íslenskri tungu“.

Því var ofsagt í fyrirsögn í blaðinu í gær að tveimur prósentum fjár sjóðsins yrði varið í „megintilgang“ hans, það er að styrkja ný skáldverk.

Hins vegar hefur engu fé verið varið til þess hlutverks sjóðsins, sem fyrst er tiltekið og skilgreint í lögum. Nefnilega að styrkja útgáfu frumsaminna (nýrra!) skáldverka.

Þá segir í lögunum að stjórn sjóðsins ákveði árlega skiptingu fjárins á milli viðfangsefna. Því er stjórnin ekki skyldug til að styrkja ný skáldverk í hverri úthlutun.



VIÐAR ÞORSTEINSSON



NJÖRÐUR SIGURJÓNSSON

> Það er reginmisskilningur að það sé eina eða meginhlutverk Bókmenntasjóðs að styrkja ný íslensk skáldverk.
>
> **NJÖRÐUR SIGURJÓNSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SJÓÐSINS



**HORNSTEINNINN LAGÐUR** Viðskiptaráðherra lagði hornsteininn ásamt fulltrúum Bauhaus. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Byggingarvörurisi hérlendis:

# Hornsteinn að verslunarferlíki

**VERSLUN Hornsteinn var lagður að stærstu byggingarvöruverslun Norðurlandanna í gær.**

**„Verslunin verður risavaxin, 22 þúsund fermetrar að flatarmáli. Við munum bjóða upp á 120 þúsund vörutegundir og vera með á annað hundrað manns í vinnu. Áætluð opnun er í desember,“ segir Halldór Óskar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Bauhaus á Íslandi, sem rekur verslunina.**

**Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra lagði hornsteininn ásamt Halldóri og Mads Jörgensen, forstjóra fyrirtækisins í Danmörku.** - ges








**RÚSÍNUR Í STAÐ SPRENGNA** Gail Halvorsen var einn flugmanna Bandaríkjahers sem tóku þátt í loftbrúnni. Hér er hann kampakátur í gamla búningnum sínum við gömlu Douglas Dakota-vélina í Frankfurt í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Sextíu ára afmæli samstarfsverkefnis Bandamanna:

# Loftbrúnni fagnað

**ÞÝSKALAND, AP** Þess var minnst í Þýskalandi í gær að þá voru rétt sextíu ár liðin frá því loftbrúin svonefnda hófst; fordæmislaus tilraun til að sjá milljónaborg fyrir öllum nauðsynjum loftleiðis, en Vesturveldin ákváðu að láta á það reyna eftir að sovéski herinn lokaði öllum landleiðum að Berlín, að skipan Stalíns Sovétleiðtoga.

Loftbrúin er oft kölluð fyrsta orrusta kalda stríðsins, enda tókust þar Vesturveldin í fyrsta sinn á í verki við fyrrverandi bandamanninn úr stríðinu við Öxulveldin, Sovétríki Stalíns.

Sú þrautseigja sem flugmenn Bandaríkjamanna, Breta og fleiri þjóða, sem þremur árum áður höfðu varpað sprengjum í stórum stíl á þýskar borgir, sýndu við að halda úti loftbrúnni gerði íbúum Berlínar kleift að halda í vonina um að vera ekki innlimaðir í helsi Austurblokkarinnar sem var að verða til á þessum tíma. Þannig átti loftbrúin mikilvægan þátt í að breiða yfir hin djúpu sár heimsstyrjaldarinnar, í það minnsta hvað varðar tengsl (Vestur)-Þjóðverja við Bandaríkjamenn og Breta.

„Hugrekkið sem einkenndi flugbrúna er aðdáunarvert,“ sagði þýski varnarmálaráðherrann Franz Josef Jung í ávarpi við athöfn á herflugvelli Bandaríkjahers í Wiesbaden.

Loftbrúin flutti í 278.000 flugferðum á tæpum fimmtán mánuðum 2,3 milljónir tonna af mat, kolum, lyfjum og fleiri nauðsynjum til hernámssvæða Vesturveldanna í Berlín. **- aa**

Áhyggjur af efnahag landsins:

# Dregin upp svört mynd

**EFNAHAGSMÁL Áhyggjur af efnahagsmálum hér fara vaxandi á alþjóðavettvangi, að mati breska blaðsins Financial Times. Blaðið dregur upp dökka mynd af stöðu mála. Efnahagslífið hér hafi ofhitnað og mikill samdráttur sé í vændum. Bent er á að skuldatryggingarálag ríkisins hafi farið hækkandi og sé nú 270 punktar. Skuldatryggingarálag hjá bönkunum hafi líka farið hækkandi.**

**Financial Times segir að slæmar fréttir af efnahagsmálunum hafi meðal annars haft áhrif á gengi krónunnar, sem hafi farið í sögulega lægð í vikunni.** **- ikh**

### FÆREYJAR

### Vill Færeyjar í Hvalveiðiráðið

Formaður færeyska Þjóðarflokksins, Jörgen Niclasen, hefur lagt til að Færeyingar og Grænlendingar taki sæti í Alþjóðahvalveiðiráðinu í stað Dana sem nú sitja þar fyrir hönd þjóðanna.

### GRÆNLAND

### Þörungar en ekki olíubrák

Sjávarbrák við vesturströnd Grænlands er líklega þörungavöxtur en ekki olíubrák, eins og grunur hafði verið um. Kanadísk yfirvöld höfðu tilkynnt Grænlendingum um mögulegan olíuleka og voru flugvél og skip send á staðinn til rannsóknar.

# SELDU

# BÍL TVÖ

## taktu strætó

Prófaðu leiðarvísinn á nýrri heimasíðu, strætó.is
og finndu stystu leiðina milli A og B.




Sumarkortið er upplagt fyrir þá sem vilja spara enn frekar. Fyrir 9.000 kr. getur þú ferðast að vild með strætó til 31. ágúst.

strætó.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS STR 42721 06/2008



**GRÆNEÐLA OG KOMODO-DREKI** Græneðla af tegund í útrýmingarhættu stendur á höfði komodo-dreka í dýragarði í Sydney í Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ABU GHRAIB** Amnesty hefur sakað Bandaríkin um að beita fanga sína pyntingum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Amnesty gegn pyntingum:

## Pyntað í 81 landi í fyrra

**OFBELDI** Alþjóðlegur dagur Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum var í gær. Af því tilefni skoraði Amnesty International á öll ríki heimsins að láta af pyntingum.

Í síðustu ársskýrslu Amnesty kom fram að pyntingar voru stundaðar í 81 ríki í fyrra. Nú er 21 ár síða Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu gekk í gildi.

Amnesty krefst þess að öll ríki fullgildi og virði reglur samningsins. Þá verði allir fyrirvarar við hann dregnir til baka og eftirlitsfólki engar skorður settar. - kóp

Ljósmyndir vöktu óhug:

## Bloggari rekinn vegna kvartana

**FJÖLMIÐLAR Bloggsíðu Ólafs Þórs Eiríkssonar á visir.is var lokað í fyrradag eftir að kvartanir bárust til forsvarsmanna Vísis frá lesendum síðunnar vegna mynda sem höfðu birst á henni.**

**Myndirnar voru af fóstureyðingum og þótti sumum nóg komið. Vísi höfðu oft áður borist kvartanir vegna Ólafs að sögn ritstjóra Vísis en færslur hans hafa oft þótt klámfengnar.**

**Ólafur hafði áður bloggað á mbl.is en var, rétt eins og á Vísi, bannaður á bloggsíðunni.** - vsp

Svefnpokar skapa hættu:

## IKEA innkallar Barnslig-poka

**NEYTENDUR** Verslunin IKEA innkallar svonefnda Barnslig-svefnpoka.

Fyrirtækið hefur fengið tvær tilkynningar frá viðskiptavinum þar sem botninn á rennilásnum hefur losnað frá en það gerir það mögulegt að sleðarofinn losni frá. Báðir þessir hlutir geta skapað hættu á köfnun fyrir lítil börn.

IKEA hefur hætt framleiðslu á svefnpokunum. - hþj



Tölvurekstrarfræðingur á Akranesi vill skýringar á samningi um tölvukerfi:

# Gagnrýnir yfirvöld í 26 liðum

**AKRANES** Eyjólfur R. Stefánsson, tölvurekstrarfræðingur á Akranesi, hefur sent bæjarráði bréf þar sem hann gerir athugasemdir við það í 26 liðum hvernig staðið var að því að ganga til samninga við fyrirtæki um endurnýjun á tölvukerfi bæjarins.

Til stóð að bjóða verkið út og hafði fyrrverandi bæjarstjórn þegar látið undirbúa útboðið fyrir 650 þúsund krónur. Hætt var við útboðið á síðustu stundu og ákveðið að ganga til samninga við tölvuþjónustufyrirtækið sem hefur þjónustað bæinn árum saman.

Í bréfi sínu, sem barst bæjaryfirvöldum 9. júní, mælist Eyjólfur til þess að samningsgerðinni verði frestað þar til athugasemdir hans hafi verið teknar fyrir og spurningum hans svarað. Engu að síður voru samningarnir undirritaðir tveimur dögum eftir að bréfið barst. Gísli S. Einarsson bæjarstjóri segir svars að vænta frá bænum.



**AKRANES** Fyrirtæki Eyjólfs er til húsa beint fyrir ofan bæjarskrifstofur Akraness.

Í öðru bréfi sem Eyjólfur sendi sama dag tekur hann fram að hann hafi hitt Gísla í fyrirtæki sínu, sem er á efri hæð í sama húsi og bæjarskrifstofur Akraness. Þar segir að Gísli hafi minnst á fyrra bréfið við Eyjólf, sagt það miður fallegt og verða Eyjólfi ekki til vinsælda. Gísli segir að um saklevsisleg ummæli hafi verið að ræða, sem hann lét falla þegar Eyjólfur innti hann eftir skoðun á fyrra bréfinu. - sh



**SVIFRYK Í REYKJAVÍK** Nokkur munur er á afstöðu til mengunarskatta á bíla eftir búsetu og eru íbúar höfuðborgarsvæðisins frekar fylgjandi mengunarsköttum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Konur eru hlynntari mengunarskatti á bíla

**Rétt rúmur helmingur landsmanna er því fylgjandi að skattar á bifreiðar hækki í samræmi við hve mikið þeir menga. Tæpur helmingur er þessu andsnúinn samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Rétt rúmlega helmingur, eða 53,2 prósent, segir að skattar á bifreiðar eigi að hækka í samræmi við hversu mikið þeir menga, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Því mótfallin eru 46,8 prósent. Hugmyndir um slíka skatta eru í samræmi við tillögur starfshóps um heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Starfshópurinn skilaði af sér tillögum í lok maí. Tillögur nefndarinnar eru til umræðu hjá fjármálaráðuneytinu, sem hefur skatta á sinni könnu, en ekki hafa komið fram tillögur í þessu veru frá Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra.

Nokkur munur er á afstöðu fólks eftir kyni og eru konur frekar því fylgjandi að bifreiðaskattar hækki með aukinni mengun en karlar. Vilja 57,2 prósent kvenna að slíkur skattur sé lagður á, en rétt tæpur helmingur karla, 49,4 prósent.

**EIGA SKATTAR Á BÍLA AÐ HÆKKA EFTIR ÞVÍ HVAÐ ÞEIR MENGA MIKIÐ?**




Skv. könnun Fréttablaðsins 21. júní

Þá er einnig nokkur munur á afstöðu til mengunarskatta á bifreiðar eftir búsetu og eru íbúar höfuðborgarsvæðisins frekar fylgjandi slíkum sköttum. Þeim fylgjandi eru 58,0 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu, en 45,4 prósent íbúa á landsbyggðinni.

Þá eru kjósendur þriggja stjórnmálaflokka fylgjandi stighækkandi bifreiðasköttum: 55,0 prósent kjósenda Framsóknarflokks, 64,4 prósent kjósenda Samfylkingar og 76,5 prósent kjósenda Vinstri grænna.

Meirihluti kjósenda Sjálfstæðisflokks og Frjálslynda flokksins er hins vegar andvígur slíkum sköttum: 60,0 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins og 54,5 prósent kjósenda Frjálslynda flokksins.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 21. júní og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Eiga bifreiðaskattar að hækka í samræmi við hversu mikið bílar menga? Tóku 85,5 prósent svarenda afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Fimm hlutu dóm fyrir að flytja til landsins 700 grömm af sterku kókaíni í skóm:

# Fimm í fangelsi fyrir kókaínsmygl

**DÓMSMÁL** Fimm menn hafa í Héraðsdómi Reykjavíkur verið dæmdir í fangelsi fyrir innflutning á rúmum 700 grömmum af mjög sterku kókaíni til landsins í október 2006. Efninu var smyglað til landsins í tvennu lagi, en það var falið í skóm.

Tveir menn, Anton Kristinn Þórarinsson og Jón Halldór Arnarson, hlutu tveggja ára fangelsisdóm hvor fyrir að skipuleggja smyglið.

Anton neitaði öllu og sagðist hvergi hafa komið nærri brotinu. Enginn hinna mannanna benti á Anton, en dómurinn taldi niðurstöður lögreglurannsóknar, meðal annars hleranir, gefa fullnægjandi sönnun á því að Anton hefði verið höfuðpaur smyglsins. Jón Halldór játaði sök að hluta, en sagðist eingöngu hafa verið milliliður í smyglinu. Það var ekki tekið trúanlegt.

**EKKI BARA KÓKAÍN**

Lögreglan lagði hald á fleira en 701,54 grömm af kókaíni við rannsókn málsins. Annað sem gert var upptækt var:

- 0,95 grömm af amfetamíni
- 9,62 grömm af hassi
- Slöngvubyssa
- Kastöxi
- Butterfly-hnífur

Þrír menn á þrítugs-, fertugs- og fimmtugsaldri hlutu sex, níu og tólf mánaða dóma fyrir að flytja efnið til landsins í skónum sínum. Einn var sýknaður, en ekki þótti sannað að hann hefði vitað að um fíkniefnasmygl var að ræða þegar hann bar skilaboð um fjármál á milli manna.

Allir eiga mennirnir sakaferil að baki, þótt mismikill sé. Anton hlaut þriggja ára fangelsisdóm árið 2000 fyrir kaup og sölu á hundruðum e-taflna. - sh

**VIKA 21**

**DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA**

Junphen Sriyoha:

## Minnir á Tailand



„Ég var í grillpartíi um helgina í bakgarði hjá vinafólki sem býr í miðbæ Reykjavíkur," segir Junphen. „Veðrið var alveg frábært og við lágum í sólbaði næstum allan daginn. Hitinn var þvílíkur að mér fannst ég komin heim til Taílands, hverjum hefði dottið það í hug að ég ætti eftir að upplifa slíkt hér á Íslandi."

En þó að veðrið sé gott skiptast á skyn og skúrir í einkalífinu. „Ég fékk þær fregnir frá móður minni að hún komist ekki hingað í sumar. Þetta eru mikil vonbrigði, mig langar nefnilega að sýna henni hversu fagurt Ísland er að sumarlagi."

Rachid Benguella:

## Allra þjóða fólk



„Nú yfir hásumarið er mun meira að gera í vinnunni," segir Rachid, sem vinnur á Grand hóteli. „Enda fjölmargir ferðamenn á ferli núna. Flestum er umhugað að hafa það gott í fríinu svo fólk sýnir sínar bestu hliðar. Og hingað kemur auðvitað fólk af ýmsu þjóðerni. Reyndar hef ég aldrei hitt fólk hér frá heimalandi mínu, Marokkó, en þó hef ég hitt nokkra araba, til dæmis frá Sameinuðu furstadæmunum. Það er eiginlega eins og að hitta heimamenn; þeir tala sama mál og við Marokkóbúar og eru sömu trúar."

Filipe Figueredo:

## Kærkomið frí



„Dagarnir eru afskaplega lengi að líða nú þegar fríið er á næsta leiti," segir Filipe. „Ég fer heim til Portúgals næsta miðvikudag. Ég get ekki annað sagt en að sumarið sé svo sannarlega komið hér á Ísafirði en mér er sama, ég er farinn að þrá portúgalska sumarið.

Meðal þess sem ég mun gera er að fara á heimstónlistarhátíð sem haldin er í sjávarbænum Sine. Þar mun ég slá tvær flugur í einu höggi því í Sine býr vinur minn sem ég hef ekki séð lengi svo þar mun ég una við góða tónlist og svo skemmtilega endurfundi," segir Filipe, sem er þegar kominn á loft og hálfa leið í huganum á vestanverðan Íberíuskaga.

Charlotte Ólöf Jónsdóttir:

## Dýrð undir Jökli



„Ég fór á Snæfellsnesið um síðustu helgi og það var alveg dýrðlegt, þetta er einn af mínum uppáhaldsstöðum í Evrópu," segir Charlotte, sem hefur þó víða farið og kallar ekki allt ömmu sína í ferðamálum.

En það er líka gott í bænum. „Kærasti minn hélt upp á afmæli sitt í vikunni og þá var hátíðlegur matur í foreldrahúsum hans. Að honum loknum fór ég með móður hans í hjólreiðatúr í miðnætursólinni en karlarnir fóru í golf. Þetta eru náttúrleg forréttindi að geta leikið golf á miðnætti, einn af mörgum kostum við íslenska sumarið."




# KING KOIL - MEST SELDU AMERÍSKU HEILSURÚMIN Á ÍSLANDI 2007

Í tilefni heimsóknar forstjóra King Koil til Íslands og að King Koil var mest selda ameríska heilsurúmið á Íslandi 2007, bjóðum við

**20-30% afslátt af öllum King Koil heilsurúmum vikuna 23.-29. júní.**



**20-30%**
AFSLÁTTUR!

| AVERY FIRM | BALL HARBOR | ECHO BAY | CASTAWAY |
|---|---|---|---|
| (Queen size 153x203) | (Queen size 153x203) | (Queen size 153x203) | (Queen size 153x203) |
| Verð kr. 128.900 | Verð kr. 179.200 | Verð kr. 168.900 | Verð kr. 188.900 |
| NÚ kr. 99.900 | NÚ kr. 133.300 | NÚ kr. 135.120 | NÚ kr. 151.120 |

Limited warranty to consumers — Good Housekeeping Promises — Replacement or refund if defective

## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kírópraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



## SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

## „ORÐRÉTT“

### *Sóttu þær um leyfi?*

**„Í morgun sáum við einnig að kassinn iðar af lirfum.“**

HRAFNHILDUR ÞORSTEINSDÓTTIR, ÍBÚI Í REYKJAVÍK, BENDIR Á SÓÐASKAP Í SANDKÖSSUM REYKJAVÍKURBORGAR.

**Fréttablaðið, 26. júní**

### *Bókstaflega?*

**„Við rennum alveg blint í sjóinn með þetta.“**

BIRGIR SIGURJÓNSSON, ÚTGERÐARMAÐUR Í HRÍSEY, SEM ER Á LEIÐ TIL TÚNFISKVEIÐA Í MIÐJARÐARHAFINU.

**Fréttablaðið, 26. júní**

**tilveran** *nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** INGA SÆLAND LAGANEMI OG FYRRVERANDI X-FACTOR-KEPPANDI

## *Langar að stofna stjórnmálahreyfingu*

„Allt fínt að frétta af mér. Ég er bara að sóla mig í sumarhúsi í Brekkuskógum,“ sagði Inga Sæland, laganemi og fyrrverandi X-Factor-keppandi, þegar blaðamaður náði tali af henni.

„Ég er að fara að taka upp plötu núna á næstunni. Fékk hvatningarstyrk frá Blindrafélaginu upp á 300.000 krónur og mun nota það í að taka hana upp,“ segir Inga en þangað til ætlar hún að hafa gaman af lífinu og reyna inn á milli að velja efni á plötuna.

„Í haust er stefnan síðan sett á lagadeildina aftur. Ég á bara eitt ár eftir af stjórnmálafræði og það gæti verið að ég klári það bara í staðinn.“

Laganámið gengur hægt hjá Ingu að hennar sögn þar sem hún er alltaf að brasa eitthvað í og með eins og að taka þátt í X-Factor.

Inga hefur lítið sungið frá því hún sló eftirminnilega í gegn í X-Factor í fyrravor en hefur sungið í skírnarveislum og þess háttar.



„Síðan fylgi ég kannski fordæmi Sturlu Jónssonar og stofna nýjan stjórnmálaflokk og laga efnahagsástandið,“ segir Inga.

Það þarf að fá fagaðila til að gera hlutina og fá kallana í Brussel til að sjá um þetta að mati Ingu.

„Við þurfum bara að drífa í því að ganga í ESB. Skoðanakannanir segja að það sé vilji fyrir þessu. Við þurfum nauðsynlega fagaðila til þess að vinna að ýmsum málum.“ Fullveldi og sjálfstæði yrði ekki framselt með inngöngu í ESB að mati Ingu.

## UPPFINNINGAR

**ÁVEXTIR GEIMTÆKNINNAR**

■ Fjarskipti við gervitungl og veðurtunglin svonefndu hafa valdið byltingu í veðurathugunum. Stafrænar myndavélar voru upphaflega hannaðar til að taka myndir úr gervitunglum.

■ Fyrsta hleðsluborvélin var hönnuð til að gera geimförum kleift að taka sýni á tunglinu. Reykskynjarar voru þróaðir fyrir geimstöðina Skylab. Síur sem nú eru notaðar fyrir neysluvatn voru fyrst notaðar til að hreinsa drykkjarvatn tunglfara.

■ Ein besta aðferðin til einangrunar húsa nú á dögum tekur mið af hitavarnarhlífum geimflauga.

■ Efni sem þróað var í búninga fyrir tunglfara reyndist afar heppilegt til að skýla slökkviliðsmönnum og slösuðu fólki.

## SJÓNARHÓLL

**KJARADEILA FLUGUMFERÐARSTJÓRA**

### *Grundvallarréttindi að krefjast betri kjara*



ARNAR EGGERT THORODDSEN

„Ég styð rétt allra til þess að standa í kjarabaráttu og þá leggja niður vinnu eða hvað sem það þarf að gera,“ segir Arnar Eggert Thoroddsen tónlistarblaðamaður um kjaradeilur flugumferðarstjóra.

Hann bætir því við að kannski sé hann grunnhygginn: „Ég trúi því að fólk fari ekki í slíkar aðgerðir án þess að hafa til þess ríka ástæðu.“

„Mér finnst það furðuleg orðræða þegar fólk er gagnrýnt fyrir að leggja niður vinnu í þágu betri kjara,“ segir Arnar. „Þetta eru grundvallarréttindi. Ég efast um að flugumferðarstjórar eða hjúkrunarfræðingar hafi gaman af því að leggja niður flug eða loka deildum á sjúkrahúsum.“

Arnar segir mat launa vera furðulegt. „Mér finnst engin störf mikilvægari en önnur,“ segir hann og bætir því við að það sé „leiðinlegt að sjá fólk fá léleg laun fyrir að passa börn á meðan fólki eru greiddar margar milljónir fyrir sérfræðiþekkingu í bankakerfinu sem hefur ekki skilað betri árangri en raun ber vitni.“

# Uppstoppaður metfiskur

**Langstærsta urriðahrygna sem veiðst hefur hér á landi fyrr og síðar, svo vitað sé, hefur nú verið stoppuð upp. Hún veiddist í Þingvallavatni 18. maí á síðasta ári og reyndist vera 26 pund. Sá sem dró þennan risafisk úr vatninu er Börkur Birgisson.**



**UPPSTOPPAÐUR METFISKUR** Sveinbjörn Sigurðsson hamskeri slær hér málbandi yfir hina myndarlegu hrygnu, sem nú hefur verið stoppuð upp. Mesta ummál hennar var vel rúmlega hálfur metri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er Sveinbjörn Sigurðsson hamskeri sem hefur haft veg og vanda af því að stoppa þennan einstaka fisk upp. Hann segir ferlið hafa tekið um mánuð frá því að hann fékk hrygnuna í hendur.

Jóhannes Sturlaugsson, líffræðingur hjá Laxfiskum, hafði urriðahrygnuna til rannsóknar eftir að hún var dregin á land.

**Líkamsburðir húsfreyju Þingvallavatns**

„Í stærð slær hún líklega út allar kynsystur sínar sem dregnar hafa verið á land hérlendis,“ segir Jóhannes.

Þegar Sveinbjörn leysti hrygnuna vænu úr fjötrum frostsins, til að hefja uppstoppunarvinnuna, mætti Jóhannes til að mæla skepnuna og taka sýni. Þá reyndist þyngd hrygnunnar blóðgaðrar vera 10.715 grömm þannig að hún hefur óblóðguð klárlega náð ellefu kílóa þyngd.

„Þetta þýðir að hrygnan hefur verið 22 pund samkvæmt okkar tíma skilgreiningum á pundum,“ útskýrir Jóhannes. „Lengd hennar var 87 sentímetrar sléttir og af fenginni reynslu af hlutfallslegum samdrætti fiska í frosti er ljóst að hún hefur verið að minnsta kosti 88 sentímetra löng áður en hún var fryst. Mesta ummál hennar var heilir 57,5 sentímetrar enda kviðurinn með þeim efnismeiri sem menn hafa litið. Þegar litið er til þeirra urriða sem dregnir hafa verið á land hérlendis þá bendir allt til þess að urriðahrygnan sem Börkur veiddi sé sú stærsta sem sögur fara af.“

Jóhannes bendir á að hafa þurfi þó í huga að í frásögnum af flestum stærstu urriðum sem veiðst hafi hérlendis hafi ekki fylgt sögunni af hvoru kyni fiskarnir voru.

**Lífssagan í hreistrinu**

Hreistur var tekið og lesið til að átta sig á aldri hrygnunnar íturvöxnu og skoða ummerki eftir hrygningu. Hrognaástand var skoðað og lífsýni tekin sem nýtt verða til greiningar á erfðaefni og mælinga á kvikasilfri.

„Fyrst ber að nefna að þessi „mittismikla“ risahrygna var einungis sjö ára þegar hún veiddist,“ segir Jóhannes. „Þetta eitt og sér endurspeglar þann gríðarlega líkamsvöxt sem hún hefur tekið út á sinni stuttu ævi. Hún var sneisafull af hrognum. Þau vógu 1.630 grömm af þeim um ellefu kílóum sem fiskurinn vó óblóðgaður, sem þýðir að fimmtán prósent af þyngd hrygnunnar lágu í hrognunum.“

**Fastheldin á hrognin**

„Hrognamagnið lá að mestu í hrognum frá undangenginni hrygningartíð sem sýndi að hrygnan hafði ekki hrygnt þá um veturinn, sem er fróðleg spurning út af fyrir sig. Með hliðsjón af samsetningu hrygningarstofnsins í Öxará síðustu árin og því sem sást til hrygnandi fiska í Efra-Sogi og Útfallinu á liðnu hausti. Þá verður að segjast að stærstu hrygnurnar þar hafa verið hvort tveggja minni og eldri en risahrygnan. Þó svo að hrygnan stóra sé einstök í sinni röð það vitað er má með hliðsjón af framansögðu leyfa sér að setja fram þá tilgátu að óvanalega stórar og hraðvaxta hrygnur, á þriðja tug punda, hrygni við uppsprettur í vatninu fyrst þær sjást ekki í ánum.“

**jss@frettabladid.is**

## EFTIRMINNILEGUST

„Ætli þessi hrygna sé ekki eftirminnilegasti gripurinn sem ég hef fengið til uppstoppunar,“ segir Sveinbjörn Sigurðsson hamskeri. Spurður hvað sé sett inn í fiskinn þegar hann er stoppaður upp segir hann það vera frauð, svipað og notað er til að stinga blómum í. Fiskurinn er svo lakkaður, þannig að hann virðist nýkominn úr vatni, og settur á undirstöður.

Sveinbjörn segir þetta endast um aldur og ævi, án þess að lappa þurfi upp á gripinn „…þannig að hrygnan getur þess vegna orðið erfðagripur,“ segir hann.

Sveinbjörn hyggst halda námskeið fyrir áhugafólk um uppstoppun fugla og er skráning að hefjast. Þá býður hann fólki að koma með eigin fisk og stoppa upp undir leiðsögn.



**TÓFUNÁMSKEIÐ** Fólk getur lært að stoppa upp tófu hjá Sveinbirni næsta vetur.

## STÆRSTU URRIÐAR SÖGUNNAR

Tveir Þingvallaurriðar, báðir hængar, hafa áður komist í fréttir fyrir stærðar sakir. Annars vegar hinn mikli jötunn sem Ólafur Guðmundsson veiddi árið 2004. Hann var 28 pund að þyngd og 96 sentímetra langur. Sá fiskur var einnig rannsakaður hjá Laxfiskum. Hitt tröllið veiddi Jóhannes Sturlaugsson við rannsóknaveiðar Laxfiska í Öxará. Sá hængur var 22 pund og 95 sentímetra langur.



**RISASTÓRT ROÐ** Svona leit hrygnan út áður en hún var fyllt með frauðplasti og lökkuð. MYND/JÓHANNES STURLAUGSSON

Hárstofan Gel

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Viðkomandi þarf að vera með jákvætt hugarfar, sjálfstæður, ábyrgur, mikla sköpunargáfu og mikinn metnað fyrir faginu. Miklir framtíðarmöguleikar eru í boði fyrir þá sem reynast vel og koma skemmtilega á óvart.

Áhugasamir geta hringt og pantað viðtal í síma 8632662, Anna.

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

# VERÐ SPRENGJA!



39.900
Fullt verð: 49.900

SJÁLFDRIFIN

Partner
Vnr. 53323001
**Sláttuvél**
PARTNER sláttuvél með fjórgengis Briggs & Stratton Classic Q40 mótor. Vélin er 4 hestöfl, sjálfdrifin. 75 l safnkassi er á sláttuvélinni. Sláttubreiddin er 51 cm og sláttuhæðin er með 5 mismunandi stillingum, frá 3 cm - 7 cm.



12.899

OUTBACK
Vnr. 50630100
**Gasgrill**
OUTBACK gasgrill, tvískiptur járnbrennari og grillflötur 48x36 cm. Efri grind og hitaplata yfir brennara, niðurfellanleg hliðarborð, neistakveikjari og þýstijafnari fylgir. 6,2 kW.
**Yfirbreiðsla** nr. 50634185

FRÁBÆR TILBOÐ!



4.990
Fullt verð: 6.990

Vnr. 41621580
**Borð/stóll**
Borð/stóll, saman-brjótanlegt og fyrir-ferðalítið borð, 85x133 cm, ál og plast, blátt.



35%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GIRÐINGAEININGUM



3.490

Vnr. 86363040-550
**Pallaolía**
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 5 l.

BYKO

Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!

EXPO • www.expo.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## ALI FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT 30% - 40% AFSLÁTTUR




**499**

Ali ferskur grísabógur
**499 kr./kg.**




**30% AFSLÁTTUR**

Ali fersk grísarif kjötmikil
**769 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1098 KR./KG.




**40% AFSLÁTTUR**

Ali ferskar grísakótilettur
**1070 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1783 KR./KG.




**30% AFSLÁTTUR**

Ali ferskar grísahnakkasneiðar
**1259 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

## FYRSTA FLOKKS HOLLENSKT NAUTAKJÖT Á GRILLIÐ



**2998**

HOLLENSK RUMPSTEIK *(lendastykki)*
6 STK. 200g **2998 kr.** (FROSIÐ)



**1998**

HOLLENSKT UNGNAUTAFILLET
4 STK. 200g **1998 kr.** (FROSIÐ)

## LAMBAKJÖT VINSÆLASTA GRILLKJÖTIÐ



**2498**

KS ferskt lambafillet
**2498 kr./kg.**



**1198**

KS lambalæri heilt í sneiðum
**1198 kr./kg.**



**809**

KS ferskur kryddaður lambabógur
**809 kr./kg.**




**805**

BBQ-Partysvínarif **35% AFSLÁTTUR**
**805 kr./kg.** MERKT VERÐ 1238 KR./KG.



**20%**

OS samlokuostur í sneiðum
NÚ Á 20% LÆGRA VERÐI.




**1798**

Bónus hangiálegg
**1798 kr./kg.**




**69**

Ömmubakstur flatkökur
**4 stk. 69 kr.**




**129**

Bónus kjarnabrauð
**500g 129 kr.**




**198**

Bónus fetaostur
**250g 198 kr.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30


BÓNUS
BÓNUS
BÓNUS
FERSKUR KJÚKLINGUR 40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1679 KR./KG. MERKT VERÐ: 2799 KR.KG.
Holta ferskir kjúklingabitar blandaðir
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.
Holta fersk kjúklingalæri m/legg
449 kr./kg. MERKT VERÐ 748 KR./KG.
Bónus ferskir kjúklingabitar blandaðir
349 kr./kg. MERKT VERÐ 498 KR./KG.
ÍSLENSK BLEIKJA
899
NORÐANFISKUR
BLEIKJUBITAR BEINLAUSIR M/ROÐI
899 kr./kg. (FROSIÐ)
Pepsi Light
2 ltr. 119 kr.
Seven Up
2 ltr. 119 kr.
Malt í dós
10 stk 698 kr.
698
119
119
129
Bónus samlokur
129 kr stk.
498
Ungnautahamborgarar
4 STK. M/BRAUÐI
498 kr.
798
Djöflaterta-Kristjáns Bakarí
784g 798 kr./stk.
198
Bónus frostpinnar
15 stk. 198 kr.
359
Bónus eldhúsrúllur
3 STK XL 359 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

**FBL GREINING:** MILTISBRANDUR

# *Dvalagró sem geta valdið lífshættulegum sjúkdómi*

Fólk var hvatt til þess að halda sig fjarri húsgrunni við Lyngholt í Garðabæ í fyrrakvöld þar sem grunur leikur á að dýrabein sem þar fundust séu sýkt af miltisbrandi. Svæðið var girt af og beinin fjarlægð. Kúahræ sýkt af miltisbrandi fundust í Garðabæ í nóvember.

**Hvað veldur miltisbrandi?**

Miltisbrandur er bráður sjúkdómur af völdum sýkilsins Bacillus anthracis. Sýkillinn myndar dvalagró eða spora sem geta lifað áratugum eða jafnvel árhundruðum saman við vissar aðstæður í jarðvegi. Sjúkdómurinn leggst einkum á jurtaætur sem innbyrða eða anda dvalagróunum að sér við að bíta gras. Menn geta þó einnig sýkst ef þeir komast í tæri við blóð eða aðra vefi úr sýktum dýrum, borða kjöt af sýktu dýri eða mikið af dvalagróum er í umhverfinu, til dæmis úr ull eða feldi dýra með miltisbrand. Sjúkdómurinn smitast ekki beint milli manna eða dýra en dvalagróin geta hins vegar dreifst með ýmsum hætti, til dæmis fötum og skóm. Hræ dýra sem falla úr sjúkdómnum geta verið mjög hættuleg uppspretta spora. Stærð þeirra gerir þau ákjósanleg til þess að setjast að í öndunarfærum manna og dýra. Sýkillinn myndar mjög skaðleg eiturefni sem geta valdið drepi.

**Hver eru einkenni miltisbrands?**

Einkenni eru misjöfn eftir því hvernig sjúkdómurinn smitast. Miltisbrandur getur smitast um meltingarveg og valdið alvarlegum einkennum frá meltingarfærum auk þess að miltað bólgnar upp og skemmist af völdum dreps. Ef sýkingin verður til vegna rofs á húð myndast kýli sem síðar rofnar og sést þá svartur sárbotninn. Sárin eru yfirleitt sársaukalaus. Þetta er algengasta smitleiðin og eru þeir sem meðhöndla sýkt dýr í mestri hættu. Að lokum geta sporar borist í öndunarveg og sýklar dreifst þaðan um líkamann. Fyrstu einkenni eru þá yfirleitt lík kvefi eða inflúensu en í kjölfarið kemur fram andnauð með háum hita og losti. Þessi tegund miltisbrands er alltaf banvæn án meðhöndlunar. Starfsmenn í ullariðnaði og sláturhúsum eru í mestri hættu á smiti. Miltisbrandur var tvívegis árið 2001 notaður sem efnavopn í Bandaríkjunum en þá voru dvalagró send með pósti. Það vekur ugg þar sem hægt væri að sýkja mjög margt fólk á stuttum tíma sé sporunum dreift út í andrúmsloftið í hagstæðri vindátt.



**Hvernig er miltisbrandur meðhöndlaður?**

Sýkillinn er næmur fyrir algengum sýklalyfjum, meðal annars penisilíni. Hægt er að gefa sýklalyf í forvarnarskyni þar til hætta á smiti er liðin hjá. Lyfin eru gefin í stórum skömmtum í tvo mánuði þar sem það getur liðið langur tími þar til gróin byrja að spora. Mikilvægt er að hefja meðferð strax. Bólusetning við miltisbrandi er einnig til en endist ekki vel. Því þarf fólk í smithættu að láta endurbólusetja sig á hverju ári.

Heimildir: Vísindavefur Háskóla Íslands og Wikipedia.


EINKA ÖRYGGISKERFI OG ÞJÓFAVARNARKERFI

MEÐ ÍSLENSKU TALI infinite prime OG TEXTA

*Ein fullkomnasta stjórnstöð sem völ er á fyrir heimili, sumarhús og fyrirtæki*



MEÐ FASTLÍNU HRINGJARA
VERÐ 59.990
EÐA KR. 4.999 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

MEÐ GSM/SMS HRINGJARA
VERÐ 83.990
EÐA KR. 6.999 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

- 32 þráðlaus svæði og 1 fyrir þráðkerfi
- Innbyggð talvél / skilaboðahólf
- Stór upplýstur LCD skjár
- Innbyggður hátalari og míkrafónn
- Hússtjórnareining til að fjarstýra tækjum
- Íslenskur leiðarvísir og margt fleira

INNIFALIÐ Í GRUNNPAKKA
- 33 SVÆÐA STJÓRNSTÖÐ
- 2 HREYFISKYNJARARAR
- 1 SEGULNEMI FYRIR HURÐ
- 1 FJARSTÝRING

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 • 2008

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT


**FRÉTTASKÝRING:** Vistvænir bílar




**LÚXUS-TENGILTVINNBÍLL** Tengil-tvinntæknin er ekki bara fyrir sparnaðardósir. Fisker Karma, lúxussportbíll sem hægt er er hlaða orku úr innstungunni heima, sést hér á bílasýningu. NORDICPHOTOS/AFP

# Tengiltvinnbílar á leiðinni

**Stærstu bílaframleiðendur heims keppast nú við að fullþróa svonefnda tengiltvinntækni með fjöldaframleiðslu og markaðssetningu út um allan heim að markmiði. Þessi tækni myndi henta íslenzkum aðstæðum mjög vel.**

Tvinnbílar (sem nefnast hybrids á ensku) á borð við Toyota Prius hafa nú þegar verið á markaði í áratug, en slíkur bíll er bæði knúinn hefðbundnum brennsluhreyfli (í Prius er bensínvél) og rafmótorum, en rafmagnið fyrir rafmótorana kemur allt úr brennslu eldsneytisins. Í tengiltvinnbíl (plug-in hybrid á ensku) er stærri rafgeymir sem hægt er að hlaða úr heimilisinnstungu, sem gerir kleift að knýja bílinn að mun meira leyti á rafmagni. Í tengil-tvinnbíl er hlutverk brennsluhreyfilsins fyrst og fremst að vera rafall til að hlaða rafgeymana og auka þannig drægi bílsins og orkunýtni.

Því má bæta við að það sem talað hefur verið um sem vetnisbíla er í raun tvinnbíll, þar sem í stað hefðbundins brunahreyfils er efnarafall sem gengur fyrir vetni.

**Tvinnbílar eru knúnir bæði rafmótor og brunahreyfli**

**Toyota hefur tilkynnt að tengilútgáfa af tvinnbílnum Prius, sem þegar hefur selzt í yfir milljón eintaka, sé væntanleg á markað árið 2010. Rafgeymana í tengil-tvinnbíl er hægt að hlaða úr heimilisinnstungu sem hefur í för með sér að þannig bíl er hægt að keyra að mestu á rafmagni.**

**Drifkerfið „Hybrid Synergy Drive“**




**Sparnaður yrði gríðarlegur**

Athuganir í Bandaríkjunum hafa leitt í ljós að um 70 prósent af öllum daglegum akstri einkabíla þar í landi sé innan við 50 kílómetrar þannig að ef bílar gætu gengið fyrir rafmagni fyrstu 50 kílómetrana sparaðist 70 prósent af eldsneytisnotkun og útblæstri alls bílaflotans.

Jafnvel í löndum þar sem rafmagn er framleitt með jarðefnaeldsneyti (kolum, olíu, jarðgasi) myndi orku- og útblásturssparnaðurinn vera mikill þar sem miklum mun minna af orkuinnihaldi eldsneytisins tapast við að nýta það til að knýja bíla með rafmagni framleiddu í orkuveri frekar en að brenna það í vél í hverjum bíl. En það blasir við að sparnaðurinn yrði langmestur í löndum þar sem háttar til eins og á Íslandi, þar sem yfrið nóg er af ódýru rafmagni framleiddu með endurnýjanlegu, útblásturslausu vatns- og jarðvarmaafli.

**Rafgeymatæknin lykilatriði**

Lykilatriði í því að gera tengiltvinnbíla (og hreinræktaða rafbíla) samkeppnishæfa eru framfarir í rafgeymatækni. Markmiðið er að rafgeymarnir geti geymt meira orkumagn á þyngdar- og rúmmálseiningu, séu hraðhlaðanlegir auk þess að vera öruggir, áreiðanlegir, endingargóðir og umhverfisvænir og hagkvæmir í framleiðslu. Eins og gefur að skilja er erfitt að uppfylla öll þessi skilyrði, en til að hraða þessari þróun hefur til að mynda Toyota keypt einn fremsta rafhlöðuframleiðanda heims (Matsushita/Panasonic) og varið háum fjárhæðum til rannsókna og þróunar á þessu sviði.

Fyrir skemmstu tilkynntu forsvarsmenn Toyota að fyrsta fjöldaframleidda tengilútgáfan af Priusbílnum yrði sett á markað á árinu 2010. Um borð í honum verður nýjasta kynslóðin af liþíum-jónarafgeymiístaðnikkel-málmhýdríðrafgeymanna sem notaðir hafa verið í tvinnbílum Toyota fram til þessa.

Hér á Íslandi hefur reyndar Prius sem breytt var í tengil-tvinnbíl verið í tilraunarekstri síðan síðasta haust.

Í fyrstu mun verksmiðju-tengil-Priusinn aðeins vera falur á kaupleigu, en innifalið í henni verður sérstök rafgeymatrygging þannig að bílnotandinn geti treyst því að komi upp vandamál tengd hinni dýru rafgeymatækni verði leyst úr þeim (rafgeymarnir endurnýjaðir), án þess að notandinn beri áhættuna.

**Kapphlaup**

Ford, GM og fleiri stórir bílaframleiðendur vinna einnig að þróun keppinauta við hina væntanlegu tengiltvinnbíla frá Toyota. Forsvarsmenn Ford hvöttu á dögunum bandarísk stjórnvöld til að leggja meira af mörkum til að hvetja til þróunar og markaðssetningar tengil-tvinnbíla vestra. „Ríkisstjórnir Japans, Kína, Kóreu og Indlands leggja allar umtalsvert fjármagn til rannsóknar, þróunar og markaðssetningar tengiltvinntækninnar. Þetta er kapphlaup sem við [les: Bandaríkjamenn] verðum að vinna,“ sagði Mark Fields, forstjóri Ford í Norður- og Suður-Ameríku, á ráðstefnu í Washington fyrr í þessum mánuði.

Demókratar á Bandaríkjaþingi hafa lagt til 3.000 dala skattafslátt, andvirði yfir 250.000 króna, fyrir þá sem kaupa sér tengiltvinnbíl, en margir telja að mun víðtækari hvatningu þurfi ef takast á að flýta þróun og markaðssetningu þessara bíla svo um munar. Bandaríska orkumálaráðuneytið tilkynnti reyndar á dögunum að það hefði samið um að leggja 30 milljónir dala, um tvo og hálfan milljarð króna, til þriggja þróunarverkefna á sviði tengiltvinntækni.

**GM, Ford og margir fleiri**

General Motors er langt komið með að fullþróa tengiltvinnbílinn Chevrolet Volt og systurútgáfur hans – einkum Evrópumarkaðsútgáfuna Opel Flextreme sem verður með dísilvél auk rafdrifsins. Stefnt er að markaðssetningu Volt árið 2010, en það gæti dregizt.

Ford, sem hefur selt mikið af Escape-jepplingnum í tvinnútgáfu vestra, er með flota af slíkum bílum í tengilútgáfu í tilraunaakstri í Kaliforníu. Fyrirtækið hefur þó ekki dagsett það hvenær sá bíll verður falur í fjöldaframleiðslu. Volvo-verksmiðjurnar sænsku, sem eru í eigu Ford, eru líka að þróa tengiltvinnbíl þar sem brennsluhreyfillinn gengur fyrir etanóli.

Svona mætti lengi áfram telja ef farið er yfir sviðið hvað bílaframleiðendur heimsins eru að gera til að tryggja sér hlutdeild í vistvænu bílabyltingunni.

**Hvað gera Íslendingar?**

Í stuttu máli má segja að það styttist mjög í að úrval tengil-tvinnbíla verði í boði. Nú er bara spurningin hvað Íslendingar, bæði stjórnvöld og almenningur, hyggjast gera til að hraða því að þessi tækni komist í notkun hér á landi, með tilliti til þess hversu mjög hún myndi koma hag bæði íslenzka þjóðarbúsins og hins almenna bílnotanda vel, svo ekki sé minnzt á útblásturssparnaðinn.




FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# Sól og sumar

## Gerðu vel við þig og þína




**20% afsláttur**

**Veet strimlar** – einfalt og fljótlegt.




**Þægilegur fatnaður frá Pompea**
í björtum og glaðlegum sumarlitum. Njóttu sumarsins!




**2 fyrir 1**

**Body Fantasy** ilmur 50 ml




**AstaZan**
Strax brún í sól – eitt hylki á dag. Andoxunarefni sem hefur slegið í gegn. Lagar fljótt vöðvabólgur og eymsli, eykur styrk og þol vöðva. Takið inn nokkrum dögum áður en farið er í sól, húðin verður fallega sólgyllt og mjúk.




**Proderm**
Proderm – 6 klst. örugg sólvörn. Þolir svita, sjó, sund, leik og handklæðaþurrkun. Vörnin er virk strax! Engin fituáferð og verndar húðina gegn ertandi efnum. Meðmæli húðlækna.




**Kaupauki**

**Broadway Tips & Toes**
Augnhár fylgja með kaupum á Broadway Tips & Toes (meðan birgðir endast).

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 42731 06.2008

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.449 **-1,58%**

**Fjöldi viðskipta:** 209
**Velta:** 4.230 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ÖSSUR** | +1,09% | **ÖSSUR** | +1,09% |
| **ICELANDAIR** | +0,31% | **ICELANDAIR** | +0,31% |
| **CENTURY ALUM** | +0,28% | **CENTURY AL.** | +0,28% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,40 -0,31% ... Bakkavör 29,40 -3,14% ... Eimskipafélagið 14,3 +0,00% ... Exista 7,65 -5,32% ... Glitnir 15,90 -0,15% ... Icelandair Group 16,10 +0,31% ... Kaupþing 779,00 -2,26% ... Landsbankinn 23,30 +0,22% ... Marel 90,50 +0,11% ... SPRON 3,43 -5,77% ... Straumur-Burðarás 9,95 -0,50% ... Teymi 2,07 +0,00 ... Össur 92,10 +1,09%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hluthafar í Moss Bros heimta skýringar

Hluthafar í Moss Bros krefjast þess að stjórnarformaður félagsins skýri tengsl sín við Baug.

Baugur er stærsti hluthafinn í Moss Bros, og á þriðjung, og hætti nýlega við að taka félagið yfir, en viðræður höfðu þá staðið mánuðum saman. Baugur hafði boðið fjörutíu milljónir punda fyrir félagið.

Fram kemur í breska blaðinu Telegraph, að talsmaður Moss-fjölskyldunnar hefði á aðalfundi félagsins fullyrt að Baugur hefði stillt stjórnarformanninum upp við vegg, væntanlega í tengslum við yfirtökuviðræðurnar en það er ekki skýrt í grein Telegraph. Haft er eftir talsmanninum að samband stjórnarformannsins og einstakra hluthafa þyrfti að vera skýrt. **- ikh**



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Hluthafar í Moss Bros vilja vita hver samskipti stjórnarformannsins eru við Baug. Þar er Jón Ásgeir starfandi stjórnarformaður.

# Kvartað undan Landsbanka

**„Við lítum á okkar gögn og skoðum hvort þau rökstyðji þær ávirðingar sem bornar eru á borð," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.**

**Formlegar og óformlegar kvartanir hafa borist vegna viðskipta Landsbankans með íbúðabréf, daginn sem ríkisstjórnin tilkynnti um breytingar á sjóðnum. „Einhverjir telja að bankinn hafi búið yfir upplýsingum um það sem gerðist síðar um daginn."**

**Þórður segir óvíst um niðurstöðu og enginn verði dæmdur fyrirfram. „Reynist eitthvað hæft í þessu, þá væri það mál Fjármálaeftirlitsins." - ikh**

# Dalurinn fjarlægur möguleiki

„Það er fjarlægur möguleiki að taka upp dollara á Íslandi," segir Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í vikunni að mikil viðskipti Íslendinga færu nú fram í Bandaríkjadölum og upptaka dalsins væri því rökréttari lausn en innganga í myntbandalag Evrópu.

Gylfi segir það rétt að Ísland eigi í talsverðum viðskiptum í dölum en ekki sérstaklega við Bandaríkin. Hann bendir á að margt sem við verslum með er verðlagt í dölum, svo sem ál og olía. Gylfi bætir við að pundið, svissneski frankinn eða norrænu gjaldmiðlarnir séu álíka langsóttir möguleikar í gjaldeyrismálum og upptaka dalsins.

„Ekkert bendir til þess að við getum tekið upp dollarann með stuðningi bandaríska seðlabankans. Þar sem þeir sjá sér engan hag í því að ábyrgjast notkun Íslendinga á dollurum," segir Gylfi.

„Það er ólíku saman að jafna ef við færum í Evrópusambandið og tækjum upp evruna með fullu samþykki Evrópska seðlabankans. Þá hefðum við stuðning hans, sem er miklu þægilegri staða en að nota einhvern gjaldmiðil sem við getum ekki prentað út og höfum engan aðgang að viðkomandi seðlabanka," segir hann. **- bþa**



**LÍTIL VIÐSKIPTI VIÐ BANDARÍKIN** Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, segir að skortur á lánveitanda til þrautavara og lítil viðskipti við Bandaríkin geri upptöku dalsins að fjarlægum möguleika. MARKAÐURINN/PJETUR

# Óbreyttir vextir í Bandaríkjunum

Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað að halda stýrivöxtum óbreyttum í tveimur prósentum á vaxtaákvörðunarfundi í fyrradag.

Tólf mánaða verðbólga í Bandaríkjunum mælist nú 4,2 prósent. Bankastjórnin gerir ráð fyrir því að verðbólga dragist saman seint á þessu ári og því næsta þrátt fyrir mikla óvissu um þróun olíu- og hrávöruverðs.

Ákvörðun bankastjórnarinnar var í takt við væntingar markaðsaðila en þó hækkuðu markaðir í gær. Við lokun markaða hafði Dow Jones hækkað um 0,09 prósent og Nasdaq-vísitalan um 1,38 prósent.

Í tilkynningu bankastjórnar kemur fram að þrátt fyrir áframhaldandi vöxt hefur bankinn áhyggjur af fjármálamörkuðum og auknu atvinnuleysi. Bankastjórnin segir einnig að bankinn muni áfram veita lausafé til markaðarins til að efla hagvöxt á komandi árum. **- bþa**

# Íslandi betur borgið með upptöku evru

„Samtök verslunar og þjónustu telja Íslandi betur borgið með upptöku evru," segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. Hann telur að þær aðgerðir sem Seðlabankinn hefur staðið fyrir hafi reynst algjörlega bitlausar. „Menn hljóta þess vegna að leita annarra leiða til þess að koma hér á stöðugleika," segir hann.

Kostirnir við upptöku evru fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki í landinu segir hann vega upp kosti krónunnar. Andrés telur umræðuna um möguleika á einhliða upptöku evru á villigötum. „Mér hefur alla tíð þótt sú umræða galin," segir hann.

Samtök verslunar og þjónustu hvetja íslensk stjórnvöld til þess að lýsa yfir vilja til að undirbúa viðræður um aðild að Evrópusambandinu.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem samtökin kynntu á þriðjudaginn var um stefnu sem þau hafa mótað sér varðandi umræðu um aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evru.

Samtökin óska eftir því að á sama tíma fari fram ítarlegar, hlutlausar og fordómalausar umræður á opinberum vettvangi um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu.

Jafnframt hvetja samtökin til þess að stjórnvöld kalli til samstarfs fulltrúa atvinnulífsins og aðra hagsmunaaðila í því skyni að fjalla um hvaða forsendur þurfi að vera til staðar til að aðild að Evrópusambandinu teljist fýsilegur kostur. **-as**



**ANDRÉS MAGNÚSSON** Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Áhættufælni veikir krónuna

„Áhættufælni hefur aukist verulega undanfarnar vikur og krónan, líkt og aðrar áhættumeiri fjárfestingar, á verulega undir högg að sækja við slíkar aðstæður," segir Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá greiningu Glitnis.

Í nýrri spá Glitnis um þróun gengis krónunnar og stýrivaxta segir einnig að erfiðar aðstæður á alþjóðlegum láns- og lausafjármörkuðum, birting slakra uppgjöra vestanhafs ásamt hækkandi skuldatryggingarálagi á íslenska ríkið og bankana séu meginorsakir gengislækkunar krónunnar að undanförnu.

Í spánni er gert ráð fyrir að lækkunarferli stýrivaxta hefjist seint á þessu ári og þeir verði komnir í fimmtán prósent í lok þessa árs og átta prósent árið 2009.

Jón Bjarki segir að verðbólga um þessar mundir sé drifin af þáttum sem Seðlabankinn hefur ekki beint áhrif á, til dæmis olíuverðshækkunum og gengisfalli krónunnar. Hann bendir auk þess á að húsnæðisverð hafi farið lækkandi og dregið hafi úr launaskriði sem létti mjög á verðbólguþrýstingi. Lægri verðbólga gerir Seðlabankanum kleift að lækka stýrivexti hratt á næstu misserum. **- bþa**



**JÓN BJARKI BENTSSON** Hagfræðingur hjá Glitni. MARKAÐURINN/HARALDUR




# Keppni í heppni!

**Á morgun vinnur heppinn áskrifandi að Lottóinu ferð á Ólympíuleikana í Peking í ágúst.**

**Ert þú áskrifandi?**

Lottó

www.ellingsen.is

# Láttu fara vel um þig á Landsmóti hestamanna






- Árgerð 2008
- Rafgeymir 12 V 115 amp
- Stærð opinn 650x267 cm
- Stærð lokaður 462x226 cm
- Lengd kassa 10 fet
- Hæð að innan 203 cm
- Eigin þyngd 805 kg
- Heildarþyngd 1356 kg

**Tilboðsverð á Santa Fe 1.490.000 kr.**

**Aukahlutapakki fylgir!**
Sólarsella, þakskyggni, vifta með ljósi og kaskótrygging í eitt ár
Heildarverðmæti **214.225 kr.**



**Aukahlutapakki fylgir!**
Sólarsella, þakskyggni, vifta með ljósi og kaskótrygging í eitt ár
Heildarverðmæti **220.975 kr.**

- Árgerð 2008
- Rafgeymir 12 V 115 amp
- Stærð opinn 765x358 cm
- Stærð lokaður 584x226 cm
- Lengd kassa 12 fet
- Hæð að innan 203 cm
- Eigin þyngd 1198 kg
- Heildarþyngd 1587 kg

**Tilboðsverð á Utah 1.890.000 kr.**




## Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægileg í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr ósamsettum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Áfastir rúmfætur
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302-tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Sandskeifur
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasísskápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari
- Truma®-vatnshitari
- FM/AM-útvarp/geislaspilari
- Klósett – Utah
- Grjót- og vatnsþolið geymsluhólf að framan úr steyptu plasti – Utah

FLEETWOOD

KASKÓ-TRYGGING í eitt ár

90% FJÁRMÖGNUN

**Bjóðum Santa Fe- og Utah-fellihýsi frá Fleetwood á tilboðsverði. Hverju seldu hýsi fylgir veglegur aukahlutapakki í kaupbæti. Afgreidd tilbúin – þú þarft bara að hengja hýsið aftan í bílinn.**

**Athugið! Hýsin eru einnig til sýnis og sölu við Olís-stöðina að Þrúðvangi 2, Hellu.**

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–17 og sunnud. 13–17
Söluaðilar: BÍLASALA AKUREYRAR & BÍLASALA AUSTURLANDS

Ellingsen
*– fullt hús ævintýra*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Orkusölumenn eru á fullu.

## Slæm tímasetning

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Til að teljast trúverðugur stjórnmálamaður verður þú að standa við stefnu þína og orð svo fólk geti treyst þér. Þá skoðun hefur iðnaðarráðherrann nýlega ítrekað í einum af sínum spjallpistlum.

Líklega hefur sú skoðun ekki flækst fyrir vitunum á honum þegar hann settist niður með penna í gær og framlengdi viljayfirlýsingu með nafninu sínu við hlið varaforstjóra Alcoa um að haldið yrði áfram undirbúningi fyrir álver á Bakka. Gildistími hennar var að vísu eitthvað styttri en nær tveggja ára gömul viljayfirlýsing sem var útrunnin, mest vegna þess hversu illa Alcoa hefur nýtt tímann til þeirrar vinnu sem til þarf: hagkvæmnisúttekt er ekki lokið, orka ekki fundin þótt menn ákafir um stóriðju á Norðurlandi eystra hafi áhuga á að ráðast með orkuversframkvæmdir inn á Þeistareyki en nýta einnig orku frá Kröflu og Bjarnarflagi.

Á Bakka skal rísa 250 þúsund tonna álver. Raunar vonast Alcóar eftir að meiri orka finnist á svæðinu svo stækka megi verksmiðjuna þar enn frekar. Við endurbætur í Straumsvík horfa menn á sextíu þúsund tonna viðbót og þá er Helguvík eftir. Þegar er komið samþykki fyrir tveimur af þremur virkjunum í Þjórsá. Ráðamenn ríkis og sveitarfélaga halda áfram orkusölustefnunni af trúarhita. Þar er enginn hægagangur. Ekki eins og tiltekinn stjórnmálaflokkur sem iðnaðarráðherrann tilheyrir hét kjósendum sínum fyrir kosningar sem komu honum til valda.

Til að teljast trúverðugur stjórnmálamaður verður þú að hafa góðan spunameistara. Gaman verður að sjá Einar Karl Haraldsson taka spretti næstu sólarhringa til varnar húsbónda sínum. Össur Skarphéðinsson kannaðist ekki við það í gær að hann færi gegn yfirlýstri kosningastefnu Samfylkingarinnar, allt sem tengdist áætlunum á Bakka var byrjað eða búið áður en Samfylkingin náði valdastólum í ríkisstjórn og er því að áliti ráðherrans ekki á nokkurn hátt á hans ábyrgð. Trúverðugleiki hans sem stjórnmálamanns eins og nýþveginn bolur, skjannahvítur.

Tímasetningin er að vísu erfið: nýleg könnun Fréttablaðsins sýndi að þjóðin leggst gegn frekari stóriðjuframkvæmdum. Almenningur trúir ekki lengur á þá hagspeki að þensla keyrð áfram á ódýrri orku, virkjunum og hráefnisframleiðslu fyrir erlendar málmsteypur sé skynsamleg. Þjóðin lærði af biturri reynslu á fáum árum að slíkt flas er ekki til fagnaðar – enn er ekki séð fyrir endann á því þensluskeiði. Fólk uggir að sér.

Og fleira leggst gegn stefnu þeirra gömlu Þjóðviljabræðra: á laugardag safnar Björk liði gegn stefnu þeirra – í verki. Það er þungur straumur undir þeirri öldu og hún er ekki ein, báran sem fellur um helgina, fleiri fylgja. Og hvað verður þá um sprekin á ströndinni? Þau berast til og frá með fallinu.

Pólitískum örlögum sínum ráða menn oftast sjálfir. Þeir kunna að treysta á að talandinn og tryggðin dugi til áframhaldandi framfærslu á þingmannsbekk. Haldi Samfylkingarráðherrar áfram uppteknum hætti getur þrennt hent þá í næstu kosningum: kjósendur þeirra þreyttir á sviksemi leita annað, gleymska og vongleði tryggir þeim áframhaldandi setu með svipuðu framferði uns ferli þeirra lýkur, eða að þeir verða strikaðir út. Til þess þarf ekki annað en góðan penna og traust minni kjósenda um gefin fyrirheit og svikin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að eða á

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra var ekki í vandræðum með að útskýra það að nýtt álver á Bakka væri á engan hátt brotthvarf frá stefnu Samfylkingarinnar um engin ný álver. Það samræmdist alveg umhverfisstefnu flokksins, Fagra Ísland, enda væri ekkert sérstaklega fagurt á Bakka og lítið að vernda þar.



Hefur þetta orðið mönnum tilefni íhugana. Er möguleiki að iðnaðarráðherra hafi misskilið stefnuna? Að þegar sagt var „Flokkurinn ætlar að bakka með álver“ hafi hann heyrt „Flokkurinn ætlar á Bakka með álver“? Spyr sá sem ekki veit.

### Goðsögnin felld

Össur gerir það ekki endasleppt þessa dagana. Á síðu sinni skrifar hann um það þegar Jón Baldvin fór í stjórn með Sjálfstæðisflokknum og „ruddi þar með brautina fyrir sigurgöngu Davíðs Oddssonar“.

Skýring Jóns á Viðeyjarstjórninni hefur alltaf verið sú að þarna hafi hann allt að því hent Ólafi Ragnari úr bóli Davíðs og sjálfur skriðið upp í.



Össur vill meina að þegar hafi verið gengið frá stjórnarmyndun áður en hann og aðrir ungir þingmenn fengu að vita af henni og Jón Baldvin hefði betur þegið boð Ólafs Ragnars um forsætisráðherrastólinn. Spurning hvort Jón Baldvin endurskrifi æviminningarnar?

### Gúrkan búin

Nýverið féll dómur í nágrannaerjum. Einn íbúi raðhúsalengju neitaði að taka þátt í kostnaði við þakviðgerðir á þeirri forsendu að þak hans væri í fínu lagi. Héraðsdómur dæmdi manninn til töluverðra fjárútláta.

Viðkomandi, sem heitir Herbert Guðmundsson, vildi ekki tjá sig við blaðamenn Vísis. Nó komment, sagði kappinn. Ekki er þó að örvænta því hann mun boða til blaðamannafundar um málið innan skamms, enda margt að skýra. Kannski Guðjón Bergmann verði með honum og tjái sig nánar um búsetuplön sín?

Blaðamönnum er létt því loksins er gúrkan búin.

kolbeinn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ



# Fleiri virkjanir!



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**
**Í DAG** | Efnahagsmál

Enn fjölgar uppsögnum. Fátt er ömurlegra en að fá uppsagnarbréf í hendur. Síðustu ár hefur að vísu verið auðvelt að útvega sér aðra vinnu, en það er smám saman að breytast. Samdráttur atvinnulífsins er að segja til sín. Hann var að sumu leyti fyrirsjáanlegur eftir hinar miklu virkjunarframkvæmdir á hálendinu. En Íslendingar voru svo óheppnir, að um leið skall á hörð lánsfjárkreppa í heiminum, og til að bæta gráu ofan á svart hækkuðu stórkostlega á alþjóðamarkaði tvær lífsnauðsynjar, matvæli og eldsneyti.

Við getum ekki gert að þessum erfiðleikum. En það merkir ekki, að við getum ekkert gert til að minnka þá. Í kínversku má með einu pennastriki breyta táknunum fyrir kreppu í tákn fyrir tækifæri. Í fyrsta lagi er til hefðbundið úrræði, sem hagfræðingar mæla jafnan með í samdrætti. Það er að lækka skatta á fyrirtækjum og fólki. Þá eykst ráðstöfunarfé fólks og með því væntanlega fjárfesting og neysla. Bílar og hús verða ekki lengur óseljanleg. Nú er rétti tíminn til að lækka skatta myndarlega, til dæmis um 3% á fyrirtækjum, í 12%, og um 6% á þann hluta tekjuskattsins, sem ríkið fær, í 17%.

Annað hefðbundið úrræði er til í niðursveiflu, að auka nytsamlegar framkvæmdir. Ég er enginn áhugamaður um opinberar framkvæmdir, en hlýt að viðurkenna, að nýlegar vegabætur á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi auðvelda lífið og tengja saman byggðir frá Snæfellsnesi í Vík í Mýrdal, svo að þær mynda allt að því einn markað, og það er æskilegt frá sjónarmiði frjálshyggjumanna séð. Því stærri sem markaðurinn er, því betri skilyrði eru til frjálsrar samkeppni. Þetta hefur raunar komið vel í ljós, því að talsvert er keppt um jarðir á þessu svæði, svo að þær hafa hækkað í verði. Samgöngubætur hafa margvíslegar aðrar jákvæðar afleiðingar, ekki allar sýnilegar eða mælanlegar.

Þriðja úrræðið blasir við. Þar er tækifærið. Skyndilega hefur myndast skortur á orku í heiminum. Við Íslendingar eigum tvenns konar orkugjafa, fallvötnin og jarðvarmann, sem við höfum nýtt með góðum árangri. Þessir orkugjafar eru öðrum umhverfisvænni, einkum fallvötnin, og prýði er að þeim stöðuvötnum, sem myndast hafa á hálendinu sem uppistöðulón virkjana. Orkufrek fyrirtæki erlend hafa mikinn áhuga á viðskiptum við Íslendinga. Við eigum þess vegna að snarfjölga virkjunum á Íslandi og minnka með því fyrirsjáanlega erfiðleika næstu missera.

Auðvitað hljóta nýjar virkjanir að lúta þremur skilyrðum. Í fyrsta lagi verða þær að vera arðbærar. Ástæðulaust er að selja rafmagn á útsöluverði. Í öðru lagi þurfa virkjanirnar sjálfar að vera umhverfisvænar. Í þriðja lagi verða þau fyrirtæki, sem kaupa orkuna, hvort sem þau reka álver, járnblendiverksmiðjur eða netþjóna, líka að vera umhverfisvæn. Sem betur fer hefur mengun frá álverum stórlega minnkað með nýjum tæknibúnaði, svo að ekki þarf að hafa af þessu verulegar áhyggjur.

Við megum ekki snúa bakinu við því fólki, sem hefur fengið uppsagnarbréf síðustu mánuði, eða hinu, sem á von á slíkum sendingum. Draumlyndir sveimhugar íslenskir halda, að rétta ráðið gegn myrkrinu sé að syngja um ljósið. Hitt er miklu skynsamlegra, að kveikja á ljósum. Hér eru ljósin fjögur skattalækkanir, vegabætur og virkjanir vatnsafls og jarðvarma.

# Frábært verð

OPIÐ til 20 alla daga

## á garðhúsgögnum og grillum



### Butterfly sett

Stækkanlegt borð

**26.999kr**

Samfellanlegur stóll með örmum

**4.999kr**



### Octagonal sett

Átthyrnt borð með fjórum samfellanlegum stólum.

**24.999kr.**



### Bistro sett

Samfellanlegt borð og tveir samfellanlegir stólar.

**14.999kr.**

## *Tökum gamla grillið uppí á 10.000kr* gildir aðeins fyrir grill í þessari auglýsingu.

### Grandhall Premium 323

- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Hitaplata úr pottjárni
- Ytra byrði úr stáli með háglans áferð
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir



**79.999stk.**

**Þú borgar 69.999kr ef þú skilar gamla grillinu**

### Grandhall Classic 219

- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4.5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar stálgrindur til eldunar
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjukerfi
- 430 ryðfrítt stál
- Innbyggður hitamælir



**59.999stk.**

**Þú borgar 49.999kr ef þú skilar gamla grillinu**

### Foshan gasgrill

- 11,15kWh, 3 brennara
- Eldunargrindur úr pottjárni
- Hliðarhella
- Skápur með hurðum
- Innbyggður hitamælir
- Elektrónískt kveikjukerfi
- Tvö læsanleg dekk



**39.999stk.**

**Þú borgar 29.999kr ef þú skilar gamla grillinu**

### Mjúk karfa

Frábær í garðinn, hentug undir garðverkfærin, plöntumold, garðúrgang o.fl



**799kr.**

### Garðahanskar

**299kr.**



### Garðskófla



**299kr.**

Gildir til 29.júní 2008 eða á meðan birgðir endast.
* Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.
Gamla grillið upp í á 10.000kr gildir aðeins fyrir grill í þessari auglýsingu.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



800 5555
Alla daga frá 10 til 22


Linde Gas AGA


# Flugfélög án flugmanna

**UMRÆÐAN**
Jóhannes Bjarni Guðmundsson skrifar um kjör flugmanna


JÓHANNES BJARNI GUÐMUNDSSON

Það ríkir hörð samkeppni um flugfarþega á Íslandi og ekki hvað síst núna þegar virðist kreppa að í fjárhagi almennings og hátt eldsneytisverð að sliga fólk og fyrirtæki. Það er mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir hvað flugfarþegar eru að kaupa í farmiða og hvað þau fyrirtæki sem selja miðann standa fyrir.

Fyrirtækið Iceland Express kallar sig lágfargjaldaflugfélag, en er ekki flugrekandi, sem sagt handhafi flugrekstrarleyfis frá Flugmálastjórn Íslands. Það þýðir að Iceland Express býr ekki við þær kvaðir eða skyldur sem almennt tíðkast um þau fyrirtæki sem kalla sig flugfélög. Þegar þú kaupir farmiða með Iceland Express ertu að í raun að kaupa farmiða með erlendum flugfélögum. Flugfélög sem fljúga undir merkjum Iceland Express eru t.d. svissneska flugfélagið FlyHello og breska félagið Astraeus. Þau eru bæði með útgefin flugrekstrarleyfi í sínu heimalandi, FlyHello í Sviss og Astraeus í Bretlandi. Engir flugmenn sem vinna hjá þessum félögum starfa samkvæmt íslenskum kjarasamningi.

Á síðustu árum hefur orðið vakning í umræðu um starfsmannaleigur og kjör manna sem starfa á þeirra vegum. Um margra ára skeið hafa ýmis flugfélög nýtt sér slíkar leigur, enda sparar það fyrirtækjunum oftar en ekki ómakið að skila lögbundnum sköttum og gjöldum til okkar sameiginlega sjóðs, ríkissjóðs. Með verktakasamningi fellur það í hlut viðkomandi verktaka, flugmanns í tilviki flugfélaga, að skila lögbundnum gjöldum af sínum tekjum, eins og lífeyrissjóðsgjöldum, tryggingagjöldum og tekjuskatti.

Hjá fyrirtækjum sem selja flugsæti til og frá Íslandi starfa a.m.k. tugir, jafnvel hundruð flugmanna sem fyrirtækin og viðkomandi flugmenn kalla verktaka en eru í raun launþegar. Þarna er brotalöm sem verður að laga, því það kemur á endanum niður á samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Þau fyrirtæki sem hafa allt sitt upp á borðinu og leggja sig fram um að greiða það sem þeim ber verða á endanum undir í ósanngjarnri samkeppni. Stéttarfélag flugmanna á Íslandi (FÍA) hefur sent tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins formlegt erindi þar sem óskað er svara um framkvæmd skattalöggjafarinnar hvað þessi mál varðar. Stjórnvöld þurfa að svara því hverjar eru skattalegar skyldur íslenskra flugfélaga og annarra þeirra sem standa að slíkum rekstri. Þ.e. fyrirtækja sem eiga, leigja eða reka loftför skráð á Íslandi eða utan lands, eða þau sem leigja loftför til verkefna fyrir íslenska aðila með eða án flugmanna.

*Hjá fyrirtækjum sem selja flugsæti til og frá Íslandi starfa a.m.k. tugir, jafnvel hundruð flugmanna sem fyrirtækin og viðkomandi flugmenn kalla verktaka en eru í raun launþegar.*

*Höfundur er formaður FÍA.*

# Innistæðulaus ríkisstjórn

**UMRÆÐAN**
Hlini Melsteð Jóngeirsson skrifar um ríkisstjórnina


HLINI MELSTEÐ JÓNGEIRSSON

Það er ekki að sjá að sú Samfylking sem lofaði miklu í síðustu kosningabaráttu sé við völd í þeirri ríkistjórn sem er í dag. Kosningaloforð Samfylkingarinnar voru margvísleg. Hvergi er að finna efndir fjölda þeirra fögru fyrirheita sem komu fram í kosningabaráttunni sl. vor. Ekki fá nemendur fríar skólabækur eins og lofað var, til að kaupa atkvæði þeirra fyrir ári. Sá gúmmítékki er ógreiddur hjá ríkisstjórninni.

Ekki er heldur að finna neina atvinnustefnu hjá ríkisstjórninni og miklu púðri er eytt í að dásama framtak einkavæðingar sem ákveðið hefur verið að nota í heilbrigðiskerfi Íslendinga. Það er alveg ljóst að einkavæðingin mun hunsa þau erfiðu og óhagstæðu verkefni sem er að finna í heilbrigðiskerfinu og draga til sín bestu læknana frá þeim sérfræðisviðum þar sem þörfin er mest. Frekar þarf að breyta hugsunarhætti einstaklinganna en að búa til gróðatækifæri í kerfi sem á ekki og má ekki mismuna þegnum í landinu. Frekar þarf að auka forvarnir innan hins almenna kerfis. Fjölga þarf heimilislæknum og greiða þeim bónus fyrir að hafa sína sjúklinga með betri meðaltalsheilsu en gengur og gerist. Þetta myndi hvetja til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu en hins vegar myndi aukning einkavæðingar auka kostnað til lengri tíma séð.

En þrátt fyrir svik kosningaloforðanna getur þó forysta meirihlutaflokkanna brosað breitt fyrir framan myndavélar fjölmiðla meðan ráðherrarnir millilenda hér á landi á leið sinni milli heimsálfanna.

Það er samt eitt sem skal hafa í huga þegar við skoðum stöðuna eins og hún er í dag. Þau vandamál sem þessi ríkistjórn tekst á við í dag eru ekki ólík þeim sem fyrri ríkisstjórn átti við að etja. Raunar var staðan enn verri á köflum en ávallt var gripið til viðeigandi ráðstafana og vandamál voru leyst farsællega. Núverandi ríkisstjórn sýnist ekki hafa neina burði í að taka á þeim vandamálum sem blasa við, aðgerðaleysið er algert á köflum.

Þó er mikil kaldhæðni að eitt af fyrri verkum Framsóknarflokksins mun nú hjálpa ríkisstjórninni við að draga úr viðskiptahallanum. Álútflutningur hefur stóraukist síðan álverin á Reyðarfirði og á Grundartanga náðu fullri afkastagetu nú á dögunum og sá útflutningur mun minnka viðskiptahallann verulega á næstu árum. Spár sýna að hallinn gæti minnkað frá 16% niður í 10% strax á næsta ári.

Það liggur ljóst fyrir að það verður að fara að lækka hina himinháu stýrivexti Seðlabankans til að auka hagvöxt. Fólk og fyrirtæki eru að fara í þrot vegna þeirra ofurvaxta sem eru á lánum þeirra. Fyrirtæki eru farin að segja starfsmönnum sínum upp í hópum og talsmenn verkalýðsfélaga segja þetta bara byrjunina. Atvinnuleysi er það sem við viljum síst, en það er greinilega hluti hagstjórnarstefnu þessarar ríkisstjórnar.

*Höfundur er ritstjóri SUF.*

# Eru háskólaprófessorar skrifandi á íslenzku?

**UMRÆÐAN**
Sigurður Gizurarson skrifar um íslenskt mál


SIGURÐUR GIZURARSON

Í Fréttablaðinu sunnudaginn 22. júní sl. birtist á bls. 2 grein sem bar fyrirsögnina „Háskólanemar varla skrifandi á íslensku“. Undirfyrirsögn greinarinnar var: „Lagaprófessor segir vankunnáttu háskólanema aftra kennurum í starfi sínu. Rektor Háskóla Íslands tekur undir það og segir nauðsynlegt að gerðar verði strangari kröfur um íslenzkukunnáttu á fyrri stigum skólakerfisins.“ Haft er eftir Sigurði Líndal lagaprófessor, að vankunnátta háskólanemenda í íslensku valdi kennurum auknu álagi. Hann bætir við: „Mér finnst áberandi hversu margir nemar í háskóla virðast ekki geta skrifað skilmerkilegan texta eða komið frá sér hugsun svo að heil brú sé í. Auk þess eru allt of margir ágallar á frágangi og stafsetningu. [...] Ég held því nefnilega fram, að það að skrifa skýran og skilmerkilegan texta sé gríðarlegt hagræðingaratriði.“

Ummæli Sigurðar Líndals eru einkar athyglisverð, af því að sjálfur er hann ekki skrifandi á íslenzku. Lítum á eftirfarandi setningu í *Um lög og lögfræði* (Rvík 2003) á bls. 329: „Þegar hins vegar kemur að því að ákvarða hvað hafa *beri* til viðmiðunar þegar skera á úr *hvort* regla *sé* lagaregla *skilja* leiðir.“ (Leturbreytingar mínar) Rétt væri að segja „hvað hafa *ber* til viðmiðunar þegar skera skal úr hvort regla *er* lagaregla“. Slíkur framsetningarmáti er að vísu orðinn æði algengur nú á dögum, m.a. sífellt notaður í íslenzkum fjölmiðlum, en er órökréttur og til marks um málfarslega hnignun.

Samkvæmt upprunalegum íslenzkum málfræðireglum, sem rökréttar verða að teljast, vísa tengingarnar „hvað“ og „hvort“ ekki til viðtengingarháttar, þ.e. ekki til einhvers sem er óraunverulegt og óvíst, heldur til framsöguháttar, þ.e. til þess sem er raunverulegt og víst. Þegar um staðhæfingu er að ræða sem er ætlað að vera vísindaleg, er viðtengingarháttur bæði málfræðilega og rökfræðilega rangur og afar ankannalegur. Sigurður segir einnig í ofangreindri setningu „þegar skera á úr hvort regla *sé* lagaregla *skilja* leiðir“, sem er rangt mál. Rétt mál er hins vegar „þegar skera á úr hvort regla *er* lagaregla *skilur* leiðir.“ Sagnorðið er ópersónulegt. Ekki þarf að taka fram, að fjöldi málvillna í heilli bók upp á meira en 400 blaðsíður er umtalsverður, úr því að finna má þrjár villur í einni setningu.

Ekki aðeins hefur Sigurður Líndal lítil tök á íslenzku máli, heldur er texti hans afar ruglingslegur. Þannig er t.d. ofangreind setning óskiljanleg, þótt reynt sé að finna henni vitræna merkingu með því að skoða hana í samhengi við næstu setningar á undan. En hvernig hefur þá slík ruglingsleg setning ratað inn í texta Sigurðar Líndals? Skýringin sýnist vera eftirfarandi: Í yfirliti brezka réttarheimspekingsins H.L.A. Harts í *The Concept of Law* á bls. 302 telur hann upp nokkrar staðhæfingar, sem gjarnan eru kenndar við lagasethyggju (legal positivism). Þar er m.a. undir tl. 5 að finna svohljóðandi staðhæfingu, sem Hart þó tekur alls ekki sjálfur undir: „moral judgments cannot be established, as statements of fact can, by rational argument, evidence or proof“: „non-cognitivism in ethics“.

*Af því sem hér hefur verið sagt ætti að vera ljóst, að Sigurður Líndal er ekki skrifandi á íslenzku...*

Á íslenzku hefur staðhæfing þessi svofellda merkingu: „Siðferðilega dóma er ekki unnt að fella með sama hætti og þegar staðreyndum er lýst með því að beita rökstuðningi, leggja fram óræk gögn eða beita sönnunarfærslu.“ Forsenda staðhæfingarinnar er, að unnt sé að fella siðferðilega dóma. Á bls. 69 í *Um lög og lögfræði* þýðir Sigurður Líndal staðhæfingu þessa ranglega með svofelldum hætti: „Að siðadómar verði ekki felldir né þeim haldið fram sem staðreyndum með vitrænum rökum, vitnisburðum eða sönnunum.“ Hann misskilur texta Harts á þann veg, að ekki sé unnt að fella siðferðisdóma. Auk þess klýfur hann setninguna í tvennt, sem er rökfræðilega óheimilt. Þannig verða til tvær vitlausar setningar, sbr. á bls. 329: „Siðferðisdómar verða ekki felldir um staðreyndir. Þegar hins vegar kemur að því að ákvarða hvað hafa beri til viðmiðunar þegar skera á úr hvort regla sé lagaregla skilja leiðir.“

Fyrri staðhæfingin er fáránlegt ranghermi, sem er til marks um siðfræðilega vanþekkingu Sigurðar, en síðari staðhæfingin er óskiljanlegur ruglingur. Siðfræði fjallar um siðferðilegar spurningar. Hún er verkleg, því að markmið hennar er að gera menn færa um að fella siðferðilega dóm í því skyni að vera færir um að hafast að – þ.e. haga lífi sínu réttilega, skynsamlega og í víðtækastri merkingu orðsins „vel“. Siðferðileg dómgreind og siðferðilegir dómar gegna því grundvallarhlutverki í lífi okkar.

Þvert gegn staðhæfingu Sigurðar heldur H.L.A. Hart því fram, að siðferðisdómar séu annar grundvallarþáttur lagahugtaksins. Svokallaður innri sjónarhóll (internal point of view) er meginatriði í réttarkenningu hans: embættismenn, lögfræðingar og óbreyttir borgarar nota lögin sem staðal til leiðsagnar um hegðun sína og annarra og ástæðu til að fjandskapast við þá sem virða þann staðal að vettugi, sbr. *The Concept of Law* á bls. 90. Almennt nota menn lögin sem ástæðu til að kveða upp neikvæða siðferðilega dóma yfir þeim sem ekki virða þau.

Af því sem hér hefur verið sagt ætti að vera ljóst, að Sigurður Líndal er ekki skrifandi á íslenzku, þ.e. hann er ófær um að skrifa skilmerkilegan texta. En jafnframt ætti að vera ljóst, að svo alvarlegir brestir eru í lögfræðilegri og siðfræðilegri þekkingu hans, að hann verður að teljast gersamlega óhæfur til að gegna kennarastarfi í almennri lögfræði og réttarheimspeki, þótt í reynd hafi hann þegið laun fyrir það úr opinberum sjóðum í meira en 40 ár.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

**SUMARLEGT SALAT**
Léttur matur sem auðvelt og fljótlegt er að búa til er tilvalin sumarfæða.
MATUR 2



**VEGGTEPPI Í GARÐI**
Í Gerðaskóla í Garði stendur yfir sýning á saumuðum myndverkum Guðrúnar Guðmundsdóttur og er hún opin fram yfir helgi.
HELGIN 3









4ra rétta tilboð
og nýr A la Carte

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Kókos- og engifersúpa** með grilluðum tígrisrækjum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

6.490 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.*

NÝTT!
Glas af eðalvíni

Côte Rôtie „La Mouline" 2003 | Rhône, Frakkland
Opus One 1995 | Napa Valley, Bandaríkin

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **19 eðalvínum** með mat. Verð frá 890-8.900 kr.
*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN
Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Hrönn býður fjölskyldu sinni og gestum oft upp á sjávarréttaspagettí. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sjávarréttir efst á listanum

***Hrönn Harðardóttir, deildarstjóri dauðhreinsunardeildar Landspítalans, er mikill listakokkur og sýnir oft snilldartakta í eldhúsinu, gestum hennar til mikillar ánægju.***

Hrönn er mjög hrifin af sjávarréttum og eru þeir efst á lista hjá henni þegar hún matreiðir sína uppáhaldsrétti. „Ég er mjög hrifin af sjávarréttaspagettíi sem ég fékk hjá Óla Matt vini mínum sem auðvitað er mikill listakokkur. Réttinum er alltaf vel tekið af þeim sem borða hann hjá mér og sérstaklega fjölskyldunni," segir Hrönn.

Sjávarréttaspagettíið er ekki erfitt að gera en í því er spagettí, ólífuolía, smjör, hvítlaukur, laukur, grænmetiskraftur, paprikuduft, steinselja, svartur pipar, ferskur rauður chilipipar, rækjur og hörpudiskur eða annar fiskur sem til fellur. „Aðferðin er einföld og góð. Byrjað er á að sjóða spagettí og síðan er olía og smör hitað á pönnu og hvítlaukurinn og laukurinn steiktir við vægan hita. Kryddað skal svo yfir með grænmetiskrafti og chili. Þegar spagettíið er tilbúið skal setja það og sjávarfangið saman við og láta vera á pönnunni í um það bil tvær mínútur. Áður en rétturinn er borinn fram er hann kryddaður með svörtum pipar og steinselju," segir Hrönn. Gott er að bera ristað brauð og ískalt hvítvín fram með réttinum.

*mikael@frettabladid.is*





SUMAR TILBOÐ
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu
Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur 2790 fyrir tvo
krónur 1395 á mann

ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÓK MEÐ TILBOÐINU

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni. Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
**Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.**

NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17
PÖNTUNARSÍMI: 588 9899
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

**Svunta** er nauðsynleg við matargerð. Fátt er verra en að vera að undirbúa mat fyrir boð, í betri fötunum, og missa þá mat niður á sig og fá bletti í fínu fötin sín.



# Sumarlegt og ferskt

***Sumarið er tíminn fyrir léttan mat sem auðvelt er að búa til og tekur lítinn tíma. Anna Sigríður Ólafsdóttir lumar á uppskrift að ítölsku kjúklingasalati sem fellur í þann flokk.***

Anna Sigríður Ólafsdóttir, lektor í næringarfræði við Kennaraháskóla Íslands og þolfimikennari í World Class, kann uppskrift að góðu og einföldu kjúklingasalati. „Þetta salat er tilvalið að búa til úr því grænmeti sem til er í ísskápnum hverju sinni og bera annað hvort fram sem meðlæti eða sem aðalrétt, allt eftir tilefni," segir hún og bætir við: „Gott með bæði grilluðu kjöti og fiski og eins má bæta í það baunum. Til dæmis ítölskum eða kjúklingabaunum, fræjum og hnetum til að bæta við próteinum fyrir þá sem kjósa kjöt eða fisklausa máltíð."

Hugmyndina að salatinu segir Anna Sigríður komna frá bróður sínum sem er mikill sælkeri. Einnig reynir hún sem hagsýn húsmóðir sem oft er í tímaþröng en vill borða hollt, að grilla svolítið meira grænmeti í einu og þá má gæða sér á þessu daginn eftir, beint úr ísskápnum.

*sigridurp@frettabladid.is*



Anna Sigríður leggur mikið upp úr hollum og góðum mat. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**ÍTALSKT SUMARSALAT MEÐ KJÚKLINGI**

1-2 paprikur
1/2-1 eggaldin
1/2-1 kúrbítur
1 bakki sveppir
1-2 rauðlaukar
(Þetta fer á grillið ásamt kjöti/fiski)
spínatblöð, klettasalat eða annað gott grænmeti
tómatar
jarðarber (þegar þau eru til) eða mangó
fetaostur í olíu – magn eftir smekk
góðar ólífur – gjarnan kalamata
safi úr sítrónu eða límónu



Kjötið: kjúklingabringur – penslaðar með olíu og kryddaðar í lokin.

Setjið paprikurnar, eggaldinið, kúrbítinn og rauðlaukinn í stórum sneiðum/bátum á grillið ásamt heilum eða bituðum sveppum. Þegar búið er að grilla grænmetið fær það að kólna aðeins á meðan kjöt eða fiskur er grillað, Grænmetið er síðan sett í skál og fetaosti og ólífunum bætt í. Látið nokkrar skeiðar af olíunni fljóta með ásamt skvettu af límónu eða sítrónusafa og smá salti ef þurfa þykir. Hrærið vel í þannig að olían og saltið dreifist á allt grænmetið. Setjið salatblöðin á skál og dreifið grilluðu grænmetisblöndunni, ásamt niðurskornum tómötum, jarðarberjum og ef til vill fleiru, yfir.

Eina tveggja manna tríóið:
Synir Syndanna
skemmta gestum fös & lau.
Kynnum nýjan matseðil á mánudaginn.
Veitingahúsið er opið frá 11:30-15:00 & 18:00-22:00
Ráin

ALDREI AFTUR GASLAUS!
VERANDARHITARI
Rafmagnshitari - Verð 12.990
ís-húsið ehf
netverslun ishusid.is

Sumarið er komið!
Weber Q gasgrill, frábært í ferðalagið



weber Q
Sölustaðir: Járn og gler · Garðheimar · Húsasmiðjan Egg · Búsáhöld Kringlunni · Útilegumaðurinn · Motor Max Everest · Seglagerðin Ægir · www.weber.is

hádegi / kvöld
GÓÐUR STAÐUR Á GÓÐUM STAÐ



ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS
DOMO

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



# Elska og gleði í garni

***Nú stendur yfir sýning í Gerðaskóla í Garði á saumuðum myndverkum Guðrúnar Guðmundsdóttur. Sýningin hefur hlotið feiknagóða dóma og er opin fram yfir helgi.***



Guðrún útskýrir hér handverk sitt fyrir herra Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og Dorrit Moussaieff forsetafrú. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Guðrún hefur lengi stundað handavinnu en það er fyrst nú sem verk hennar eru opinberuð almenningi. „Tildrögin voru þau að frænkur mínar suður í Garði báðu mig um að halda sýningu en ég ætlaði aldrei að sýna þessi verk. Það hefur alltaf verið siður minn að mynda teppi og setja inn í jólakort til systkinabarna minna. Þess vegna vita þau þetta," segir Guðrún. Myndefnin koma að miklu leyti úr biblíunni og þykir Guðrúnu fallegustu myndefnin í gömlum handritum vera trúarlegs eðlis. En hvernig hófst listaferill Guðrúnar?

„Þetta hófst þannig að ég fór til Reykjavíkur til þess að fara í Myndlista- og handíðaskólann en fékk ekki nema kvöldtíma svo ég var þar fram að áramótum og síðan varð nú ekki meira úr því námi. En ég fór í alls konar annað nám eins og að læra að smíða og taka mál, síðan fór ég aðeins í málaratíma. Svo kynntist ég manninum mínum og fór í Húsmæðraskólann á Laugarvatni þegar ég var átján ára en í gegnum tíðina hef ég farið á ýmis námskeið í Reykjavík," útskýrir Guðrún en hún byrjaði á fyrsta veggteppinu sínu þegar hún var 22 ára gömul.

„Upphafið að því að ég fór að gera teppin var þannig að svilkona mín var að sauma Maríudúkinn í fyrsta skipti sem ég heimsótti hana. Ég heillaðist og hugsaði mér að ég gæti kannski gert eitthvað með hjálp þar sem þetta var á þeim tíma sem ég var að byrja eiga börnin. Þá átti maðurinn minn Flateyjarbók og þar eru lýsingar sem ég fór eftir og litlar myndir sem ég stækkaði," segir Guðrún en hún vissi að hún yrði að bjarga sér sjálf. Verkin eru unnin með hliðsjón af teikningum og lýsingum úr íslenskum og erlendum handritum frá 14., 15. og 16. öld en að öðru leyti eru þau algjörlega hugarfóstur Guðrúnar. „Á sjötta áratugnum gefur Björn Th. Björnsson út Teiknibókina í Árnasafni og þá fannst mér ég fá gull í hendurnar og hóf ég að vinna úr henni," segir Guðrún áhugasöm.



Hvert teppi tekur tíma að vinna.

Hvert teppi tekur sinn tíma að útbúa en auk þess að gera teppin var Guðrún sífellt að sauma og prjóna. „Ég saumaði til dæmis föt á börnin mín en ég er svolítið ofvirk og er alltaf á fullu," segir Guðrún kímin en hún segir að vinnan við veggteppin hafi gefið henni fyllingu í líf sitt. „Ég hef aldrei verið útstáelsismanneskja og hef frekar viljað vera heima. Auk þess að hugsa um mín eigin börn tók ég önnur svolítið að mér líka og því var oft í nógu að snúast en ég hef alltaf reynt að grípa hverja stund til að sinna veggteppunum," útskýrir Guðrún einlæg og finnst henni róandi að sinna handavinnu. „Ég hef alltaf elskað að vera með fallegt garn og efni í höndunum, það er svo mikil gleði," segir Guðrún hlæjandi. *hrefna@frettabladid.is*



Veggteppi Guðrúnar eru unnin með hliðsjón af teikningum og lýsingum úr íslenskum og erlendum handritum frá 14., 15. og 16. öld en Guðrún hannar þó teppin frá grunni og lagar þau að eigin smekk. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Jónsmessuhátíð í áratug

***Um helgina halda Eyrbekkingar Jónsmessuhátíð í tíunda sinn og dagskráin er vægast sagt árennileg.***

Á bjartasta tíma ársins leynist hið óvænta við hvert fótmál á landi elds og ísa, og margar kynngimagnaðar sögur til um þau undur sem menn hafa upplifað á íslenskri sumarnótt. Allt stefnir í að slík undur og stórmerki á Eyrarbakka á föstudag og laugardag, og löngu þekkt að selir í fjöruborði þess fagra bæjar eigi til að kasta hömum sínum.

Dagskráin verður hefðbundin með einni undantekningu þegar farið verður út í náttúruna á föstudagskvöld í fylgd Jóhanns Óla Hilmarssonar fuglafræðings sem mun leiða göngu um friðland fugla á Ölfusárbökkum, en samverustundinni lýkur með rómantískum orgelleik Jörg Sondermanns í Eyrarbakkakirkju. Á laugardag hefst dagskrá klukkan 11 með leikjum fyrir yngri kynslóðir á Garðstúni, Jónmessumatseðill verður í boði í Rauða Húsinu þar sem hljómsveitin Svarta skerið heldur uppi fjöri um kvöldið og boðið verður heim til nokkurra Eyrbekkinga. Myndlistarmaðurinn Mýrmann opnar sýningu í Gallerí Gónhól, gamlir antikbílar verða glansandi fínir um allar trissur og sölubásar á sínum stað. Stúlkurnar í Húsinu draga fram peysuföt sín og bera fram te eins og tíðkaðist í den tid, en í borðstofunni er sýningin „Faldarnir lyftust og síðpilsin sviptust". Hvarvetna um bæinn verður mikið um tónlist og aðrar dýrðir, upplýsandi göngur og gestrisni.



Húsið á Eyrarbakka í sumarsól og íslenskum skýjum. MYND/NJÖRÐUR HELGASON

Formlegri dagskrá Jónsmessuhátíðarinnar lýkur með Jónsmessubrennu í fjörunni vestan við þorpið klukkan 22 á laugardagskvöld. *- þlg*



Komdu og gerðu góð kaup!
Útsalan
er hafin í Respekt
Mikið úrval af
Skunkfunk
Desigual
Lee og Wrangler
Respekt
firði · hafnarfirði · sími 533-3931 · www.respekt.is

ÚTSALA
Ótrúlegt úrval af nýjum kjólum á útsölunni.
30-70% afsláttur



FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

# FÖSTUDAGUR

27. JÚNÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS


## ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR
Á tvö hús í Garðabænum

## HEIÐRÚN LIND MARTEINSDÓTTIR
Ætlar að láta jarða sig í Dolce & Gabbana



# Dúsa og Arnar í Skaparanum

**Dreymir ekki um frægð í útlöndum**

## HVAÐ Á AÐ GERA UM HELGINA?

*Karl Sigurðsson Baggalútur*



„Á föstudaginn ætla ég að slaka á eftir vikuna og njóta veðurblíðunnar, sem ég er búinn að panta, í góðra vina hópi, en ég hef verið allt of mikið innandyra í góða veðrinu undanfarið. Á laugardaginn er planið að fara á Náttúrutónleikana með Björk og Sigur Rós í Laugardalnum og kíkja svo í bæinn eftir á. Á sunnudaginn fer ég á leynifélagsfund þar sem drög verða lögð að áframhaldandi heimsyfirráðum og grísaveislu í júlí, en að sjálfsögðu munum við líka horfa saman á úrslitaleikinn í EM.“

# Vill vekja Jakob Frímann til umhugsunar

Pétri Stefánssyni, nema í arkitektúr í Listaháskóla Íslands, ofbauð iðjusemi miðborgarstjórans, Jakobs Frímanns Magnússonar. Í framhaldinu ákvað hann að búa til mynd af honum með áletruninni, Remove your art, sem hann fékk prentaða á boli. Nú eru bolirnir komnir í vefverslun inmate.is. „Mig langaði að leggja mitt af mörkum því ég er ekki hrifinn af því að það sé verið að mála yfir listaverk,“ segir Pétur. Hann segir að það sé ekki hægt að flokka stenslaðar myndir sem veggjakrot og það verði að gera greinarmun á því hvað sé list og hvað sé krot. Sjálfur hefur hann teiknað síðan hann var smápolli og á heiðurinn af veggmynd sem hann málaði á vegginn heima hjá Spessa ljósmyndara. „Ég frétti af því að menn frá Reykjavíkurborg hefðu verið að sniglast í kringum húsið hjá Spessa. Ég ætla bara að vona að myndin fái að vera í friði.“ Spurður að því hvort hann haldi að bolurinn verði tískuvara segist hann auðvitað vona það.



Pétur Stefánsson, nemi í arkitektúr




Nýjasti bolurinn frá inmate.is skartar mynd af Jakobi Frímanni.

Hvað heldur þú að Jakob Frímann segi yfir bolnum? „Ég ætla að vona að hann taki þessu ágætlega. Þetta er ekkert persónulegt á hann enda er bolurinn bara áminning. Minna hann á að það eru til listamenn sem líta á þetta sem list og vilja ekki að verkin sín verði eyðilögð,“ segir Pétur. *- mmj*

## fréttir

### EINBEITA SÉR AÐ BARNAUPPELDINU

Það er nóg um að vera hjá athafnahjónunum Jóni Arnari og Ingibjörgu Þorvaldsdóttur. Í vetur seldu þau Pennanum helming í fyrirtæki sínu Habitat sem þau hafa rekið í nokkur ár en nýverið ákváðu þau að segja endanlega skilið við Habitat og er því verslunin komin í eigu Pennans. Hvort sem þau hafa fengið sig fullsadda af verslunarrekstrinum eða hafa önnur plön á prjónunum verður tíminn að leiða í ljós. Nú er það nýfæddur sonur sem tekur væntanlega alla athyglina en þetta er annar drengurinn þeirra, fyrir átti Ingibjörg einn son og verður því nóg um að vera á stóru heimili.



FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Anton Brink
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000



Tjarnarflöt 12. Hér bjó Ásdís Halla en nú er húsið komið á sölu.



Smáraflöt 22. Húsið er 288 fm og stendur á besta stað í Garðabænum. Ásdís Halla keypti húsið í febrúar 2007 og hafa framkvæmdir staðið yfir síðan þá en fjölskyldan flutti í húsið á dögunum.

*Flatirnar í Garðabæ eru að verða heitasta hverfið hjá fræga fólkinu*

# Ásdís Halla á tvö hús

Síðustu ár hefur orðið gríðarleg endurnýjun á íbúum Flatahverfisins í Garðabæ. Hverfið, sem reis í kringum 1970, hefur aldrei verið vinsælla en nú. Byggingarstíllinn á eflaust ríkan þátt í því enda eru flest húsin kassalaga með stórum gluggum og svo er eftirsótt að eiga góða granna og ekki verra ef þeir státa af flottum starfstitli.

Ásdís Halla Bragadóttir, fyrrum bæjarstjóri í Garðabæ, er þó stórtækari en hinir nágrannar hennar því hún er eigandi að tveimur húsum í hverfinu ásamt eiginmanni sínum. Nú er annað húsið, að Tjarnarflöt 12, komið á sölu eftir að hún flutti yfir á Smáraflöt 22 á dögunum. Tjarnarflöt 12 stendur innst í götu, er 256 fm og afar glæsilegt. Húsið er byggt árið 1968 og hefur Ásdís Halla nostrað við að gera það upp á smekklegan hátt. Í febrúar 2007 fjárfesti hún í húsinu að Smáraflöt 22 og hafa framkvæmdir staðið yfir þangað til í vor þegar Ásdís Halla flutti inn ásamt fjölskyldu sinni. Húsið við Smáraflöt stendur á besta stað, alveg við hraunið, og það sést lítið í það frá götunni.

Í sömu götu býr Magnús Stephensen hjá Eimskip og kona hans, Bergljót Þorsteinsdóttir, fyrrum fegurðardrottning og ljósmyndari. Á Flötunum búa líka Bjössi og Svava Johansen í Sautján; Óskar Magnússon, fyrrum forstjóri TM; Everest-farinn Björn Ólafsson; Birgitta Haukdal og Bensi, kærasti hennar; Íris Björk Jónsdóttir, eigandi GK; Margrét Jónasdóttir, sagnfræðingur hjá Sagafilm, svo einhverjir séu nefndir. Það er greinilegt hvert straumurinn liggur.



Ásdís Halla Bragadóttir

Svava Johansen



Hólmfríður Karlsdóttir

Magnús Stephensen



Birgitta Haukdal og húsið hennar.



Vinnufatabúðin
Fagmennska og þjónusta í fyrirrúmi
Wrangler®



NÚ HNEPPUM VIÐ NIÐUR FATAVÍSITÖLUNNI
því útsalan er hafin í Herra Hafnarfirði
Jakkaföt frá 8.900
Stakir jakkar frá 6.900
Íþróttatreyjur frá 4.900
Skyrtur frá 3.900
Gallabuxur frá 1.990
Kvartbuxur frá aðeins 320 krónum
Hnepptu niður fatavísitölunni og mættu í Herra Hafnarfjörð
Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073
Nú er opið til kl. 18 á laugardögum og frá 13 - 17 á sunnudögum.
Herra hafnarfjörður
PIPAR • SÍA

# borgin mín PARÍS

STEFÁN SVAN AÐALHEIÐARSON
verslunarstjóri í Kron kron

**BORGIN MÍN:** París er sú borg sem að ég hef mest gaman af fyrir utan landsteinana.

**MORGUNMATURINN:** Klassík að fá sér café crème og croissant á næsta kaffihúsi.

**SKYNDIBITINN:** Croque Monseniour á Le Café, 62 rue Tiquetonne, pínulítil hola rétt við Etienne Marcel í 2. hverfi.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** Ég held upp á minjagripaverslanir og apótek en í París er nóg af hvoru tveggja. Gömlu apótekin í Marais-hverfinu eru svo yndisleg og þar get ég varið góðum tíma.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Hef nú ekki stundað skipulagða líkamsrækt þar en maður labbar allan liðlangan daginn og það ætti nú að rækta eitthvað. Mæli með að ganga frá Pompidou-safninu í gegnum Louvre-garðinn upp að Sigurboganum

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Rómantíkin fer algjörlega eftir félagsskapnum, en ég mæli með Le Relais de l´Entrecote, 15, rue Marbeuf í 8. hverfi. Skemmtilegur staður þar sem aðeins er um þrennt að velja: rare, medium, or well done.

**BEST VIÐ BORGINA:** Það sem að mér finnst best við París er að maður þarf engin plön, bara að skella sér út á götu og upplifa. Maður ratar mjög auðveldlega í alls kyns ævintýri. Góður matur og góður andi.





Óskar Guðjónsson og Ife Tolentino brosa út að eyrum enda ekki annað hægt þegar brasilísk tónlist á í hlut.

# Brasilísk sveifla í Fríkirkjunni

„Ég er að fara að halda tónleika í Fríkirkjunni í kvöld með tónlistarmönnum sem ég treysti hundrað prósent og þarf aldrei að segja þeim til,“ segir Óskar Guðjónsson saxófónleikari en á tónleikunum auk Óskars koma fram Matthías Hemstock, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Arnljótur Sigurðsson, Eyþór Gunnarsson, Davíð Þór Jónsson og Brasilíumaðurinn Ife Tolentino. „Leiðir okkar Ise lágu saman í London en hann er gítarleikari og söngvari. Hann hefur komið hingað til Íslands sjö sinnum og hefur því sáð fræjum hér í langan tíma en við höfum virkilega notið þess að fá að spila með honum, “ segir Óskar en dagskráin á tónleikunum í kvöld verður með brasilísku ívafi.

„Þessi tónlist kallar fram bros og gleði og lætur jafnvel kreppuna ekki skipta neinu máli.“

Tónleikarnir hefjast kl. 22 og miðasala er við innganginn.

# Nýtt ár, nýtt Ísland

Jón Páll Eyjólfsson hefur verið ráðinn til eins árs hjá Borgarleikhúsinu. Það er í fyrsta skipti sem hann fær svo langan samning. Jón hefur verið athafnamikill með eigin leikfélagi, ásamt Jóni Atla Jónassyni. Setti upp Hér og nú í samstarfi Sokkabandsins og Borgarleikhússins seinasta vetur og Partíland á Listahátíð í fyrra.



Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir þremur verkum í Borgarleikhúsinu næsta vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þeir Magnús Geir Þórðarson, nýr Borgarleikhússtjóri, starfa saman. „Ég hef átt mjög gott og farsælt samstarf með Magnúsi Geir. Ég fékk tækifæri hjá honum með Leikfélagi Akureyrar, þar sem við settum upp Maríubjölluna og Herra Kolbert.“

Jón Páll hlakkar til að fara að vinna hjá Borgarleikhúsinu. „Það er búið að vera mjög gaman að setja saman nýtt leikár með Magnúsi. Mjög skemmtileg hugmyndafræði á bak við það.

Það verður spennandi að fá að spreyta sig á svona ólíkum verkum. Fá allt lagt á borðið fyrirfram og vinna með frábærum listamönnum.“

Þrjú verk verða í leikstjórn Jóns. Útlendingar, „devised“ verk samið með Jóni Atla og Halli Ingólfssyni, frumsýnt á nýja sviðinu í mars. Lonesome West, sem er hluti Línakursþríleik Martin McDonagh fer á nýja sviðið fyrir jól. Og loks einleikurinn Óskar og bleikklædda konan eftir Eric-Emmanuel Schmitt. Margrét Helga Jóhannsdóttir leikur.

Næsta verkefni Jóns er með Mind Group, en næsta laugardag ætla þau að óska Íslendingum gleðilegs nýs árs, gleðilegs nýs Íslands. Hátíðin fer fram í Hljómskálagarðinum klukkan 14.03. og verða klukkur stilltar upp á nýtt og nýtt ár hringt inn. Jón segir markmiðið að færa Íslendingum „von og gleði á þessum tímum breytinga.“ *- kbs*

NAUÐSYN VIKUNNAR

# Lúxusmaskari frá Guerlain

Hann þykkir, lengir, bætir og fegrar. Hvað þarf meira? Maskarinn er með tveimur burstum sem ætlaðir eru fyrir lengri og styttri hár. Ein umferð af þessum snilldarmaskara og augnumgjörðin verður nánast fullkomin. Maskaranum er pakkað í algerar lúxusumbúðir og með honum fylgir sérstök snyrtibudda svo það fari ekki illa um gripinn þegar hann ferðast um víðan völl með eiganda sínum.




## Laxveiðar í eyðimörk, hverjum dettur það í hug?

„Skemmtileg og vel heppnuð.“
*Sunday Telegraph*

„Undraverð frumraun.“
*Daily Mail*

„Heillandi saga um ófyrirséðan hetjuskap og síðbúna ást.“
*Daily Express*

„Dásamleg saga!“
*Marina Lewycka, höfundur bókarinnar Stutt ágrip af sögu traktorsins á úkraínsku*




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is





**30%**
afsláttur af öllum púðum




**50%**
afsláttur af öllum silkiblómum

the PIER

**tilboðið gildir í dag, föstudag og út sunnudag**

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00

# fatastíllinn

*Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður á Lex*

**1.** Þetta pils er keypt í Reiss í London. **2.** „Ég keypti hann um daginn í Topshop í London " **3.** Svartur maxi kjóll með blómamynstri keypti Heiðrún í London fyrir ári. Hún heldur mikið upp á hann enda líður henni eins og Lauru Ingalls í Húsinu á sléttunni þegar hún er í honum. **4.** Pilsið er frá Bebe og keypt í Boston **5.** Svartir lakkskór með þremur böndum yfir rist. „Trufladir skór frá Steven sem ég keypti í NY í vor. Maður gæti drepið mann með þessum hælum, ef út í það er farið." **6.** Bleika fiðrildaskór keypti hún í Pied A Terre í London. „Þetta eru skór sumarsins." **7.** „Þessa eru úr Karen Millen. Þeir koma mjög vel út á fæti og eru flottir við gallabuxur." **8.** „Nýjustu skórnir í safninu en ég Keypti þá í Kúltúr fyrir nokkrum dögum." **9.** „Þennan Dolce & Gabbana kjól keypti ég hjá Sævari Karli fyrir jólin. Ég er svo ánægð með hann að ég mun láta jarða mig í honum – það verður hausverkur annarra að troða mér í hann hafi ég hlaupið í spik í millitíðinni."

# Ætlar að láta jarða sig í Dolce & Gabbana



Heiðrún Lind Marteinsdóttir hefur kvenlegan og klassískan fatastíl en segist þó taka áhættu reglubundið. Í vinnunni klæðist hún aðallega svörtu, hvítu og gráu en utan vinnutímans er ekki óalgengt að rekast á hana í gulum fötu en sá litur er í miklu uppáhaldi núna. Það er þó eitt víst að það er jafn ólíklegt að rekast á eiturslöngu í Húsdýragarðinum eins og að sjá Heiðrúnu Lind ótilhafða.

**Fyrir hverju fellur þú alltaf?** „Skóm og skyrtum."

**Af hverju áttu mest í fataskápnum?** „Skóm, skyrtum og íþróttafötum."

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** „Ég yrði jörðuð í kyrrþey af fjölskyldu ef ég gæfi það upp. Ég viðurkenni fíkn mína fúslega."

**Hefur þú alltaf haft gaman að fötum?** „Nei, reyndar ekki. Ég æfði fótbolta á yngri árum og klæddist þá nánast alfarið íþróttafötum. Ég var því lítið að velta fyrir mér hvað væri smart. Fermingarfötin bera þess glögglega merki, því miður."

**Áttu einhverja tískufyrirmynd?** „Nei."

**Uppáhaldsefnið?** „Það fer alveg eftir flíkinni og tilgangi hennar."

**Uppáhaldsverslunin?** „Hér heima kaupi ég flestar flíkurnar í Kúltúr, Karen Millen og All Saints. Erlendis finn ég yfirleitt eitthvað spennandi í BCBG Max Azaria, Club Monaco, Reiss, Harvey Nichols og Selfridges."

**Uppáhaldshönnuðurinn?** „Það er mjög misjafnt frá einni árstíð til annarrar. Bæði Matthew Williamson og Marchesa gera hins vegar ómótstæðilega kjóla."

**Hvernig er uppáhaldslitaspjaldið þitt?** „Í vinnunni eru svartur, hvítur og grár ríkjandi. Ég reyni hins vegar að poppa þetta upp utan vinnu með einstaka lit. Gulur er í miklu uppáhaldi þetta sumarið."

**Þegar þú horfir til baka, hvaða tískutímabil myndir þú ekki vilja ganga í gegnum aftur?** „Hvert tímabil á sér stað og stund. Hins vegar vildi ég helst ekki þurfa að ganga aftur í gegnum tímabilið þegar Levi's gallabuxurnar náðu svo hátt upp í mittið að þær nánast særðu handarkrikana. Alls ekki nógu lekkert."

**Hvernig er heimadressið þitt?** „Gallabuxur og hlýrabolur."

**Hvað dreymir þig um að eignast núna?** „Þessa stundina eru grænir pinnahælar frá Sergio Rossi á algerum forgangslista. Ég mátaði þá um daginn þegar ég var í New York, en gerði þau hræðilegu mistök að kaupa þá ekki! Ég hef nú leitað á netinu, hringt í búðir erlendis og hangið á eBay í meira en mánuð en án árangurs. Þessi mistök verða flokkuð sem þau stærstu þegar lífið verður gert upp!

Mig langar líka mikið í dragsíðan bleikan prinsessukjóll frá Notte by Marchesa og víðar gallabuxur frá Chloé. Ég gæti nefnt óteljandi aðra hluti, en þetta er ágætis upptalning fyrir vini og fjölskyldu sem eru að velta því fyrir sér hvað þeir eigi að gefa mér í afmælisgjöf í næstu viku!"

**Hvaða flík gerir öll föt að skvísufötum?** „Flottur silkiklútur."

**Í hvaða dressi myndir þú fara á eyðieyju?** „Ég færi í mínu fínasta pússi. Það væri auðvitað ófyrirgefanlegt að líta út eins og niðursetningur ef fólk ræki þar á fjörur."

martamaria@365.is








Vertu frjáls í ferðalaginu




www.fjarorka.is

RAFORKA, ALLTAF, ALLSSTAÐAR

- Fullkomin, alsjálfvirk hleðslustýring sem stöðugt vaktar rafgeyma og sér um að halda þeim í hleðslu allt árið.
- Notar metanól til rafmagnsframleiðslu.
- Vinnur mjög vel með sólarrafhlöðum
- Ísetning afar einföld og auðveld.

Fjarorka ehf.

*Græn orka er okkar fag*

Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnes, sími 5785566

AGM Rafgeymar.

Sérstaklega hannaðir fyrir notkun í ferðavögnum.


ÚTSALA
Marc O'Polo®
Kringlan sími 568 5757

*Arnar og Dúsa hafa verið áberandi í bæjarlífinu í áratug eða meira, hvort í sínu lagi. Hún sem fatahönnuður og hann sem hárgreiðslumaður. Fyrir fimm árum urðu þau kærustupar og í dag sameina þau krafta sína undir merkjum Skaparans. Marta María Jónasdóttir rak inn nefið, mátaði falleg föt og fékk að heyra glamúrsögur frá New York.*

# Útrás íslensku skaparanna


Dúsa og Arnar í höfuðstöðvum Skaparans á Skálholtsstíg þar sem þau sameina krafta sína. Hún saumar föt meðan hann selur fólki upprunalega Eames-stóla.
MYNDIR/ANTON

Á krúttlegri vinnustofu milli Næpunnar og Fríkirkjunnar lætur kærustuparið Arnar og Dúsa hlutina gerast. Hún lærði fatahönnun í Vín og hefur hlotið lof fyrir hönnun sína, meðal annars í Ameríku, og fatnaður hennar hefur birst í mörgum virtum tískutímaritum á borð við Surface, Zink, Let them eat cake, Blackbook og Zoo magazine. Hann lærði hárgreiðslu og vann í þeim bransa þangað til hann ákvað að skipta um gír og fór að reka Kaffi List á Laugavegi. Sú kúvending varð honum örlagarík því þar kynntust þau Dúsa þegar hún setti upp tískusýningu á staðnum. Síðan þá hafa þau verið kærustupar eða í fimm ár. Í dag eiga kjólar og stólar hug þeirra allan. Hún hannar og saumar föt undir nafni Skaparans og á sama stað er hægt að kaupa sér upprunalega stóla úr smiðju Charles og Ray Eames og fleiri hluti í þeim anda. Þau eru miklir fagurkerar og Arnar segist ekki hafa staðist freistinguna að flytja stólana inn eftir að þau fluttu heim frá Vín.

„Það er svo mikill karakter í svona gömlum hlutum og það er náttúrlega alveg „júník“ að eiga svona stól með fimmtíu ára gamalli sál. Svo er ég að fá heimilisfylgihluti frá árunum 1950-70 í þessum stíl,“ segir Arnar. Hann segir að það sé mikill sjarmi yfir upprunalegu Eames-stólunum og að það færist í vöxt að fólk kjósi upprunalega hönnun í stað nýrrar.

Ævintýri Skaparans hófst þegar Dúsa keypti verslunina af Jógu árið 1991. Þá var verslunin í Ingólfsstræti 8. Stuttu síðar flutti hún verslunina í Bankastrætið og fór að selja eigin hönnun í bland við merki á borð við Humanoid og Antony & Alison svo einhver séu nefnd. Þegar hún hafði rekið með Skaparann í fimm ár fór hún til Vínar og lærði fatahönnun. Þegar hún er spurð að því af hverju Vín hafi orðið fyrir valinu segir hún að hana hafi ekki langað til Lúndúna því hún hafi verið búin að prófa að búa þar og svo var hún ágæt í þýsku og það réði svolítið ferðinni. „Í skólanum mínum, Universitet für angewandte Kunst, var fín fatahönnunardeild. Helmut Lang hafði verið yfirprófessor í deildinni en hann var reyndar að hætta þegar ég komst inn,“ segir Dúsa. Hún dvaldi í Vín í fjögur ár með JC de Castelbajac og Viktor & Rolf sem yfirprófessora. Þegar hún kom heim dustaði hún rykið af Skaparanum og fékk vinnustofu í Miðstræti 12 þar sem hún er enn í dag. Hana dreymdi alltaf um að hanna í tískulínur og vinna markvisst að hönnuninni og það má því segja að hún sé í dag komin þangað sem hún ætlaði sér en um þessar mundir er hún að vinna að sinni fimmtu línu. Það sem er sérstakt við vinnubrögðin er að hún saumar allar flíkur sjálf. „Þegar ég gerði fyrstu tískulínuna teiknaði ég hana upp og lét aðra um að sauma hana. Þegar ég fékk fötin í hendurnar fannst mér þau vera pínulítið flöt þannig að í dag sauma ég flest allt sjálf því það gerist svo margt á leiðinni þegar ég sit við saumavélina,“ segir hún.

## New York kallar ...

Þegar Dúsa og Arnar voru búin að vera þar í smátíma datt þeim í hug að flytja til Vínar. Þar bjuggu þau í tvö ár en ákváðu að koma heim því þau söknuðu heimahaganna. Það var líka annað sem spilaði inn í. Þau voru komin í samband við aðila í New York sem vildi koma hönnun Dúsu á framfæri. Þá var miklu hentugra að vera búsettur á Íslandi en í Vín því það tekur um tíu klukkutíma að fara þaðan til New York. „Ég á góðan vin í Bandaríkjunum og okkur langaði að athuga hvernig markaðurinn væri þar. Við fórum þangað og hittum þennan vin minn og komumst í samband við gott fólk sem hefur hjálpað okkur ótrúlega mikið. Við hittum konur sem reka „Albright Fashion Library“ sem er risastórt tískufyrirtæki þar sem þær eru með allt frá YSL, Dior, Margiela, alla Manolo Blahnik-skó sem framleiddir hafa verið og allt þar á milli. Fólk getur komið þarna og leigt föt fyrir Óskarinn, bíómyndir og tískublöð. Öll fötin úr Sex and the city voru frá þeim. Þær vildu endilega fá fötin mín og eru með þau þarna. Þær hafa verið ótrúlega hjálplegar við að koma Skaparanum á framfæri. Þær seldu til dæmis tuttugu kápur eftir mig þótt það sé alls ekki þeirra vinna að selja föt,“ segir Dúsa.

Í framhaldinu skráðu þau sig hjá umboðsskrifstofu og eru þar verið að vinna í því að koma fötum frá Skaparanum á framfæri.


Dúsa kýs að nota bara háklassaefni í hönnun sína eins og silki, ull og bómull því hún þolir ekki að handleika gerviefni.

***Besti tími dagsins:*** A: Sterka morgunkaffið. D: Um þessar mundir er það sólríkur síðmorgunn.

***Bíllinn minn er...*** A: keyrður 30.000 km. D: alveg að verða bensínlaus.

***Diskurinn í spilaranum:*** A: Nick Drake. D: dj musician

***Mesti lúxusinn:*** A: Þroskuð lárpera. D: Kampavín og jarðarber. ískalt kranavatn daginn eftir!

***Uppáhaldsmaturinn:*** A: Lambalæri À la Óli og Bebbiló. D: Súkkulaðimús

***Uppáhaldsárstíðin:*** A: núna. D: Veturinn

***Besta fríið:*** A: Sumarbústaðurinn. D: Örugglega afmælisveislan í Wales seinna í sumar

***Uppáhaldsdrykkurinn:*** A: Þessi áfengi. D: Heimalagað límónaði

***Mesta klisjan:*** A: Fegurðin kemur innan frá. D: Grasið er ekki lengur grænna hinum megin því núna er hægt að kaupa sprey sem litar grasið skærgrænt.

***Mér líður best þegar ...*** A: ég er örlítið tipsí. D: Þegar ég er búin með alla súkkulaðimúsina

***Uppáhaldshúsgagnið:*** A: Upprunalegi Anglepoise-lampinn minn. D: Snjóboltinn minn, æðisleg ljósakróna sem skartar sínu fegursta í skammdeginu.


Gjöf handa elskendum
Eldheit og ástleitin ljóð.
Gjöf sem yljar og gleður.
Öll ástarljóð Páls Ólafssonar í einni bók.
Þórarinn Hjartarson tók ljóðin saman og rekur sögu Páls og Ragnhildar – eina frægustu ástarsögu á Íslandi.
Í 1. sæti skáldverka-metsölulista Pennabúðanna.
Salka www.Salka.is
Salka/GBÓ

# brúðkaup

FÖSTUDAGUR 27. JÚNÍ 2008



## Frumlegt og flott
**í brúðartískunni í ár**

BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY


Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is



eitthvað alveg
einstakt



BÓNORÐIÐ

# Giftu sig á afmælisdegi brúðgumans

Linda Ásgeirsdóttir leikkona og Sigurður Gunnar Gissurarson eiga tveggja ára brúðkaupsafmæli í haust en þau giftu sig 16. september árið 2006. Brúðkaupsdaginn bar upp á afmælisdag brúðgumans.

„Það er hálfgerð hefð fyrir því í fjölskyldunum báðum að velja afmælisdag brúðgumans til að gifta sig," segir Linda en foreldrar Sigurðar giftu sig á afmælisdegi pabba hans og bróðir hans gifti sig á sínum afmælisdegi. „Svo komst ég að því að amma mín og afi giftu sig líka á afmælisdegi afa míns. Kannski er þetta gert til þess að karlarnir muni eftir brúðkaupsdeginum."

Linda segist ekki hafa þurft að hugsa sig tvisvar um þegar unnustinn bar upp bónorðið. „Ég var búin að finna rétta manninn og var alveg tilbúin þegar hann bar það upp. Bónorðið var mjög einlægt og fallegt en hann var að koma heim frá útlöndum úr vinnuferð, færði mér gjafir og var búinn að kaupa á mig fallegan kjól. Svo fór hann bara á hnén og spurði hvort ég vildi giftast sér. Þetta var í maí og við giftum okkur í september."

Hjónaefnin opinberuðu trúlofun sína á eins árs afmæli Karls Kristjáns, sonar þeirra, hinn 18. maí og skáluðu í kampavíni. Giftingarathöfnin sjálf fór svo fram í Fríkirkjunni í Hafnarfirði enda brúðguminn Hafnfirðingur. Veislan var haldin í Haukahúsinu á Ásvöllum og þar samfögnuðu 210 gestir.

„Þetta var fallegur dagur, sólskin og blíða og við vorum hæstánægð." *- rat*



Linda og Sigurður á brúðkaupsdaginn með drengjunum sínum Karli Kristjáni og Gissuri Atla. MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON








Íburðarmiklar slaufur og blómaskraut hjá Veru Wang.



# Óhefðbundnar brúðir

**Tískustrauma í brúðarkjólum er alltaf gaman að skoða. Kjólarnir í ár eru margir fremur óhefðbundnir en um leið bæði rómantískir og kvenlegir.**

Óvenjulegt er að sjá brúði í öðru en skósíðum kjól, en í ár klipptu margir hönnuðir neðan af kjólunum sínum. Fyrirsæturnar báru sig vel í hnésíðum og jafnvel styttri kjólum og voru ferskar og sumarlegar. Kjólarnir voru heldur ekki einskorðaðir við hvíta litinn og mátti finna efni í bláum, fjólubláum, bleikum og grænum litum. Kjólar með einn hlýra sáust oft en það snið er einstaklega kvenlegt og leyfir líkamanum að njóta sín vel. Slaufur og blómaskraut settu síðan lokahnykkinn á marga kjóla, bæði stórt skraut sem og íburðarlítið. *- mþþ*



Carolina Herrera sýndi rómantíska kjóla.



Kvenlegt frá Claire Pettibone.



Stuttur fjaðrakjóll frá Angel Sanchez.



Sumarlegur kjóll frá Angel Sanchez.



Djarfur kjóll frá Veru Wang.


HRINGAR
JAFÖT
DRYKKIR
SKREYTINGAR
KÓR
MATUR
ALLT FYRIR
BRÚÐKAUPIÐ
Í Smáralind færðu allt sem þarf fyrir stóra daginn, allt frá veitingunum til hringanna. Sparaðu þér sporin, verslaðu í Smáralind.
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000
ENNEMM / SIA / NM34374



# Gamalt, nýtt, lánað og blátt

Mikið af evrópskum brúðkaupsvenjum á rætur að rekja til Englands og þar á meðal vísan um eitthvað gamalt, eitthvað nýtt, eitthvað lánað og eitthvað blátt. Talið er að textinn sé frá Viktoríutímanum en orðin hafa breyst í algengan brúðkaupssið í Vestur-Evrópu. Ef brúðurinn ber alla þessa hluti á sér á brúðkaupsdaginn mun hjónaband hennar verða farsælt.

Gamalt er táknrænt fyrir framhaldið. Oft er notaður blúndubútur, vasaklútur frá ömmunni eða gamall skartgripur. Eitthvað nýtt er tákn fyrir bjartsýni og von um nýja lífið fram undan. Nýi hluturinn getur verið allt frá fatabút yfir í giftingarhringinn sjálfan. Lánaður hlutur táknar framtíðarhamingju og er oft útvegaður af hamingjusamlega giftri vinkonu brúðarinnar og á gæfa hennar þá að berast áfram til nýju brúðarinnar.



Að lokum er það blái liturinn sem hefur tengst brúðkaupum í margar aldir. Í Róm til forna báru brúðir blátt til tákns um ást, hógværð og tryggð. Kristnir menn klæddu Maríu mey í blátt sem tákn um hreinleika og áður en 19. öldin gekk í garð var blár litur vinsæll í brúðarkjólum. Sjá nánar á www.ask.yahoo.com.

*- mþþ*



Silja notaði appelsínugul blóm sem hún tíndi í garðinum sínum, en lagt er upp úr náttúrulegu útliti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Horft til Hollywood

**Brúðarfarðanir og -hárgreiðslur eru náttúrulegar en glæsilegar þetta árið og er þar helst horft til Hollywood-stjarna.**



Glæsileiki er yfir brúðargreiðslunni og vinsælt er að taka hárið upp.

„Það er dálítil Óskars-stemning yfir brúðarhárgreiðslunum þetta árið. Konurnar á rauða dreglinum eru fyrirmyndin, glæsileiki er í fyrirrúmi og rómantískar greiðslur með krullum og uppsettu hári," segir Silja Ósk Birgisdóttir, hárgreiðslusveinn og förðunarmeistari, hjá hárgreiðslustofunni Kompaníinu, sem er nýflutt í Turninn í Kópavogi.

Silja farðaði og greiddi Guðrúnu Halldórsdóttur sem sést hér á myndum og er greiðslan dæmigerð fyrir árið. „Stíllinn og hárskreytingin eru náttúruleg. Það er dálítið um að notuð séu blóm úr garðinum. Ég notaði til dæmis appelsínugul garðblóm í hárið á Guðrúnu." Silja segir að mörgum finnist gaman að vera með annan en hvítan lit í hárskrautinu til að brjóta upp hvíta þemað hjá brúðinni. „Það eru líka rosamargar með spangir eða kamba í hárinu."



Silja notaði förðunarvörur frá Makeup A. Vörurnar fást bráðlega í Kompaníinu.

Heillitun er mest áberandi núna og minna um strípur enda er í tísku að hafa allt sem náttúrulegast að sögn Silju. Ljósir litir eru alltaf vinsælli yfir sumartímann og mikið er um gyllta tóna. Silja mælir með því að konur komi í litun, klippingu og góða djúpnæringu um viku fyrir stóra daginn. „Síðan er prufugreiðsla mjög mikilvæg, það tekur smá tíma að ákveða hvernig greiðslan á að vera."

Hvað förðun varðar þá segir Silja bleikt, fjólublátt og blátt vera að detta út. „Það er meira um jarðliti, ferskju- og bronstóna. Margar konur eru með rosalega lítinn farða og allt mjög ljóst. Aðrar eru aðeins djarfari og eru að fara út í pínu „smokey"-augnmálningu. Þær eru þá með fölari varir og kinnar á móti. Stök gerviaugnhár eru líka orðin mjög vinsæl."

*- mþþ*






# Eitt tonn af gulli



Jón & Óskar er alhliða skartgripa-, úra- og gjafavöruverslun sem var stofnsett árið 1971 og er því 37 ára um þessar mundir. Lengst af rak fyrirtækið eina verslun við Laugaveg 61 í Reykjavík en nýlega hafa bæst við verslanir í Smáralind og Kringlunni. Hjá Jóni og Óskari hefur alltaf verið lögð mikil áhersla á að þjóna viðskiptavinum í trúlofunar- og giftingarhugleiðingum og eftir þennan langa tíma sem fyrirtækið hefur starfað er óhætt að fullyrða að stór hluti Íslendinga ber í dag hringa frá fyrirtækinu. Það má áætla að gullið sem viðskiptavinir fyrirtækisins bera á fingrum sér í formi trúlofunar- og giftingahringa slagi hátt í tonnið.



**Sígildir hringar alltaf vinsælir**

Einbaugar, þessir sígildu og klassísku hringar hafa alltaf verið mjög vinsælir hjá Jóni og Óskari. Þá má fá bæði í gulu og hvítu gulli og misjafnlega breiða. Jafnframt koma þeir í mismunandi þykkt og stundum eru þeir kúptir að innan sem mörgum finnst þægilegra. Hinn klassíski einbaugur er mjög fallegur á hendi og fer vel með öðrum hringum.



**Munstraðir hringar og íslensk hönnun**

Hjá Jóni og Óskari er í boði mikið úrval af munstruðum hringum af ýmsu tagi og hringum þar sem hvítu- og gulu gulli er blandað saman. Jafnframt hefur verið mjög vinsælt að handgrafa í hringana og hefur gamla íslenska höfðaletrið þá oftast verið notað. Þar velur fólk að setja nöfnin sín eða einhver orð eða tákn sem þeim eru kær. Gullsmiðir fyrirtækisins hafa hannað fjölmargar útgáfur af mynstri og formum sem hafa reynst mjög vinsæl og má sjá glæsilegt úrval hringa á heimasíðu fyrirtækisins www.jonogoskar.is.



**Demantar í giftingarhringum**

Undanfarin ár hefur það orðið sífellt algengara að fólk velji að setja demanta í giftingarhringana og þá einkum kvenhringinn. Demantur glæðir hringinn lífi og eykur á fegurð hans. Hér er einnig um að ræða margar útfærslur og má sjá nokkrar þeirra hér á meðfylgjandi myndum.



**Gull, hvítagull, platína, palladium, stál, silfur**

Algengast er að giftingarhringarnir séu hafðir úr gulu gulli en hvítagull eða blanda af gulu og hvítu gulli hefur líka verið mjög vinsæl. Hringar úr platínu eða palladium (sem er platínumálmur) standa einnig til boða en eru mun dýrari en gullhringir og hafa verið minna teknir. Platínumálmarnir hafa þó verið mjög að sækja á erlendis og ekki er ólíklegt að vinsældir þeirra muni aukast hér á landi. Hringar úr silfri og stáli hafa einnig notið nokkurra vinsælda enda ódýrasti kosturinn sem í boði er í dag.



**Demantshringur sem trúlofunarhringur**

Ameríska hefðin, þ.e.a.s. að daman setji upp demantshring við trúlofun hefur einnig verið að aukast mikið að vinsældum undanfarin misseri. Þegar þessi leið er valin setur karlmaðurinn ekki upp hring en konan setur upp demantshring þegar hennar er beðið. Báðir aðilar setja svo upp einbauga við giftingu. Samkvæmt amerísku hefðinni á hringurinn að kosta sem nemur a.m.k. tveimur mánaðarlaunum herrans en það er að sjálfsögðu ekki bráðnauðsynlegt að vera svo flottur á því þegar þessi leið er valin því hjá Jóni og Óskari er hægt að fá glæsilega demantshringa á verði sem flestir ættu að ráða við.



**Morgungjafir**

Sá siður að gefa morgungjafir hefur einnig verið að aukast mjög að vinsældum undanfarin ár og má segja að það sé orðin hefð í íslenskum brúðkaupum. Mega þeir herrar sem gleyma morgungjöfinni eiga von á eitruðum athugasemdum frá sinni heittelskuðu. Í morgungjöf er hefðin að gefa fallegan demantsskartgrip. Svokallaðir "alliance" hringar eru orðnir ein vinsælasta morgungjöfin en þar er nokkrum demöntum raðað eftir baugnum sem er hafður úr hvítu eða gulu gulli.







**Skemmtilegustu viðskiptavinirnir**

Hjá Jóni og Óskari eru þeir viðskiptavinir sem kaupa trúlofunar- og giftingarhringi í miklu uppáhaldi. Þeir hafa ákveðið að treysta fyrirtækinu fyrir kaupum sem eiga að endast alla ævi og sú ákvörðun þeirra er tekin mjög alvarlega. Starfsmenn fyrirtækisins eru tilbúnir að leggja sig alla fram til valið á hringunum verði sem auðveldast og að ánægja ríki með kaupin og einungis er boðið upp á vandaða hágæðavöru.

JÓN & ÓSKAR

*Laugavegur / Smáralind / Kringlan*

# Af handverki ástarinnar

**Það er eitthvað ægifagurt, myndarlegt og lofandi við heimagerða brúðartertu þar sem smáatriði eru unnin af vandvirkni, natni og virðingu fyrir ástföngnum. Kökuskreytingar virðast gjarnan flókin fyrirbæri, en ekki er allt sem sýnist. Einn færasti kökuskreytimeistari landsins er Jón Arilíus konditorimeistari sem hér kennir lesendum galdraverk bakarans.**

Veislugestir reka oft upp stór augu þegar við blasa tertur meistara á veisluborðum því fegurðin er slík og listaverkin lygileg úr sykri, súkkulaði og marsipani. Margar húsfreyjur, og aðrir tertunnar menn, vildu glaðar búa yfir skreytitækni bakarans og víst að stundum er galdurinn auðveldari en í fyrstu sýnist. Jón Arilíus, konditorimeistari hjá Jóni Arilíus Kökulist í Firðinum, var reiðubúinn að svipta hulunni af leyndarmálum og handbragði bakarastéttarinnar og kenna lesendum að útbúa sín eigin listaverk á brúðartertur sumarsins. *- þlg*



**Jón Arilíus konditorimeistari er þaulreyndur í guðdómlegri tertugerð og einn af færustu skreytimeisturum landsins í kökugerð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Marsipanrósir og lauf

*er hægt að búa til með einföldum hætti eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.*


1. Marsipani er rúllað í lengju og skorið í litla bita.


2. Marsipanbitar flattir út inni í filmu.


3. Innsta hluta rósaknúppsins er rúllað upp eins og kramarhúsi til að fá fyllingu í rósina.


4. Rósablöð spennt inn á kramarhúsið og gerð kúpt, brett upp á kantana.


5. Rósin mótuð lag fyrir lag.


6. Rósin fullgerð og yndisleg.


7. Byrjað er á marsipanlaufum með því að mynda dropa.


8. Dropinn er flattur út og skornar í hann æðar og kantar eftir smekk.


9. Laufið penslað með grænum matarlit.


10. Rósin pensluð með bleikum matarlit.




**GJÖFIN**

## Ást og rómantík á striga

Íslensk samtímalist er draumagjöf margra sem ganga í heilaga hjónasæng, enda leitun að eigulegri og fegurri prýði í vistarverur heimilisins. Nytjalist af ýmsu tagi, svo sem borðbúnaður, skrautmunir og lampar úr keramík og gleri er sívinsæl, en einnig fjölskrúðug myndlist sem hæfir mismunandi smekk brúðhjóna.

Listaverk eru dýrmæt gjöf til framtíðar því verðgildi þeirra fer vaxandi með auknum árafjöld og meiri vegsemd listamannanna.

Myndir með ástartóni og rómantísku ívafi eru einkar vinsælar til brúðargjafa og úr mörgum afbragðs listamönnum að velja. *- þlg*


**Hér má sjá listaverk með munúðarfullum undirtóni eftir Elsu Nielsen úr Gallerí List, en verk eftir Elsu eru mjög vinsæl í brúðargjafir.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Diskar undir hveitibrauðið

Matarstell og kristalsglös við hæfi eru alltaf meðal þess efsta á óskalistum brúðhjóna, enda mikilvægt að hægt sé að leggja fallega á borð þegar gesti ber að garði eða rómantískt kvöld þeirra nýgiftu er í vændum.

Hjá Villeroy & Boch í Kringlunni njóta ýmis stell mikilla vinsælda til brúðargjafa en meðal þeirra sem efst tróna á óskalistum brúðhjóna er matarstellið New Wave; einkar framúrstefnulegt en samt svo sígilt, látlaust og fagurt. Tilvalið jafnt fyrir hveitibrauðsdagana sem og stærri stundir hjónalífsins, og gefur fyrirheit um eftirminnilega munnbita og samverustundir við matborðið. *- þlg*


**New Wave-matarstellið frá Villeroy & Boch fellur vel í kramið hjá þeim sem nú stofna til hjúskapar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

*Í starfi mínu legg ég meginánherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

# 30 ÁR ÆVINNAR Í RÚMINU!*

*Meðal Íslendingur lifir í tæp 80 ár og u.þ.b. þriðjungur fer í svefn.




Sá nýjasti og besti frá Leggett




Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.



Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með

**Chiropractic®**

Amerísku heilsudýnurnar

**IQ-CARE**

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið samanburð og finnið muninn.

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




AKUREYRI

**Svefn & heilsa** ★★★★★




REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 14:00**

www.svefn.is



Jakkafötin eru frá Armand Basi. Ermahnappar einnig frá Armand Basi og skórnir eru frá Corneliani. Fæst hjá Calvi.



Eins og allir vita verða brúðgumar að vera með slaufu þegar þeir klæðast smóking og minna þá óneitanlega á sjálfan James Bond. Slaufan er frá Eton. Fæst hjá Sævari Karli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Flottur smóking frá Armani. Skyrtan er einnig frá Armani. Rosetti-skórnir setja punktinn yfir i-ið. Fæst hjá Sævari Karli.



Þessi svörtu jakkaföt eru frá Corneliani Trend. Ermahnappar eru frá Corneliani. Bindið einnig frá Corneliani ásamt skónum. Fæst í Calvi.

# Flottir á brúðkaupsdaginn

**Klassískur hátískufatnaður vinsæll meðal tilvonandi brúðguma þetta árið.**

Karlmenn þurfa ekki síður en konur að velja á sig réttu fötin til að líta vel út á stóra daginn og eru svört jakkaföt og smóking ríkjandi í ár að sögn Arnars Þrastarsonar hjá Calvi og Hermanns Haukssonar hjá Sævari Karli. Hvít og litrík föt virðast hins vegar á undanhaldi. Hjá Sævari Karli er hægt að kaupa jakkaföt og smóking frá heimsþekktum vörumerkjum á borð við Armani og Scabal og Calvi selur jakkaföt frá vönduðum framleiðendum á borð við Corneliani og Armand Basi. Brúðgumarnir tilvonandi geta einnig látið sérsníða á sig fötin á báðum stöðum þar sem klæðskerar leggja sig fram við að fullkomna útlit þeirra frekar fyrir brúðkaupsdaginn.

*- mmr*


*Hlýjar og mjúkar gjafir*








DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 · Símar 551 8740 & 511 2004


**BÓNORÐIÐ**



**Gróa og Daði á brúðkaupsdaginn.** MYND/ÚR EINKASAFNI

# Bónorð í Kaplakrika

Gróu Ólafar Þorgeirsdóttur var beðið á sérstakan hátt þriðja apríl árið 2005. Daði Rúnar Jónsson, eiginmaður Gróu, náði í hana í vinnuna, en þennan sama dag höfðu þau verið saman í fjögur ár.

„Þegar ég kom heim var miði á útidyrahurðinni. Á honum stóð: Takk fyrir fjögur yndisleg ár, við erum rétt að byrja,“ rifjar Gróa upp. Inni beið hennar rósablaðaslóð og kjóll sem Daði hafði valið. Í eldhúsinu voru jarðarber og freyðivín. „Ég var alveg gáttuð og hugsaði bara vá!“

Póstkort af Perlunni var á ísskápnum, sem gaf til kynna hvert ferðinni var heitið um kvöldið. „Við fórum þangað og fengum okkur rosagóðan mat. Þegar þjónninn spurði hvort við vildum fá desert sagði Daði strax nei. Ég er mikil desertmanneskja og var frekar spæld að fá ekki eftirrétt,“ segir Gróa hlæjandi og bætir við að Daði hafi spurt hana hvort þau ættu ekki bara að fá sér Vesturbæjarís í staðinn. „Daði keyrði svo heim en ekki í ísbúðina. Ég fattaði ekki alveg hvað hann var að gera.“

Daði batt fyrir augun á Gróu, keyrði þannig með hana af stað og leiddi inn í hús. „Svo heyrði ég tónlist berast, lagið okkar,“ segir Gróa og bætir við að þegar hún hafi tekið frá augunum hafi þau verið stödd í íþróttasalnum í Kaplakrika. Í miðjum salnum var lítið, dekkað borð með rósum og gamla ísnum. „Daði dró þá upp litla hjartalaga öskju og sagði: Fyrst bað ég ekki um mikið, bara einn koss á kinnina, en nú bið ég um miklu, miklu meira. Svo kraup hann á kné og sagði: Gróa Ólöf Þorgeirsdóttir, viltu giftast mér?“

Rúsínan í pylsuendanum var að fá hringana frá ömmu og afa Gróu. Daði hafði farið mánuði áður til foreldra Gróu og beðið um hönd hennar. Hann hafði séð hringana og fékk að nota þá til að biðja dótturinnar.

*- mmf*

GJÖFIN

## Alltaf eftirsótt í búið

Þegar kemur að draumagjöf brúðhjóna á brúðargjafalistum búsáhalda- og raftækjaverslana er Kitchen Aid-hrærivél það heimilistæki sem 95 prósent verðandi hjóna óska sér helst í búið. Flest eigum við ljúfar minningar um Kitchen Aid í eldhúsi æskunnar, og víst er að hrærivélin sú endist búskapinn út og oft svo miklu lengur. Heimabakað og ilmandi bakkelsi úr töframaskínu Kitchen Aid við eldhúsborðið hjá mömmu í uppvextinum þekkja flestir og eðlilega fylgir áfram þráin eftir jafn traustu heimilistæki þegar stofnað er til nýs heimilis með heittelskuðum ektamaka.

*- þlg*



**Vinnuþjarkurinn Kitchen Aid lofar ljúfum stundum í ástríku hjónabandi.**

## Hönnun á veisluborðið

Þessi fallega karafla frá danska hönnunarfyrirtækinu Menu er efst á óskalista brúðhjóna. Hún fæst í verslun Tékk-kristals. Hún er hönnuð af Louise Christ og sameinar það besta í skandinavískri hönnun. Belgvíddin á karöflunni tryggir rétt skilyrði fyrir öndun víns og lögun hennar passar vel í hendi þegar hella þarf í glös án þess að dropi fari til spillis. Dásamleg hönnun á veisluborð hjónalífsins og hentar við ólík tækifæri.

*- þlg*



**Vínkaraflan frá Menu er sannkallað heimilisstáss.**







Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði

Opið 10-19 mán-fös, 10-18 lau og 12-18 sun. Te & Kaffi opið alla daga.

habitat
HOLTAGÖRÐUM

Útsalan er hafin

Hnokkar & Hnátur
Betri barnaföt

Skólavörðustíg 20
Sími 5615910



MYND/FRÍÐUR

Klassísk svarthvít mynd, tekin í stúdíói.



MYND/FRÍÐUR

Falleg brúðkaupsmynd tekin úti í góðu veðri.

# Frjálsleikinn í fyrirrúmi

**Fríður Eggertsdóttir ljósmyndari segir útimyndatökur njóta vaxandi vinsælda á meðal íslenskra brúðhjóna.**

Aðdragandinn, athöfnin og veislan eiga sinn þátt í að gera brúðkaupsdaginn eftirminnilegan og ævintýralegan í hugum flestra brúðhjóna. Ljósmyndir varðveita síðan minningar um þessa stóru stund en stíll þeirra getur sveiflast nokkuð eftir nálgun ljósmyndarans, tíðaranda og persónulegum óskum brúðhjónanna.

„Mikilvægt er að brúðhjónunum líki vel við stíl ljósmyndarans, sem þarf að endurspegla persónuleika þeirra. Fólk er misjafnt og það sama hentar ekki öllum og ljósmyndarinn þarf að laga sig að því,“ segir Fríður Eggertsdóttir, ljósmyndari hjá Svipmyndum að Hverfisgötu 50. „Áríðandi er að hitta brúðhjónin nokkru fyrir brúðkaupið, til að mynda tengsl og heyra hvað þau hafa í huga í sambandi við myndatökuna. Þetta er jú þeirra dagur.“

Hún segir suma velja klassískar myndatökur í stúdíói á meðan sífellt fleiri kjósi frjálslegar útimyndir þrátt fyrir ófyrirsjáanlegt veðurfar. „Brúðhjónin eru svo geislandi að nokkrir dropar úr lofti breyta því ekki; regnhlífin er bara til taks,“ segir hún og bætir við að stúdíóið sé ætíð til vara fari allt á versta veg, sem gerist afar sjaldan. *-stp*




GJÖFIN



**Sósuskálin eftir Bent Falk hefur slegið í gegn á myndarheimilum Íslendinga.**

# Ausið úr skálum ástarinnar

Þessi flotta sósuskál úr Menu-hönnunarlínu Tékk-kristals eftir Bent Falk er óskagjöf allra brúðhjóna, og reyndar flestra sem reka heimili og njóta matargerðar. Sprittkerti undir skálinni sjálfri heldur heitu því sem í henni er borið fram, en sósuskálin er tilvalin undir sósur, osta- eða súkkulaðifondú, bráðið smjör, hefðbundnar sósur og fleira fljótandi sem gaman er að bera fram í jafn fögrum borðbúnaði. Gripurinn sem slíkur sómir sér vel sem framúrskarandi hönnun á eldhúsborðum eða á borðstofuskenk og beinlínis synd að loka slíkt augnayndi í skápum milli tækifærisstunda við matarborðið. Ausa og pískari fylgja.

*- þlg*

# Ekki bara fyrir töfra-

Pípuhattar koma flestum kunnuglega fyrir sjónir enda erlendis sterk hefð fyrir því að brúðgumar beri þá á brúðkaupsdaginn þótt þeir hafi ekki verið svo áberandi hérlendis.

Pípuhattar urðu fyrst vinsælir með karlmanna á 19. öld en algengur misskilningur er að efnaðir menn hafi borið slíka hatta, þar eð þeir voru líka eftirsóttir meðal almúgans.

Í seinni tíð eru þeir helst áberandi höfuðfat hjá töframönnum og svo aftur brúðgumum sem kjósa gjarnan að bera gráan hatt á brúðkaupsdaginn þótt fleiri litir séu í boði.

Þess má geta að ýmsir merkir menn úr sögunni höfðu jafnan pípuhatt á höfði og ber þá helst að nefna þá Abraham Lincoln og Winston Churchill.

*- mmr*

**Pípuhattar eru vinsælir meðal brúðguma erlendis.**



# Brúðir henda blómum

Í Evrópu og Bandaríkjunum er hefð fyrir því að brúðurin hendi blómvendinum sínum aftur fyrir sig fyrir einhleypu konurnar að grípa. Konan sem grípur hann er sögð giftast næst.

Hefðin er upprunnin í Evrópu á miðöldum. Brúðir bjuggust þá vanalega ekki við því að nota brúðarkjólinn aftur. Kjóllinn var talinn bera með sér gæfu fyrir aðrar konur. Þegar brúðkaupinu lauk eltu einhleypar konur því brúðina og rifu búta af kjólnum hennar.

Eftir því sem tíminn leið urðu brúðarkjólar dýrari og hefð varð fyrir því að brúðurin geymdi þá, annað hvort til minningar eða til að eftirláta dóttur sinni hann fyrir hennar brúðkaupsdag.

Til að koma í veg fyrir að brúðkaupskjóllinn væri rifinn hófu brúðir að henda öðrum hlutum til að draga athyglina frá kjólnum. Meðal þeirra voru sokkabönd og seinna brúðarvendir.

Vendirnir hentuðu vel þar sem brúðurin vildi sjaldan geyma þá til minningar og öruggari en sokkabandið sem óþolinmóðir gestir áttu til að rífa af brúðinni þegar það var enn undir pilsfaldinum.



**Hefð er fyrir því í Evrópu og Bandaríkjunum að brúðurin hendi blómvendinum aftur fyrir sig.**




## BRÚÐKAUPSGJAFIR

Ef þú ert á leiðinni í brúðkaup finnur þú brúðkaupsgjöfina í EGG.

Stórar og litlar gjafir, húsbúnað, raftæki, borðbúnað, ljós, rúmfatnað og fleira.

## GJAFALISTI

EGG býður brúðhjónum upp á gjafalista. Það auðveldar vinum og vandamönnum valið og tryggir að margir séu ekki að gefa sama hlutinn á brúðkaupsdaginn.

## EGG.IS

Á vefnum geta brúðhjón, vinir og vandamenn skoðað Gjafalista EGG þar sem við sýnum hluta þeirrar fallegu gjafavöru sem fæst í EGG. Hægt er að prenta listann út og má þá merkja við allt það sem hugurinn girnist.








# GJAFALISTI EGG

## OKKAR INNLEGG Í FARSÆLT HJÓNABAND






Gjafakort EGG er einnig góð leið til að leysa brúðargjöfina á einfaldan og smekklegan máta.

Innréttingar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar | Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG SMÁRATORGI

EGG | Smáratorgi | Sími 525 3400 | www.egg.is | egg@egg.is | Opið virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 18 | Sunnudaga 12 - 17

„Umboðsskrifstofan er búin að koma okkur í fullt af blöðum og við höfum fengið mjög mikla athygli í Ameríku. Það er allt í fullum gangi núna,“ segir Arnar. Þegar þau eru spurð að því hvort þau séu að selja vörurnar fyrir vestan segja þau svo ekki vera. „Það er ekki komið að því en við erum að vinna í því núna. Við höfum sinnt fólki sem hefur haft samband beint við okkur. Næsta árið ætla ég að fara sjálf á sýningar í von um að selja fatnaðinn til verslana ytra. Það er gaman að fara sjálfur á svona sýningar og kynnast öðrum hönnuðum, “ segir Dúsa. Þau segja að það hafi verið magnað að kynnast tískuheiminum í New York sem er svo ólíkur því sem er að gerast á Íslandi. „Ég er samt ekki að gera lítið úr þessu hérna. Hann er bara svo ýktur þarna úti með aragrúa af kóngum og drottningum,“ segir Arnar. Fílaðir þú þig ekki bara vel innan um allt tískuliðið? „Jú, jú en maður fer svolítið inn í sig við þetta allt,“ segir hann og hlær. Á meðan þau voru í New York voru þau eitt sinn stödd í leigubíl í borginni þegar þau fengu símtal frá Vogue þar sem þau voru boðuð á fund með Meredith Melling Burke en hún er ein af toppunum þar. Aðstoðarkona hennar hefur verið dugleg að kaupa af okkur föt og það vill svo vel til að hún er tengdadóttir Önnu Wintour,“ segir Dúsa en frú Wintour er fyrirmyndin að karakternum í kvikmyndinni, The Devil Wears Prada, sem Meryl Streep lék hérna um árið.



„Þetta var mjög góður fundur en það hamlar okkur að vera ekki farin að selja hönnunina í verslunin í New York. Við fáum enga almennilega umfjöllun hjá Vogue fyrr en fötin rata í búðir. Suma dreymir um frægð og frama í útlöndum. Okkur dreymir svo sem ekki um það en það er nauðsynlegt að selja fatnaðinn erlendis til að eiga peninga fyrir efnum og þar fram eftir götunum því markaðurinn á Íslandi er svo lítill,“ segir hún.

### Ólíkir heimar

Bæði hafa þau verið áberandi í bæjarlífinu í meira en áratug. Hún sem fatahönnuðurinn sem klæðist annaðhvort svörtum eða hvítum fötum og hann sem hárgreiðslumaðurinn sem hefur verið með puttana á púlsinum. Það má því segja að þau séu eins og svart og hvítt. Samt eru þau frekar lík og finnst gaman að vinna saman. „Þótt ég saumi ekki föt þá er ég á fullu að stússast í öllu sem fylgir fatahönnuninni. Ég sé til dæmis um heimasíðuna þótt ég sé ekkert lærður í því. Svo kem ég með athugasemdir þegar Dúsa er að sauma og segi mínar skoðanir á fötunum,“ segir hann og hún segir að það sé ótrúlega gott. „Þegar ég er búin að sitja allan daginn við saumavélina þá veit ég stundum ekki hvort ég er að gera eitthvað fallegt eða hvort þetta er bara alveg út í hött. Þá er gott að fá álit úr annarri átt.“ Þegar hún er spurð út í sinn eigin klæðaburð kemur í ljós að hún klæðir sig í svört föt á sumrin en hvít á veturna. „Ég er mjög upptekin af ermum, ég vil að þær séu flottar og vel sniðnar, liggi vel og krumpist ekki. Ég er ekki fyrir þröng föt, vil ekki hafa föt klesst upp við líkamann,“ segir hún. Það er líka sjaldgæft að sjá hana í öðrum litum en svart/hvítu. Samt vill hún hafa liti í kringum sig og á vinnustofunni eru til dæmis stólar í bleiku, gulu, rauðu og bláu. Þegar hún er spurð að því hvort hún kaupi mikið af fötum segir hún svo ekki vera. „Ef ég kaupi eitthvað þá á ég fötin ár eftir ár.“ Arnar segir að það sé frábært að vera með Dúsu því þegar þau séu erlendis þá þurfi hann ekki að vera á búðarápi með henni. „Það er helst að við skoðum föt á mig,“ segir hann og hlær.

Frá stjörnufansi í New York til Reykjavíkur. Þau segjast ekki lifa neinu glamúrlífi í Reykjavík. Þau eyði deginum á vinnustofunni og svo trítli þau heim en þau búa í þriggja mínútna fjarlægð frá vinnustofunni. Þeirra draumur er þó að Skaparinn verði lifandi og þau ætla að halda sýningar og vera með uppákomur á Skálholtsstígnum. Undanfarnar vikur hafa þau verið með sýningu á unaðsverkum Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur. „Við gerum okkur grein fyrir því að Skaparinn er ekki í alfaraleið og það verður aldrei örtröð af fólki hérna,“ segir Arnar. „Við vildum heldur ekki opna á Laugaveginum núna því þá væri svo mikill straumur af fólki og ekkert næði til þess að sauma,“ segir hún. Spurð að því hvað þau geri í frístundum segjast þau hafa gaman að því að fara á Jómfrúna í öl og snittu ef þau komast ekki í sumarbústaðinn. „Mér finnst gaman að draga Arnar á söfn og láta hann lesa eitthvað athyglisvert,“ segir hún og hlær. Í ágúst liggur leið þeirra til Kaupmannahafnar því þeim var boðið á sýninguna, Unfair, en það er lítil sýning í tengslum við dönsku tískuvikuna. „Fyrir hálfum mánuði kom bréf frá stjórnanda sýningarinnar og okkur var boðið að vera með. Okkur fannst þetta mjög spennandi hvort sem eitthvað kemur út úr því eða ekki. Það getur vel verið að við förum til New York í september til að sýna línuna og svo til Parísar í október. Mér finnst svo gaman að fara til Parísar því þar hitti ég fólkið sem var með mér í skólanum. Sumir eru komnir ótrúlega langt en aðrir eru komnir skemmra á veg en það er svo gaman að upplifa alla sköpunina,“ segir hún. „Þetta er rosalega harður bransi og erfiður, en líka dásamlega skemmtilegur og lifandi,“ segir Arnar.



# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*

**GEGGJAÐIR LAKKSKÓR**
frá versluninni 38 þrep setja punktinn yfir i-ið. Lífga upp á svörtu fötin og gömlu sumarkjólana.



**BLEIKT NAGLALAKK**
frá Chanel, sumarlegt og fallegt.




# Heitar sumarnætur á ísaköldu landi

Bleikir tónar eru áberandi í sumar í fötum, fylgihlutum og skóm. Við sem flýjum ekki til heitu landanna yfir sumartímann getum því heldur betur hækkað meðalhita íslenska sumarsins og klæðst ljósrauðum tónum frá toppi til táar en úrvalið hefur aldrei verið meira. Bleiki liturinn stendur fyrir fegurð og þokka, hann er í senn glaðlegur, rómantískur og kvenlegur. Margir tengja þennan fallega lit við ástina en aðrir vilja meina að hann hafi afslappandi og róandi áhrif. Hvort sem við klæðumst bleiku til að fagna ástinni eða öðlast innra jafnvægi þá lífgar þessi frísklegi litur upp á íslenska sumarið og sendir frá sér heita strauma. Látum rigninguna eða sjö stiga hita dag eftir dag ekki fara með sumarið frá okkur, klæðumst bleiku og berum sólina í hjarta okkar!

*bergthora@365.is*

**1.** Skór frá Topshop. **2.** Taska frá versluninni 38 þrep. **3.** Kjóll frá versluninni 38 þrep. **4.** Kjóll frá versluninni Trilogiu. **5.** Thakoon, vor/sumar 2008. **6.** Hálsmen frá versluninni 38 þrep. **7.** Marc Jacobs, vor/sumar 2008. **8.** Jil Sander, vor/sumar 2007. **9.** Kjóll frá versluninni Karen Millen. **10.** Celine, vor/sumar 2008. **11.** Samkvæmisveski frá versluninni Trilogiu.










G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Nýjar vörur

G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · marc newson · g-star.com

© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.




# Tjaldaland Útilífs er við hliðina á TBR-höllinni



**Como 4ra og 6 manna**
*Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum. Fortjald er á milli svefntjaldanna. Tveir inngangar.*
Verð **17.990/19.990** kr.



**Ancona 4ra og 5 manna**
*Braggatjald. Fortjald með dúk sem opnast á tvo vegu.*
Verð **24.990/29.990** kr.



**Malaga 6 manna**
*Fjölskyldutjald með tveimur svefntjöldum.*
Verð **34.990** kr.



**Jasper 5 manna**
*Opnast á tvo vegu. Stórt fortjald með dúk.*
Verð **39.990** kr.



**Andros 6 manna**
*Fjölskyldu-braggatjald með tveimur svefntjöldum. Stórt fortjald með dúk. Öflugar álsúlur.*
Verð **42.990** kr.



**Galaxy 6 manna**
*Braggatjald með tveimur svefntjöldum. Stórt fortjald með dúk á milli svefntjaldanna.*
Verð **44.990** kr.

# Njóttu sumarsins í góðu tjaldi



**Troðfull flöt af uppsettum tjöldum!**



**Nevada 3ja manna**
*Sígilt kúlutjald.*
Verð **8.990** kr.



**Kira 3ja og 4ra manna**
*Kúlutjald með fortjaldi.*
Verð **10.990/12.990** kr.



**The North Face Rock 2ja og 3ja manna**
*Göngu-kúlutjald.*
Verð **29.990/34.990** kr.



**The North Face Tadpole 2ja manna**
*Göngutjald.*
Verð **49.990** kr.

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 42878 06/08

# útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*

## Út í heim á Saga Class



Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is

Akkúrat á þessu augnabliki liggja tvær af vinkonum mínum á fæðingardeild Landspítalans. Þegar ég fékk fréttirnar að drengirnir tveir væru bornir felldi ég tár af gleði. Þetta gerist reyndar í hvert skipti sem mér berast slík skilaboð og segir mér að móðurhjartað er greinilega rétt staðsett eða kannski hef ég ekki beðið þess bætur að verða mamma hans Helga? Í framhaldinu af fréttunum rifjaðist það upp hvað mér finnst ógurlega stutt síðan ég var nákvæmlega í þeirra sporum. Í raun ætti ég þó ekki öfunda þær ef ég miða við allt erfiðið við að koma einkasyninum í heiminn. Hann ákvað nefnilega að fara á Saga Class þegar móðir hans var búin að vera með dripp í æð í meira en sólarhring með tilheyrandi stemningu.

Á meðgöngunni mætti ég í meðgöngujóga hjá Auði Bjarnadóttur. Jógatímarnir gáfu mikinn kraft en það helgast kannski af því að í tímanum mátti ég sofa, ef það var það sem ég þurfti án þess að fá hauskúpu í kladdann. Þegar meðiðkendur mínir voru komnir 40 vikur eða lengra voru þær sérstakir heiðursgestir í jógatímanum og ég hlakkaði svo sannarlega til að bera þann titil.

Eftir alla jógaiðkunina var ég orðin sannfærð um að ég gæti farið í gegnum fæðinguna án allra hjálpartækja og ég sá sjálfa mig fyrir mér í daufri birtu og reykelsismekki þar sem ég myndi dansa afkvæminu í heiminn. Þegar stutt var í fæðingu las ég bók með fæðingarsögum en af einhverjum orsökum hljóp ég alltaf yfir þær sögur sem enduðu með keisaraskurði enda fannst mér ótrúlegt að svona mikið hraustmenni eins og ég sjálf gæti ekki spýtt út úr mér einum krakka án teljandi vandræða.

Það runnu þó á mig tvær grímur þegar ég mætti á Landspítalann með jógadýnuna mína undir hendinni og uppáhaldsgeisladiskana. Þar var ógurlega bjart og hvítt, engin reykelsislykt og eldri týpan af „gettóblaster“ en í honum var geisladiskur sem einhver hafði greinilega gleymt. Ég hlustaði því bara á hann.

Það að ætla að dansa krakkanum í heiminn hvarf um leið og ég fékk drippið í æð og áður en ég vissi af var ég farin að heimta mænudeyfingu án þess að líða eins og argasta lúser. Þetta gerði það að verkum að jógadýnan lá óhreyfð í einu horninu. Þegar faðir barnsins hafði orð á því var honum sagt að halda kjafti. Nokkrum klukkustundum síðar þegar fæðingarlæknirinn nefndi keisaraskurð var ég svo fegin að mig langaði helst að faðma hann að mér. Næstu daga á eftir dvöldum við í góðu yfirlæti á fæðingardeildinni og í sannleika sagt hefði ég ekki viljað sleppa því. Þótt fæðing sonarins hafi algerlega farið úr böndunum hefði ég samt ekkert á móti því að liggja þarna núna með vinkonum mínum. Ætli ég komist einhvern tímann úr þessari vímu? Ég efast um það...



Stuart Weitzman
Þráinn Skóari Skóbúð • Grettisgata 3


*Rakel Dögg Bragadóttir handknattleikskona, Margrét Lára Viðarsdóttir knattspyrnukona og Ragna Ingólfsdóttir badmintonkona ljóma af fegurð og hraustleika. Kristjana Rúnarsdóttir farðaði þær með nýjustu línunni frá Helenu Rubinstein.*

# Sykursætar

Rakel Dögg skrifaði nýverið undir saming við danska úrvalsdeildarliðið KIF-Vejen og heldur nú í víking til Danmerkur um miðjan júlí. Hún segist nota léttan farða dagsdaglega, maskara og sólarpúður eða kinnalit .„Ég fer að minnsta kosti aldrei út úr húsi án þess að tékka á því hvernig ég lít út.“ Hún segir að Hypnose-maskarinn frá Lancôme sé í miklu uppáhaldi hjá sér ásamt allri Star Bronzer-línunni frá sama fyrirtæki. „Ég hugsa að ég gæti hvað síst verið án þessara snyrtivara auk andlitskremsins og body lotionsins,“ segir Rakel sem virðist vera forfallinn aðdáandi snyrtivörurisans Lancôme. En á hvaða fegrunarráði lumar hún? „Það skiptir öllu máli að lifa heilbrigðu líferni og hugsa vel um sjálfan sig og húðina,“ segir Rakel – einfalt en dagsatt.

Ragna Ingólfsdóttir badmintonleikari er nú á fullu að undirbúa sig fyrir Ólympíuleikanna en hún æfir badminton hjá TBR. „Dagsdaglega nota ég púður, maskara og gloss en þegar ég fer út á lífið mála ég mig meira,“ segir Ragna sem málar sig alltaf áður en hún heldur út nema þegar hún byrjar daginn á æfingu. „Ég spái passlega mikið í útlitið en legg mikið upp úr því að vera snyrtileg og hrein og vera vel til fara,“ segir Ragna og á erfitt með að nefna eitthvað eitt fegrunarráð. „Ég sjálf hugsa mikið um mataræðið og hreyfinguna og reyni að lifa hollu líferni,“ segir badmintonstjarnan að lokum.

Margrét Lára Viðarsdóttir er lykilmaður íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta auk þess sem hún spilar með meistaraflokki Vals. „Ég get nú ekki sagt að ég máli mig eitthvað brjálæðislega mikið daglega en ég hendi þó alltaf einhverju framan í mig á morgnana,“ segir Margrét Lára en yfirleitt verður þá maskari og sólarpúður fyrir valinu. Hún segist aðallega nota snyrtivörur frá Helenu Rubinsten. „Ég passa auðvitað upp á útlitið án þess að eyða tíma í einhverjar stórkostlegar fegrunaraðgerðir.“ En á hver er galdurinn á bak við hraustlegt útlit hennar? „Ég hugsa að hreyfingin skipti hvað mestu máli og svo er auðvitað algjör nauðsyn að nota gott dagkrem,“ segir Margrét Lára.

*bergthora@365.is*



Rakel Dögg var förðuð með Color Clone frá Helenu Rubinstein en hann gefur náttúrulega og fallega áferð sem hleypir húðlitnum í gegn, Yfir farðann setti Kristjana púður frá Color Clone. Eftir það setti hún Wanted Blush nr. 07 í kinnarnar og augnskuggann, Wanted eyes nr. 31, á augnlokin. Til að móta augun setti Kristjána ólíkan blýant sem heitir Silky Eyes og er nr. 07. Á augnhárin notaði hún Tiger maskarann Feline Blacks. Rakel Dögg fékk glossaðar varir, Wanted Gloss nr. 32.



Margrét Lára er með Septacular farða, frá Helenu Rubinstein. Hann þekur vel og endist óbreytturlan daginn. Síðan setti Kristjana Color Clone sem er fast púður yfir farðann. Næst setti hún augnskuggann Wanted eyes nr. 16 en sú palletta er í túrkíslituðum tóni. Hún notaði hvíta litinn létt undir augabrúnirnar. Hún er með blýantinnn Shimmer Turqouse nr. 02. Maskarinn er Glorious. Margrét Lára fékk Wantet Blush nr. 01 í kinnarnar til að fá frísklegt yfirbragð og léttan varalit, Wanted Shine nr. 09 sem er liturinn hennar Demi Moore.



1. Wanted gloss nr. 31. frá Helenu Rubenstein. 2. Wanted eyes augnskuggabox. 3.Golden Beuty sólarpúður frá Helenu Rubinstein. Golden Beauty sólargljái frá HelenuRubinstein.



Ragna Ingólfsdóttir badmintonkona var förðuð með Color Clone farðanum sem er léttur og náttúrulegur og púður úr sömu línu var sett yfir til að auka endingu. Yfir það setti hún sólarpúðrið Golden Beauty til að gefa Rögnu hraustlegan blæ. Hún fékk fjólubláan lit á augun, Night Mystery nr. 30. Til að afmarka augun notaði hún gráan blýant, Tender Grey nr. 04. Maskarinn sem varð fyrir valilnu heitir Lash Queen. Á varirnar fékk Ragna bleikan gloss nr. 34.




fataefni
Hannaðu
þín eigin föt
Fondra
Dalvegi 18, Kóp. Sími 568-6500 www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, lokað laugardaga í sumar.
Onion snið




Frábærir vinningar alla föstudaga í sumar!
BYLGJAN 989
Sumarleikur
NINGS
Anna Bella Margfaldur Íslandsmeistari í vaxtarækt velur heilsurétti Nings.
Magnús Bess Margfaldur Íslandsmeistari í vaxtarækt velur heilsurétti Nings.
Sigurður J. Kjartansson Margfaldur Íslandsmeistari í vaxtarækt velur heilsurétti Nings.
Hrönn Sigurðardóttir Margfaldur Íslands- og bikarmeistari í vaxtarækt elskar heilsurétti Nings
Ragnheiður Ragnarsdóttir Margfaldur Íslandsmeistari og methafi í sundi, Ólympíufari Peking 2008 elskar heilsurétti Nings.
Björn Þorleifsson Margfaldur Íslands- og norðurlanda-meistari í Taekwondo, og efstur á evrópska styrkleikalistanum velur heilsurétti Nings.
Vinnur þú einn sparneytnasta bíl landsins til afnota í heilt ár?
Das Auto.
HEKLA
olís
LAUGAR
SÉÐ OG HEYRT
Coca-Cola
WWW.ICELANDAIR.IS
Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.
Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.
SUMAR TILBOÐ
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu
Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu
krónur 2790 fyrir tvo
krónur 1395 á mann
ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÓK MEÐ TILBOÐINU
NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17
PÖNTUNARSÍMI: 588 9899
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600
Þú finnur ótrúlegt úrval ljúffengra rétta á matseðli okkar á www.nings.is
Fylltu út seðilinn hér að neðan og skilaðu til okkar á Nings og þú ert með í leiknum.
...og kroppurinn blómstrar!
Nafn
Heimili
Sími
netfang

# bland

*í gær og á morgun ...*

## HELGIN

**FÖSTUDAGUR:**
Carl Craig, einn af upphafsmönnum danstónlistarinnar eins og við þekkjum hana, spilar á Tunglinu á Party Zone-kvöldi. Tónleikarnir hefjast kl. 23.



**LAUGARDAGUR:**
Tónleikar Náttúru, þar sem fram koma Björk, Sigur Rós og Ólöf Arnalds, verða haldnir í Laugardalnum nánar tiltekið í Þvottalaugabrekkunni. Tónleikarnir hefjast kl. 17.

## díana mist

**FÖSTUDAGUR:**
Svaf yfir mig eftir uppákomur næturinnar. Hrökk upp með andfælum við söng í garðinum. Hef verið með óþolandi aðdáanda á bakinu í nokkur ár sem virðist ekki ætla að gefast upp. Sem betur fer er hann á sjónum eiginlega allan ársins hring og því þarf ég ekki kvarta mikið. Nú var félaginn kominn í land og gólaði Undir bláhimni. Fyrst hélt ég að ellilífeyrisþeginn á neðri hæðinni hefði misst vitið en þegar ég gægðist út um gluggann sá ég sjóarann á grasflötinni á hlýrabol og örugglega tuttugu kílóum þyngri en síðast. Beið og vonaðist til að einhver í blokkinni myndi hringja í lögregluna og tilkynna um ísbjarnarfund á höfuðborgarsvæðinu. Ekkert gerðist og eftir 20 mínútur, þegar vinurinn var búinn að kyrja öll Eyjalögin og var byrjaður aftur á byrjuninni, hringdi ég í lögregluna og bað hana um að fjarlæga flykki með óspektir úr garðinum mínum. Þegar söngurinn hafði loksins þagnað gat ég ekki sofnað út af ljóðlínunum „þú ert ljósblik á himni mínum, þú ert ljóð mitt og stjarna í kvöld". Sofnaði ekki fyrr undir morgun. Dagurinn var sem betur fer frekar rólegur í vinnunni og því var ekkert því til fyrirstöðu að taka kvöldið með stæl. Eftir hámarksfegrunaraðgerðir og dágóða uppáhellingu héldum við á Organ þar sem hljómsveitin Singapore Sling spilaði enda veitti mér ekki af að eyða tónlistaratburði næturinnar úr eyrum mínum. Singapore Sling gerði það svo sannarlega og áður en ég vissi af hafði ég gleymt sjóaranum úr Eyjum sem var með tattúerað nafnið mitt á upphandleggnum. Það var fullt út úr dyrum og margir sem höfðu bersýnilega beðið þessara tónleika með mikilli eftirvæntingu. Þar var allir liðar hljómsveitarinnar Kimono, Hallberg sem var í Jakobínurínu, rithöfundurinn Einar Kárason, hönnuðurinn og myndlistarmaðurinn Jón Sæmundur Auðarson, stílistinn Agnieszka og ljósmyndararnir Einar Snorri og Eiður Snorri. Ég hélt gleðinni áfram langt fram eftir morgni, endaði í tveimur eftirpartíum og þegar ég staulaðist heim voru Garðabæjarfjölskyldurnar mættar á rúntinn á Laugaveginum. Mér leið eins og ég væri aftur orðin 17 ára. Vel hressandi.

**LAUGARDAGUR:**
Náði stuttum en þó endurnærandi blund áður en ég fór á landsleik kvennalandsliðsins í fótbolta. Ég hef nú aldrei verið neinn sérstakur aðdáandi íþrótta en við vinkonurnar vorum allar sammála um það að leggjast á eitt og styðja stelpurnar og fjölmenntum því á völlinn í pinnahælum og með bjór í poka eins og alvöru fótboltabullur. Við lentum fyrir framan stuðningssveitina Tólfuna og lærðum þar af leiðandi fullt af stuðningsslögurum og létum ekki okkar eftir liggja í að hvetja okkar konur. Það gerði sömuleiðis stjarnan í Kastljósi, Helgi Seljan og tilvonandi eiginkona hans Katrín Bessadóttir, en þau mættu á völlinn með nokkurra mánaða gamla dóttur sína. Eftir góðan leik héldum við alsælar og fullar stolts á Austurvöllinn og skáluðum í hvítvíni fyrir stelpunum. Austurvöllurinn var pakkaður af léttklæddu fólki sem blés á kaldan vindinn. Þar var leikkonan Harpa Arnardóttir, leikarinn og leikstjórinn Björn Hlynur ásamt kærustunni sinni og framkvæmdastjóra Vesturports, Rakel Garðarsdóttur. Við vinkonurnar vorum orðnar vel heitar eftir daginn og timburmennirnir mínir hurfu eins og dögg fyrir sólu á þessum suðupunkti. Léttklæddar á Austurvellinum ákváðum við að taka smáborgarann alla leið og grilla heima hjá mér. Eftir grillæsinginn skildum við smáborgarahaminn við okkur og skelltum okkur á Kaffibarinn en þar var blásið til fagnaðar vegna útkomu Barflies. Kaffibarinn stóð undir væntingum þetta kvöldið. Dj Margeir þeytti skífunum en tónlistin var öll frá 1994 og minnti því svo sannarlega á gullaldarárin á Kaffibarnum. Það voru margir sem létu sjá sig á barnum ástsæla þetta kvöld sem hafa ekki sýnt sig þar í áratug. Þar voru vinkonurnar Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi og leikstýran Silja Hauksdóttir, Filippía Elíasdóttir fatahönnuður, Jói franski í Liborius, fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir, Nína Björk og Singapore-liðarnir Henrik Björnsson og Bíbí bassaleikari. Ég hitti aftur gamlan Kaffibarsséns og við ákváðum að rifja upp á gamla takta þó ekki á dansgólfinu eða í stiganum og héldum því heim á leið. Ég rankaði við mér um morguninn og leið eins og ég væri 17 ára annan daginn í röð með gamla félagann mér við hlið. Þegar allt kom til alls hafði hann kannski ekki elst svo illa.










„Portobello-pelsinn minn. Þessi kætir kuldaskræfuna í mér. Ég fann hann á Portobello Market í London, sem er sá staður sem mér finnst hvað best fallinn til fjársjóðsleitar eftir að öskuhaugarnir úti á Granda voru lagðir niður."



„Píanóið mitt er dýrmætasta jarðneska eignin mín. Það hefur samið með mér flest lögin mín. Vildi að ég gæti skellt því á bakið og borið það með mér hvert sem er."



„Dýrmætustu gjafirnar sem ég hef fengið frá börnunum mínum og systrum mínum eru þeir munir sem ég myndi fyrst bjarga ef kviknaði í."

TOPP 10



„Ég hef alltaf verið mikið fyrir höfuðföt og á dágott safn. Einstaka höfuðfat á það til að gróa við mig í ákveðinn tíma eins og þessi hattur."

# Margrét Kristín Sigurðardóttir, tónlistarkona, betur þekkt sem Fabúla



„Ég keypti þetta hjól fyrir stuttu og hef varla farið af baki. Það er lauflétt, lipurt og gíralaust, sem gerði það að verkum að ég enduruppgötvaði trikkið að hjóla standandi upp brekkur. Finnst ég vera orðin átta ára aftur."



„Ég keypti þessa „vintage"-skó fyrir mörgum árum og hef látið sóla þá örugglega 700 sinnum. Mér finnst gaman að vera á hælum, en þar sem ég á erfitt með að ganga hægt eru svona skór, með hælum og palli svo föturinn sé í nokkurn veginn eðlilegri stöðu, fullkomnir fyrir mig."



„Ég gæti ekki verið án kossa. Stelpan mín er á leiðinni í sumarbúðir á morgun og við ætlum að birgja okkur upp af forða áður en hún fer."



„Verð að fá kjöt nokkuð oft til að róa mig niður. Lambakjötið er best."



„Kók. Mmmmmm, enginn dagur án þess."



„Plötusafnið. Tilfinningahafsjórinn og áhrifavaldarnir. Efst liggja diskarnir með útvarpsprógrömmunum hennar mömmu, Jóhönnu G. Möller, en röddin hennar framkallar bæði tár og gæsahúð."



2 RISA PIZZUR
í verslunum Nóatúns, Krónunnar og 11-11.
998 Kr.
FRESCHETTA
EM2008
Limited Edition
CHAMPIONS DOUBLE PACK
KICK and WIN
FRESCHETTA
XL
CHEESE FILLED
Mit Käsefüllung im Rand
2 x SALAME
SLICE OF LIFE
PHOTO CONTEST
OFFICIAL RULES
11-11
KRÓNAN
NÓATÚN

SIGRÍÐUR KLINGENBERG *spáir fyrir Jóni Gnarr*

# Er á einstaklega erfiðu ári núna



Jón Gnarr er fæddur 02.01 árið 1967. Til að reikna út lífstöluna er fæðingardagurinn og fæðingarárið lagt saman þannig að út kemur talan 8. „Lífstala Jóns Gnarrs segir mér að hann eigi sérstaklega að gæta sín núna á því að hafa nóg af fólki í kringum sig og mikið fjör en annars gæti hann átt til að fara niður í þunga. Lífstalan 8 þrífst á fólki, mannlífi og öllu því sem tilheyrir lífskraftinum, ef hún aftur á móti fer í skrifstofustörf þá getur þunglyndið bankað á dyrnar. Þeir sem hafa lífstöluna 8 þurfa að hafa þann kraft að eiga auðvelt með að breyta lífi sínu og ef hún gerir það ekki þá verður algjör stöðnun," segir Sigríður Klingenberg og tekur það fram að líf Jóns Gnarrs hafi langt í frá verið tilbreytingasnautt. „Hann er tilfinningaríkur með afbrigðum og verndar fjölskyldu sína og börn fram í rauðan dauðann. Hann á erfitt með að fyrirgefa svik og óheiðarleika og er tryggur og trúr í ástum og afskaplega einlægur. Jón Gnarr er á erfiðu ári núna. Hann færist alltaf mikið í fang og það er allt- of mikið að gera hjá honum. Hann þrífst illa í skipulagsleysi og hefði þurft aðstoðarmanneskju. Hann ætti því að vera vel á verði í sambandi við peningamálin. Þetta verður hratt ár sem á eftir að breyta gersamlega lífi hans og honum mun finnast það töluvert erfitt á köflum.„Það er í eðli áttunnar að vera með sérstakt leiðréttingarkerfi í heilanum. Átturnar hugsa alltof oft um það hvernig líf þeirra væri í dag ef þær hefðu gert hlutina öðruvísi. Áttan þarf að læra að hugsa ekki eina mínútu til fortíðarinnar, því fortíðin er óumbreytanleg og kemur aldrei til baka. Jón Gnarr er einn af þeim mönnum sem elskar mjög heitt og gæti því átt erfitt með að gleyma gömlu ástinni sinni. Árin 2009 og 2010 eru uppskeruár hjá Jóni og mun hann uppskera mikið og verða stórmenni."



www.klingenberg.is

# FÖSTUDAGUR

## 5 LEIÐIR TIL AÐ GERA FÖSTUDAG ÓGLEYMANLEGAN



Margrét Hugrún Gústafsdóttir

fjölmiðlakona



„Ég fer í ræktina á hverjum morgni og föstudagar eru engin undantekning. World Class á Seltjarnarnesi er málið. Unaðslegt útsýni og frítt í laugina."



„Því næst myndi ég halda í miðbæinn til að skora á alþingismenn að taka leðjuslag á Austurvelli. Eða femínista gegn fegurðardrottningum. Gæti orðið mjög fyndið."



„Að leðjuslag loknum færi ég í hádegismat á Hilton af því þar er besta hlaðborð landsins."



„Á bókasafninu eru ljóðabækur. Mér finnst gott að lesa ljóð, af því þau eru hipp og kúl; eins konar brú á milli þess að tala og hugsa."



„Föstudaginn myndi ég enda í Alsælu Spa hjá Boga og Nok á Álftanesi. Þau bjóða upp á taílenskt nudd, sjópott og stórmerkilegt taílenskt gufubað. Getur ekki klikkað. Þyrfti líka að ná af mér leðjuslettum."








Garðhúsgögn sem endast

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við







**Vandaður slökunarstóll**
með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir
**Tilboðsverð m/ákl.**
**kr. 49.900.-**
**Tilboðsverð m/leðri**
**kr. 69.900.-**

**Rafstýrður hvíldarstóll**
Með lyftu sem lyftir þér uppúr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Með innbyggðum skemmli.
**Tilboðsverð m/leðri**
**kr. 118.000.-**

**Vandaður slökunarstóll**
Með leðuráklæði og skemmli.
Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.
**Tilboðsverð**
**kr. 89.000.-**

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
Opið virka daga kl. 10-18 / Laugardaga kl. 11-16
**www.valhusgogn.is**

## Ýmislegt







# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Baliares eyjan. Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

3ja herb. fullbúin íbúð, svefnpláss 4-5. Uppl. í s. 896 2888 & timalaus.free-hostia.com

## Fyrir veiðimenn

Laxamaðkar til sölu. Upplýsingar í síma 562 5013 & 866 8112.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.



**Ert þú skilvís og reglusamur leigjandi? Glæsileg 2 herb. íbúð á Baldursgötu bíður þín.**
Íbúðin er björt og rúmir 60fm. Sérinngangur er inn í eignina. Leiguverð er 130.000.-kr og er leigusamningur samkomulag. Upplýsingar veitir Sigurður í síma 868 5001.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530.

RENT iN 111 BREIÐHOLT FOR 2 . ROOM/ FURNITURE. ACESS /KITCHEN/BATHR. 8973611

2 herb. íbúð í seljahverfi til leigu 65 ferm. 115þ á mánuði með rafmagni, hita og hússjóði. uppl. í síma 8986634.

3 herb. íbúð 98 fm í Norðurbæ Hfj. til leigu. Laus strax. Uppl. í s. 864 4544.

Glæsileg 5 herb. íbúð í Kórahverfi Kóp. til leigu. Laus strax. Uppl. í s. 864 4544.

Til leigu 3 herb. íbúð á sv. 111. Uppl. í s. 848 3717.

Tvær tveggja herb. íbúðir lausar frá 01.07 n.k. í nágr. iðnskóla Rvk. Má hafa hund. Mánaðarleiga. 110-120 þús. plús trygging fyrsta mán. Leigugreiðslur m/ bankaábyrgð skilyrði. s. 552 5017 eða blasol@centrum.is

Til leigu 3. herb. 77 fm. íbúð í kjallara m. sérinngangi í Kópavogi. Laus 1. júlí. Leiga 120. þús. Uppl. í s. 693-8483

Ætlar þú að heimsækja Sauðarkrók í sumar? Gisting í einbýlishúsi á góðum stað í bænum, stutt á íþróttavöllinn og í sund. Uppl. í s. 891 9396 & 892 9396

80 fm íbúð til leigu í Garðabæ, m/bílskýli og verð 130 þ. Uppl. í s. 437 1930 og á kvöldin 435 1388.

160 m2 einbýlishús til leigu eða sölu. Húsið er nýtt og er í Sandgerði. Granít á gólfum og marmari á veggjum á baði, tvöföld sturta . 2 góð svefnherbergi og gert ráð fyrir einu þar sem sjónvarpshol er nú. Leiga er 150 þús. á mánuði. Aðeins reglusamir koma til greina og greiðslur eru í gegnum greiðsluþjónustu. Uppl. í síma 824 1068.

Herb. í Kóp., stórt og bjart, aðg. að baði, eldh. og internet. Leigist 1/8-1/1. Verð 55000 mdr. S. 846 2039.

3 herb. kjallaraíbúð, í Árbæ, til leigu. Sendið póst á netfangið atli@heima.is

Til leigu falleg 3 herb íb. í grafarholti aðeins reglusamir og reykl.koma til greina verð 140.000 uppl s:609596

Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Þvottaþjónusta fylgir. Leigist reglusömum & skilvísum karlmanni í fastri vinnu. Uppl. í s. 557 2183.

Meðleigandi óskast einbýlishúsi í 107. Uppl. í s. 698 6858.

ATH 90m2 nýleg ósamþ íbúð í Garðabæ til leigu - Appartment for rent 120,000 tel 8927858

Til leigu 3 herb.íbúð í vogum á vatnsleysu.uppl.í síma 8991806

3 herb. íbúð á sv. 110 til leigu. Leiga 130 þ. 3 mán. fyrirfram. Uppl. í s. 696 5460.

## Húsnæði óskast

Ungt par er að leita eftir íbuð á leigu i hafnarfirði skoða allt öruggar greiðslur S:6996829

Par óskar eftir 2ja herb. íbúð í Rvk. frá 1. sept. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 770 2023.

Looking for studio apartment in Rvk close to Hlemmur or Glæsibær. Price 50-70 th.Call 891 6354

## Húsnæði til sölu

Til sölu 43 fm stúdíó íbúð á jarðhæð með sérinngangi og garði. Sér geymsla og þvottahús. Svæði 111. Verð 12,9 millj. áhv, 11 millj. Laus fljótlega. S. 867 8231 eftir kl. 17:00

## Sumarbústaðir



**Grímsnesi, Hraunborgir**
96m2 sumarhús til sölu/skipti 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 gólfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717 Kristinn.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

Getum bætt við okkur verkefnum nýbyggingar viðbyggingar viðhald pallasmíði vönduð vinna . föst verðtilboð bjóðum einnig upp á alla jarðvinnu. bustadasmidjan@bustadasmidjan.is Grímsnes og Grafnigshreppi sími 486-1001

Sumarbústaður óskast til leigu um verslunarmannahelgina milli Hveragerðis og Vík í Mýrdal. Uppl. í s. 770 2023.

Til leigu sumarbústaður í Grímsnesi við Búrfell. 5 svefnherb., leigist í daga eða vikur. Uppl. í s. 867 4446.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnuhúsnæði fyrir veisluþjónustu/veitingastað til leigu.**
**Gott kæli og frystipláss til staðar. Einnig góð aðstaða fyrir uppvask. Rafmagn og gaslagnir til staðar. Einnig góð loftræsting. Hagstæð leiga.**
**Uppl. í s. 869 2426 Villi**

Iðnaðar og lagerhúsnæði til leigu. 90, 180, 270, 360 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. 6601060 8224200

Til leigu eða sölu 105 fm. iðnaðar og lagerhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. í s. 663 4736 & 663 4836.

100 fm skirfstofuhúsnæði við Síðumúla til leigu. Gott húsnæði. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Laust geymslu/lager pláss. í105. Laust strax. Uppl. veitir María. S. 893 0400.

**geymslur.com**
Geymslur frá 4990.- kr á mán. geymslur.com S. 555 3464

## Gisting

Budget accommodation Rvk/Hfj. for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451.

Svefnpokapláss í Rvk/Hfj. Uppl. í s. 770 5451.

TIL SÖLU

# Náttúrulækningabúðin
**www.ullogsilki.is**

**100% silki**



Sokkar 2.290 kr.

Mikið úrval af silki og ull fyrir útivistina



**Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur**
**Opið mán - fös 11-18 og lau 11 - 17**
**Sendum frítt um land allt**

# Byggingarlóð við Tjarnabakka

Til sölu lóð fyrir fjölbýlishús að Tjarnabakka 2 í Reykjanesbæ. Samþykktar teikningar liggja fyrir að 2ja hæða fjölbýli með 14 íbúðum og 6 bílskúrum. Búið er að vinna púða undir bygginguna. Gott uppbyggt hverfi með göngufæri í skóla, leikskóla og aðra þjónustu. Mikil atvinnutækifæri á svæðinu í náinni framtíð. Lóðin fæst á mjög góðu verði, frábært tækifæri!
Upplýsingar: 693 2900 og krt@internet.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Margrét 699 1060**

panorama restaurant

**Panorama Restaurant**
**óskar eftir matreiðslumanni með mikinn metnað til starfa á nýjum, spennandi og glæsilegum 8.hæðar a la carte stað í Reykjavík.**
**Áhugasamir og viljugir hafa samband á fb@centerhotels.com eða í síma 595 8547**

**Café Roma Kringlunni**
**Óskar eftir starfskrafti í framtíðarstarf. 20 ára og eldri. Sveigjanleiki og góð laun í boði. Uppl. gefur Halla í s. 690 0557.**

**101 heild ehf sem rekur veitingastaðina Silfur og Brons leitar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:**
- **Framreiðslumanni eða metnaðarfullum einstaklingi til að sjá um veislusali Silfurs**
- **Vaktstjóra í sal á Brons**
- **Aðstoðafólki í hlutastörf um helgar í veitingasal á Silfri**
- **Aðstoðafólki í hlutastörf um helgar og virka daga í veitingasal á Brons**

**Við leitum eftir kurteisu og metnaðarfullu fólki. Reynsla er kostur en ekki skilyrði.**
**Nánari upplýsingar eru veittar á Silfri milli kl. 14.00 og 18.00 eða info@silfur.is**

SUBWAY

**Aðstoðarverslunarstjóri á Subway**
**Óskum eftir jákvæðum og duglegum starfsmanni í stöðu aðstoðarverslunarstjóra. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu. Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, röskur og góður í mannlegum samskiptum. Aðstoðarverslunarstjóri er hægri hönd verslunarstjóra ásamt því að sinna almennri afgreiðslu og þrifum. Viðkomandi þarf að vera eldri en 20 ára og vera íslenskumælandi.**
**Nánari upplýsingar veitir Anna í síma 530-7004. Umsóknir fyllist út á subway.is eða sendið ferilskrá á annagyda@subway.is**

**Sjávarkjallarinn**
**Laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Bjóðum einnig verðandi framreiðslu- og matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?**
**Uppl. veitir Valtýr (661 9912) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum. Umsóknir berist á: atvinna@foodco.is**

DOMO

**Veitingastaðurinn Domo**
**Óskar eftir duglegu og áhugasömu starfsfólki til þjónustu í sal í kvöld- og helgarvinnu. Óskum einnig eftir vönum barþjónum. Íslenskukunnátta æskileg. Reynsla og aldur yfir 20 ára kemur einungis til greina.**
**Upplýsingar gefur Magnús í síma 869 7846, 552 5588, eða á maggi@domo.is**

Vélamann vantar í vaktavinnu á Akureyri. Upplýsingar í s. 898 8040. Jón Þór.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Byggingarfélagið Timburmenn vantar smiði í vinnu. Reynsla af byggingu timburhúsa æskileg. Uppl. veitir Birgir í síma 696 1120.

Múlakaffi leitar að kokk og aðstoðarfólki í eldhúsi. Uppl. í síma 6607883

Óskum eftir snyrtifræðimeistara til starfa. Nánari upplýsingar í síma 892 5368.

Óska eftir mönnum í smíðavinnu. Looking for carpenters. S. 849 8785.

GG flutningar ehf óska eftir meiraprófsbílstjórum til starfa nú þegar. Mikil vinna. Uppl. í síma 664 9700.

**Járnamenn**
Óska eftir járnabindingarmönnum. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 & 866 1083.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Óska eftir vinnu við heimilisþrif. Uppl. í s. 697 9210.

## Viðskiptatækifæri

Naglaaðstaða til leigu fyrir naglafræðing á naglastofu í Kópavogi . Mjög flott og góð aðstaða. Svör sendist FBL á smaar@frett.is merkt „neglur"

TIL LEIGU

# Sófalist

**Leigjum áklæði á stóla fyrir veisluna !**

Á meðan að verslunin stendur í flutningum, munum við þjóna viðskiptavinum okkar í gegnum heimasíðu Sófalists, **www.sofalist.is - sofalist@internet.is**



## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

**Serdecznie zepraszamy na disco party**
**Serdecznie zepraszamy na disco party w Barze Polonia Flatahraun 21,Hafnarfjordur,ktora odbedzie sie w sobote 28.06.08.od godz.22.Zagra Dj Greg.Muzyka lata 80,90,Dance,Techno. Gwarantujemy Za....ista Zabawe.**

Kvartmílukeppni laugardaginn 28 júní kl. 13 við Kvartmílubrautina Kapelluhraun. Ný og öflug tæki. Skráning á vallifudd@msn.com www.kvartmila.is

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Seljavegi 2 (Héðinshúsinu) Rvk. flytur frá og með 1. júní að Borgartúni 6. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

**Stefnumót.is**
Nýr samskiptavefur: „Þar sem íslendingar kynnast". Líttu við og tryggðu þér gott notandanafn sem hentar þér til frambúðar.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

## ATVINNA ÓSKAST

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

## ATVINNA


Augl. Þórhildar 2200.410

*Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg*

### Okkur vantar fleira gott fólk til að starfa á Seltjarnarnesi

**Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar leitar að hressum og samviskusömum einstaklingum til fjölbreyttra starfa við félagslega heimaþjónustu, liðveislu, persónulega ráðgjöf og tilsjón á Seltjarnarnesi.**

Starfshlutfall og vinnutími eru samkomulagsatriði, svo betur megi samþætta starf og einkalíf. Hæfniskröfur til umsækjenda eru lipurð í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar og sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Öll þjónusta hjá bæjarfélaginu byggir á þeim grunni að þrátt fyrir veikindi og fötlun geti einstaklingar nýtt sína hæfileika til fullnustu. Með því eiga einstaklingar að geta haldið reisn sinni og virðingu og búið sem lengst á eigin heimilum. Áhersla er lögð á alúðlega framkomu starfsfólks við þá sem njóta þjónustu frá Seltjarnarnesbæ. **Hvernig væri að prófa? - og kynna sér kosti þess að vinna hjá Seltjarnarnesbæ.**

Nánari upplýsingar veita Anna Kristín Guðmannsdóttir deildarstjóri annag@seltjarnarnes.is og Þorsteinn Sveinsson yfirfélagsráðgjafi thorsteinns@seltjarnarnes.is

Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar
Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg
sími 5959100, 5959130

SELTJARNARNESBÆR
Félagsþjónusta

## FASTEIGNIR

**ÞINGHOLT** Lykill af þínu heimili í 30 ár

**Sími 590 9500**

**Ingvi Rúnar** sölufulltrúi ingvi@thingholt.is GSM 896 0421
**Svanur Jónsson** sölufulltrúi svanur@thingholt.is GSM 692 2507
**Þórarinn Kópsson** lögg. fast.sali

**Skipholt 15, 105 Reykjavík • thingholt@thingholt.is**
**Þórarinn Kópsson lögg. fasteignasali**

### Gránufélagsgata 10 - Akureyri
**Allinn resturant - sportbar - veislur - tónleikar**
**Til sölu húsnæði og rekstur**



Húsnæðið er 249,0 fm. Innréttað í dag sem góður kínverskur veitingastaður með fullbúnu eldhúsi. Einnig er þetta einn vinsælasti Sportbarinn á Akureyri. Snyrtilegur staður. Tilvalið fyrir tvo samhenta einstaklinga sem vilja una hag sínum vel við „Fjörðinn fagra". **Eignaskipti koma til greina.**

### Munkaþverárstræti 11 - Akureyri
**Virðulegt og endurnýjað að innan**



193,2 fm einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara, vel staðsett í grónu hverfi í göngufæri við miðbæinn. **Tilvalið tækifæri sem orlofsíbúð fyrir félagasamtök eða einstaklinga.**

**www.thingholt.is**

Frum

## FASTEIGNIR

### Múlabyggð
310 Borgarnes
STÓRLÆKKAÐ VERÐ

**Stærð: 100 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2005**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Þing



**Opið Hús**





**Opið hús sunnudag kl 16:00**

**Verð: 17.500.000**

--STÓRLÆKKAÐ VERÐ-- Fallegt 100 fm sumarhús i grónu og skemtilegu landi, rétt fyrir utan Borgarnes. Eignin samanstendur af aðalhúsi sem er 76,4fm, þar af 64 fm á 1. hæð en 12,4 fm svefnloft. Auk þess er 14 fm gestahús og jafn stórt geymsluhús. Aðalhúsið er með tveimur svefnherbergjum, stofu, baðherbergi og eldhúsi. Í gestahúsinu er svefnherbergi og baðherbergi. Stór og mikill pallur umlykur húsið og fylgir rafmagshitapottur með. Var áður á 25 miljónir.



Garðar Skarp.
Sölufulltrúi
**893 0082**
gs@remax.is



Bergur Steingrímsson
Lögg. fasteignasali
bergurst@remax.is

**RE/MAX Þing - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remax.is**

## TILKYNNINGAR

### Auglýsing um deiliskipulag
**Geirmundarstaða, Fljótavík, Ísafjarðarbæ.**

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir Geirmundarstaði í Fljótavík, Ísafjarðarbæ skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagstillagan tekur til jarðarinnar Geirmundarstaða sem er 10 ha. að stærð og er úr landi Atlastaða í Fljótavík. Jörðin afmarkast af Bæjará til suðausturs, Sjávargötu til suðvesturs, Skriðum til norðvesturs og Dalbrekkum til norðausturs. Landið liggur í 5-55 m hæð yfir sjávarmáli. Á jörðinni eru nú þegar tvö frístundahús Brekka og Skjaldabreiða. Deiliskipulagið tekur til frístundabyggðar á jörðinni. Þar eru skilgreindar 4 lóðir sem jafnframt eru byggingareitir fyrir sumarhús.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 27. júní 2008 til og með 25. júlí 2008. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 8. ágúst 2008. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Ísafirði 20. júní 2008.**
**Jóhann Birkir Helgason,**
**sviðstjóri umhverfissviðs**

512 50 50
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
- Mest lesið

# Kynlífshegðun stúlkna

UMRÆÐAN

Sigrún Stefánsdóttir skrifar um hagi ungmenna



SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR

Miðvikudaginn 18/6 var ég viðstödd blaðamannafund þar sem kynntar voru niðurstöður úr alþjóðlegri rannsókn á heilsu og lífskjörum grunnskólanemenda. Rannsóknarsetur forvarna við Háskólann á Akureyri tekur þátt í rannsókninni, sem nefnist Health Behaviours in School-Aged Children (HBSC). Rannsóknin er gerð á fjögurra ára fresti. Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, er stjórnandi HBSC rannsóknarinnar á Íslandi og er rík ástæða að hrósa honum og öllum þeim sem komu að rannsókninni.

Margt ánægjulegt vakti athygli mína í niðurstöðunum. Til dæmis að ungmenni á Íslandi eru ánægðari og líður betur í grunnskólanum en börnum í samanburðarlöndunum 46. Íslenskir feður eru m.a. í nánari tengslum við börn sín en almennt gerist og dregið hefur úr unglingadrykkju.

Það er ástæða til að hrósa íslenska skólakerfinu og þetta segir okkur að hér á landi hefur tekist að skapa góða umgjörð fyrir nemendur grunnskólanna.

Rannsóknin beindist að margvíslegum þáttum í lífi ungs fólks. Þar má nefna félagslegar aðstæður og tengsl við foreldra og vini, mataræði, hreyfingu og tómstundastarf. Einnig er sjónum beint að áhættuhegðun af ýmsu tagi, svo sem óábyrgri kynhegðun.

Fram kom á fundinum að í samanburði við jafnaldra á Vesturlöndum verða íslensk börn og unglingar snemma sjálfstæð, vinahópurinn öðlast snemma aukið gildi á kostnað fjölskyldunnar. Íslensk börn eru undir minna eftirliti foreldra og verða oftar fyrir slysum en börn flestra þjóða. Þau drekka áfengi að jafnaði sjaldnar en hafa álíka oft orðið drukkin og jafnaldrar þeirra í samanburðalöndunum.

Niðurstöðurnar voru ekki einungis jákvæðar því að fram kemur í niðurstöðunum að íslenskar unglingsstúlkur byrja snemma að stunda kynlíf með sér eldri strákum. Hlutfall íslenskra unglingsstráka sem hafa sofið hjá við fimmtán ára aldur er hins vegar nálægt meðaltali stráka á Vesturlöndum.

Þetta eru staðreyndir sem við höfum alltaf talið okkur vita en nú höfum við nú tölulega staðfestingu á. Við eigum hins vegar ekki að líta á þessa staðreynd sem náttúrulögmál heldur hrinda af stað átaki til viðhorfsbreytingar í samfélaginu hvað þetta varðar. Með sameiginlegu átaki tókst að minnka unglingadrykkjuna og það er skoðun mín að hægt sé að breyta viðhorfum gagnvart þessu hegðunarmynstri. Það þarf samstillt átak heimili og skóla, Lýðheilsustöðvar og allra þeirra sem koma að fjölskyldu- og forvarnarmálum. Við eigum ekki að líta svo á að það sé eðlilegt að stúlkur á grunnskólaaldri stundi kynlíf með sér eldri strákum eða mönnum. Það þarf að kalla sem flesta til ábyrgðar en miklu skiptir einnig að þessir þættir séu rannsakaðir enn frekar.

*Höfundur er bæjarfulltrúi á Akureyri.*

# Heimsókn í Þúsaldarþorp

UMRÆÐAN

Stefán Jón Hafstein skrifar um þróunarmál



STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Það fyrsta sem mætti augum okkar var banki á hjólum. Pallbíll með lítilli skrifstofu aftaná, við lúgu stóð fólk í röð og beið eftir gjaldkera, við bílstjórasætið var smáborð og ritari með tölvu. Allt knúið rafmótor sem malaði skammt undan. Þetta bankaútibú fer um fjarlæg sveitaþorp á sínum 4 x 4 og tryggir smábændum og athafnakonum aðgang að lánum og innistæðum. Til þessa hefur fólkið enga reynslu af bankaviðskiptum. Við hús í þorpinu voru tvær korngeymslur til einkanota. Önnur er nýmæli úr tágum og viðjum og lyft frá jörðu til að þurrka maísstönglana. Eftir vinnslu er kornið sett í steypta hvelfingu á stærð við geymsluherbergi, þar rúmast 150 sekkir af mjöli. Hér eins og svo víða í Afríku rýrnar uppskera um 30-40 % vegna skemmda og skordýra sem éta frá fólkinu. Í næsta húsi var regnvatni safnað í þakrennur sem veittu vatninu beint í steyptan tank til að eiga yfir þurrkatímann og vökva akurinn. Og svona hélt þetta áfram. Alls konar dæmi um framsæknar hugmyndir sem innleiddar eru í þessu Þúsaldarþorpi, sem kennt er við þróunarmarkmið Sameinuðu Þjóðanna. Á einum stað fiskitjörn bænda, á öðrum stað geitakofi fyrir bónda sem fékk þær gefnar til að hefja rækt; sami maður hafði notað gróða af aukinni uppskeru til að fjárfesta í smávöruverslun. Þessi aukna uppskera fékkst eftir að bændum var gefinn áburður gegn því að leggja fram korn á móti í skólamáltíðir. Stór kornhlaða var í byggingu til að hægt væri að safna saman uppskeru smábænda og selja kaupmönnum í heildsölu, hver og einn þarf því ekki að fara langar leiðir á markað. Konur skiptast á að elda skólamáltíðir sem hafa fjölgað nemendum úr 400 í 500. Já, og meira að segja er komin heilsugæsla á svæðið. Allt í fullum gangi.

**Draumur og veruleiki**

Þúsaldarþorpin eru hluti af þróunarátaki sem margir kenna við bandaríska hagfræðinginn Jeffrey Sachs, og hann myndi svo sannarlega ekki mótmæla því. Valin voru á annan tug þorpa í Malaví, Kenía, Eþíópíu og víðar og gerð að sýnishornum af því hvernig á að skjóta fátæku fólki fram á við með heildstæðu átaki. Grunnurinn er áburður og fræ til að stórauka uppskeru. Samtímis á að efla skóla, heilsugæslu og innviði. Sachs telur að fjárfesting sem nemur 110 dollurum á mann í hverju þorpi í fimm ár dugi til að koma málum í viðunandi horf til að leysa fólk úr fátæktargildru. Út frá hverju Þúsaldarþorpi á svo að þróa kjarna fleiri þorpa, og svo enn fleiri, þar til öll sveitaþorp Afríku eru orðin Þúsaldarþorp. Aðferðin á að breiðast út eins og eldur í sinu. Veruleikinn er sá að það tekur mun meiri tíma og peninga að koma þessu í kring en Sachs reiknar með.

**Spurning um sjálfbærni**

Allir sem koma nálægt þróunarverkefnum spyrja um sjálfbærni. Hvað tekur við þegar fjárframlög hætta? Í þorpinu sem við skoðuðum er þessari spurningu svarað í bili með því að lengja fjárfestingatímabilið. Í þeim þorpum sem aðrir hafa fjallað um eru sömu ágallar. Tekjuaukinn sem á að skapast við innspýtingu af áburði, fræjum og sölukerfi stendur eftir því sem næst verður komist ekki undir allri fjárfestingunni. Í nokkur ár er „gullöld“ en hvað tekur svo við? Steypta korngeymslan sem við sáum hjá einum bændanna kostar að jafnvirði 20 þúsunda íslenskra króna, sem er langt handan við kaupgetu almennra bænda. Samt væri fróðlegt að reikna það dæmi til enda hvort svona geymslur gætu ekki staðið undir sér með því að minnka fáránlega rýrnun. Vatnstankurinn er miklu dýrari og enginn hefur efni á slíkum búnaði sjálfur. Bankastarfsemin er með niðurgreiddum vöxtum frá verkefnisstjórn. Kornhlaðan er fyrir samvinnufélag sem enn hefur ekki verið stofnað og bændur hafa enga þekkingu á. Heilsugæslustarfsmennirnir eru á launum frá verkefninu, fólkið í sveitinni á ekki peninga til að borga komugjöld eða greiða lyf. Stendur þá verkefnið einhvern tíman undir sér? Verður hægt að sleppa af því hendinni? Grundvallarhugmyndin er að svo sé. Að aukin uppskera, markaðssetning og aðgangur að fjármálaþjónustu auk nýrra framleiðslugreina skili svo mikilli auðsköpun að samfélagið hafi sjálft efni á skólamáltíðum, heilsugæslu og öðrum lífsgæðum sem eru undirstaða velmegunar. Hugmyndin að Þúsaldarþorpum hefur margt við sig: Hún tekur á mörgum þáttum í einu en vasast ekki í sundurleitum smáverkefnum. En gagnrýnendur virðast hafa margt til síns máls þegar þeir efast um að enn ein töfralausnin og stórátakið í þróunarmálum gangi upp á mettíma. Á www.stefnajon.is má sjá myndir og ítarlegri umfjöllun um þessa heimsókn.



**VERA WANG HÖNNUÐUR ER 59 ÁRA.**

*„Það er ótrúleg æfing að sitja og horfa á eigin verk í gegnum árin.“*

***Vera Wang uppgötvaði ást sína á tísku þegar hún var í Sorbonne í París. Hún stofnaði sitt eigið hönnunarfyrirtæki sem endurspeglar þessa ást hennar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. JÚNÍ 1930

## *Skógræktarfélag Íslands stofnað*



Skógræktarfélag Íslands var stofnað þennan dag árið 1930. Það var stofnað á Alþingishátíðinni á Þingvöllum. Félagið er landssamband 61 skógræktarfélags á Íslandi. Í byrjun síðustu aldar var talið að erfitt eða jafnvel ógerlegt væri að rækta skóga á Íslandi. Saga Skógræktarfélagsins hefur því verið saga sigra og ósigra eins og gengur og gerist með skógrækt á Íslandi. Nú eru um tvö hundruð skógræktarsvæði í umsjá skógræktarfélaganna.

Markmið félagsins hefur meðal annars verið að veita fræðslu um gildi trjáræktar fyrir þjóðfélagið og vinna að framgangi skóg- og trjáræktar á landinu. Skógræktarfélagið myndar í dag ein fjölmennustu félagasamtökin á Íslandi.

Félagið annast ýmis skógræktarverkefni á Íslandi og safnar upplýsingum um margvíslega þjónustu og ráðgjöf. Það reynir einnig að hjálpa einstaklingum og fyrirtækjum. Félagið hefur notið aukins skilnings og stuðnings og átt farsælt samstarf við ýmsa aðila allt frá stofnun þess. Sjá www.skog.is.

### MERKISATBURÐIR

- **1921** Rafstöðin við Elliðaár er vígð að dönsku konungshjónunum viðstöddum.
- **1951** Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur skógrækt í Elliðaárhólmanum.
- **1951** Krabbameinsfélag Íslands stofnað.
- **1967** Fyrsti hraðbankinn í heiminum tekinn í notkun í Enfield í London.
- **1974** Richard Nixon Bandaríkjaforseti heimsækir Sovétríkin.
- **1984** Frakkar verða Evrópumeistarar í fótbolta.
- **1990** Bob Dylan heldur tónleika í Laugardalshöll í tengslum við Listahátíð.
- **2007** Gordon Brown tekur við embætti forsætisráðherra Bretlands.

## AFMÆLI



**PÉTUR PÉTURSSON** ljósmyndari og fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu er 49 ára.



**FJÖLNIR ÞORGEIRSSON** athafnamaður er 37 ára.



**TOBEY MAGUIRE** leikari er 33 ára.



**NICO ROSBERG** kappakstursmaður er 23 ára.



## 50 ára afmæli

Í dag þann 27. júní fagna mæðgurnar

**Kristín Helga Guðmundsdóttir,**

verkefnisstjóri hjá RRKÍ, og

**Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir,**

leiklistarnemi,

merkum tímamótum í lífi þeirra beggja. Kristín Helga verður 50 ára og Ólöf Hugrún útskrifast sem leikkona frá The Arts Institute at Bournemouth í Englandi en þar munu þær fagna útskrift og afmæli.



## 80 ára afmæli

Á morgun, 28. júní, verður

**Þorgerður Þorleifsdóttir,**

Kópavogi, áttræð.

Af því tilefni tekur hún á móti gestum að Kópavogsbraut 1b, 1. hæð, frá klukkan 15.00 á afmælisdaginn. Gjafir vinsamlega afþakkaðar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.



**SEIÐANDI SÓLARLAG:** Ágústa Malmquist og Ari Svavarsson, verkefnastjórar Sólseturshátíðarinnar, við Garðskagavita þar sem hátíðin fer fram. MYND/ÞORGILS JÓNSSON

**ÍBÚAR Í GARÐI:** HALDA SÓLSETURSHÁTÍÐ UM HELGINA

# Sólarlagið sést vel í Garði

Um helgina halda íbúar í sveitarfélaginu Garði sína árlegu Sólsetrushátíð. Aðaltilgangur hátíðarinnar er að styrkja vináttu og sambönd en einnig að gleðja börnin með þroskandi verkefnum sem veita gleði og góðar minningar. „Þetta er í fjórða sinn sem þessi hátíð er haldin. Við lítum á þetta sem samfélagslegt verkefni hér á svæðinu,“ segir Ari Svavarsson, verkefnastjóri Sólsetrushátíðar. „Ferða-, safna- og menningarnefnd bæjarins sér um hátíðina. Við lítum samt svo á að Garðbúar séu að halda hana. Þetta er okkar bæjarhátíð.“

Garður fagnar hundrað ára afmæli sínu í ár. Af því tilefni var ákveðið að hafa Sólsetrushátíðina öllu veglegri en áður hefur verið. „Í ár verður rosalega góð og skemmtileg dagskrá. Við fáum alveg feikilega góða skemmtikrafta, bæði af svæðinu og frá Reykjavík. Við viljum leyfa skemmtikröftum af svæðinu að spreyta sig,“ segir Ari.

Hátíðin er haldin við vitana á Garðskaga. „Þetta er fyrst og fremst fjölskylduhátíð. Við höfum megnið af dagskránni um miðjan dag fyrir fjölskyldufólkið en ætlum að stíla meira inn á fullorðna fólkið um kvöldið,“ segir Ari.

„Aðaldagskráin er á laugardeginum. Þá er dagskrá á sviði um miðjan daginn,“ upplýsir Ari og bætir við að meðal annars muni börn af leikskólanum koma og syngja, söngsveitin Víkingar, sem er af svæðinu, mæti og Bryndís Jakobsdóttir skemmti fólki með söng. „BíóTríó leika og syngja vinsæl lög úr kvikmyndum. Þetta held ég að verði stórskemmtilegt,“ segir Ari. Nánari upplýsingar um dagskrá Sólsetrushátíðarinnar má finna á heimasíðu Garðs www.sv-gardur.is.

Aðsókn á hátíðina hefur aukist í gegnum árin. Bæði hafa innlendir ferðamenn sótt hana og erlendir sem átt hafa leið um svæðið og hafa heyrt af henni. „Þetta byrjaði bara sem smáhátíð okkar Garðbúa. Í fyrra komu örugglega um fjögur þúsund manns. Við finnum alltaf meiri og meiri meðbyr frá innlendum ferðamönnum,“ segir Ari og bætir við: „Við verðum líka meira vör við fólk sem er að hjóla hingað og ganga. Þetta er náttúrlega mjög stutt frá flugvellinum.“ Straumur erlendra ferðamanna í kringum Garð hefur því aukist jafnt og þétt. En af hverju Sólsetrushátíð?

„Við höfum alltaf stært okkur mikið af sólarlaginu hérna. Það er vegna þess að það sést mjög vel. Þegar komið er upp á Garðskagann sést bara hafið og Snæfellsjökulinn ber í sólarlagið sem er mjög fallegt,“ útskýrir Ari einlægur.

**martaf@frettabladid.is**



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma okkar,*

**Úrsúla Pálsdóttir**

til heimilis að Sörlaskjóli 40, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þann 18. júní síðastliðinn. Útförin fer fram í Fossvogskirkju þann 30. júní kl. 13.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Jón Páll Rink**  
**Sif Rink**  
**Eva Rink**  
**Agnar Rink**  
**Isabella Rink**  
**Orri Brandsson**  
**Þórunn Brandsdóttir**  
**Rakel Pétursdóttir**  
**Guðfinna Gísladóttir**  
**Jón Eldjárn Gíslason**  
**Elín Helga Gunnarsdóttir**  
**Harpa Guttormsdóttir**  
**Björn Erlendsson**  
**Sigurþór Steinarsson**  
**Atli Örn Hilmarsson**  
**Svanhildur Guðmundsdóttir**



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**

áður til heimilis að Strandgötu 45, Eskifirði,

verður jarðsungin frá Eskifjarðarkirkju á morgun laugardaginn 28. júní kl. 14.00.

**Greta J. Ingólfsdóttir**  
**Friðný Ingólfsdóttir**  
**Auður Ingólfsdóttir**  
**Ingólfur Friðgeirsson**  
**Bragi Michaelsson**  
**Svanhildur Sveinbjörnsdóttir**  
**og fjölskyldur.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs bróður okkar, mágs og frænda,*

**Sigurðar Þórs Garðarssonar**

Hólabraut 14, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við „Haukum í horni“.

**Grétar M. Garðarsson**  
**Kristinn G. Garðarsson**  
**Særún Garðarsdóttir**  
**og fjölskyldur.**  
**Soffía G. Karlsdóttir**  
**María K. Sigurðardóttir**  
**Magnús Jóhannsson**

**TRÉ MÁNAÐARINS:** GULLREGN VIÐ SÓLVALLAGÖTU 4

# *Gullinn gimsteinn við Sólvallagötu*



Dómnefnd á vegum Skógræktarfélags Reykjavíkur hefur valið tré júnímánaðar í Reykjavík og varð gullregn í garði við Sólvallagötu 4 fyrir valinu. Húsið var byggt árið 1929 og talið er að gullregnið hafi verið þar gróðursett á fimmta áratugnum. Hæð trésins er samkvæmt nýjustu mælingum 7,60 metrar og ummál er 188 cm við jörð. Tréð er margstofna eins og algengt er hjá gullregni og sérstaka athygli vekur hin mikla trjákróna, sem breiðust er 11,20 metrar í þvermál. Eigendur eru Halla Rannveig Halldórsdóttir og Pálmi Haraldsson.

Gullregn eða Laburnum, eins og það er líka kallað, hefur lengi verið ræktað hér á landi og þykir glæsilegt garðtré með sínum ótal gulu blómklösum eða „gullfossum“ sem áberandi eru þessa dagana. Þess ber þó að gæta að tréð er eitrað og þá einkum fræin og er því skynsamlegt að vara börn við því. Dómnefnd vill með vali sínu ekki einungis vekja athygli á gimsteininum við Sólvallagötuna heldur líka hvetja til aukinnar ræktunar á gullregni í görðum og ekki síst á opnum svæðum borgarinnar. Ætlunin er að velja eitt tré mánaðarlega næstu tólf mánuði og er hægt að senda tilnefningar á netfangið tre@heidmork.is.

---



†

*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Örn Sigurðarson**

Granaskjóli 52, Reykjavík,

sem lést af slysförum 21. júní, verður jarðsunginn frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 30. júní kl. 13.00.

**Steinunn Sigurþórsdóttir Sigurður Guðjónsson**
**Þorgeir Sigurðarson.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sesselja Þórðardóttir Woods**

Kirkjuvegi 11, Keflavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 23. júní. Hún verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 4. júlí kl. 14.00.

**Rúnar Ragnarsson Woods Margrét Óskarsdóttir**
**Vilhjálmur V. Ragnarsson Ólöf Marteinsdóttir**
**Kristinn Egilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Ólafsson**

Fjallalind 59, Kópavogi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þann 19. júní. Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 30. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Ingigerður Eggertsdóttir**
**Lára Guðrún Jónsdóttir Guðmundur Ingi Skúlason**
**Ásta Sigríður Jónsdóttir**
**Pétur Marinó Jónsson**
**Helga María Guðmundsdóttir**
**Jón Skúli Guðmundsson**

---



†

*Áskær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Bjarnason**

bifvélavirki,

lést þann 24. júní á hjúkrunardeild Dvalarheimilisins Höfða Akranesi. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hjörtur Gunnarsson Lilja Guðlaugsdóttir**
**Atli Gunnarsson Sigrún Þórarinsdóttir**
**Ásdís Gunnarsdóttir Pétur Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Fanneyjar Benediktsdóttur**

frá Kringlu, Dalabyggð,
síðast til heimilis að Seljahlíð,
Hjallaseli 55, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Seljahlíðar.

**Skarphéðinn Jónsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arndís Árnadóttir**

frá Ísafirði,

andaðist í Reykjavík miðvikudaginn 25. júní.
Útför hennar verður auglýst síðar.

**Birgir Finnsson**
**Auður Birgisdóttir Páll Skúlason**
**Finnur Birgisson Sigurbjörg Pálsdóttir**
**Arndís Birgisdóttir Sigmundur Sigurðsson**
**Björn Birgisson Ingibjörg Gunnlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg bróðurdóttir mín og vinkona okkar,*

**Áshildur Harðardóttir**

Barðavogi 19, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 22. júní, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 30. júní kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Ás styrktarfélag, sími 414 0500.

**Snæbjörn Ásgeirsson og aðstandendur.**

---



†

*Við tilkynnum andlát ástríkrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Brynju Kristjönu Benediktsdóttur**

sem lést að heimili sínu þann 21. júní. Jarðsungið verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 30. júní kl. 13.00.

**Erlingur Gísli Gíslason**
**Benedikt Erlingsson**
**Charlotte Böving**
**Anna Róshildur Benediktsdóttir**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gissur Símonarson**

húsasmíðameistari,
Bólstaðarhlíð 34, Reykjavík,

andaðist á Droplaugarstöðum laugardaginn 21. júní.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 1. júlí kl. 15.00.

**Bryndís Guðmundsdóttir**
**Jónína Gissurardóttir Bragi Ragnarsson**
**Gunnar Levý Gissurarson Hulda Kristinsdóttir**
**Símon Már Gissurarson Mariam Heydari**
**Ingibjörg Gissurardóttir Örn Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Jóhannesdóttir**

Hóli við Dalvík,

sem lést föstudaginn 20. júní, verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 28. júní kl. 11.00.

**Jóhannes Markússon**
**Svanhildur Karlsdóttir Hallgrímur Tómasson**
**Sigurbjörg Karlsdóttir Friðrik Þórarinsson**
**Þorleifur Karlsson Sigurbjörg Einarsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

*Faðir minn og móðurbróðir,*

**Sigurður Guðbrandsson**

matreiðslumaður, Norðurbrún 1,
Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 25. júní á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 1. júlí kl. 13.00.

**Sigríður J. Sigurðardóttir**
**Ólafur Laufdal.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Helga Guðmunda Haraldsdóttir**

síðast til heimilis að Marargötu 1,
Grindavík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 25. júní sl.
Útför auglýst síðar.

**Lúther Þorgeirsson Bryndís Svavarsdóttir**
**Ragnhildur Jóna Þorgeirsdóttir**
**Ragnar Rúnar Þorgeirsson Penkhae Phiubaikham**
**Haraldur Þorgeirsson Helga Haraldsdóttir**
**Hafsteinn Þorgeirsson Áslaug Jakobsdóttir**
**Sverrir Þorgeirsson Birna Rut Þorbjörnsdóttir**
**Grétar Þorgeirsson Díana Von Anken**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Móðir okkar,*

**Jóhanna Halldóra Elíasdóttir**

frá Elliða í Staðarsveit, síðast til heimilis að Öldugötu 44, Hafnarfirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík þriðjudaginn 24. júní. Útför hennar verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 1. júlí kl. 15.00.

**Sigríður Elsa Óskarsdóttir**
**Jón Áskels Óskarsson**
**Valur Óskarsson**
**Guðríður Óskarsdóttir**
**Hrafnkell Óskarsson**
**Rut Óskarsdóttir**

# Fyrir ferðalagið!



**Lýs, milda ljós**
Það er ekki nema rétt um Jónsmessuna sem er bjart allan sólarhringinn. Annars er nauðsynlegt að hafa ljós á tjaldstæðinu. 400 krónur.



**Færðu þig nær!**
Það geturðu gert án þess að hreyfa þig úr stað með því að horfa í þennan sjónauka, sem er 12x25 cm og kostar 1200 krónur.



**Ferðaklukkan hans afa**
Einu sinni voru stafræn úr og farsímar með klukku ekki til og þá tóku flestir með sér klukku í ferðalagið. Hér er ein slík og kostar 400 krónur.



**Áttaviti með loki**
Lærðu að rata rétta leið og fáðu þér áttavita. 400 krónur.



**Það er bjart yfir þér ...**
... ef þú ert með ljósker á enninu. Þetta ennisljós er með LED-peru og kostar 400 krónur.

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Paul og Art vissu hvað þeir sungu

**KJARTAN GUÐMUNDSSON** GLÍMIR VIÐ LÚXUSVANDAMÁL Á LÚXUSVANDAMÁL OFAN



„Í dag hef ég ekkert að gera, nema að brosa“, sungu þeir skemmtilega misháu félagar Simon & Garfunkel í upphafi áttunda áratugarins. Þessi litla lína úr laginu þeirra „The Only Living Boy in New York“ hefur lengi höfðað til mín. Í henni felast nefnilega minningar og fyrirheit, söknuður og eftirvænting, í raun allur tilfinningaskalinn eins og hann leggur sig. Líklegt er að við höfum flest upplifað í hið minnsta einn slíkan dag á lífsleiðinni. Dag sem við ráðum okkur sjálf, erum okkar eigin herrar og frúr, blessunarlega laus við skyldur og ábyrgð af nokkru tagi. Eins er líklegt að slíkir dagar hafi verið tíðari uppákomur á yngri árum, áður en börn, starfsframi og stress ruddu sér freklega leið inn í líf okkar. Ég er á þeirri skoðun að svona dagar séu einstaklega fágætur munaður. Munaður sem ber að nýta til hins ítrasta þegar þeir detta af himnum ofan með óreglulegu millibili, ef lukkan leikur við mann.

Hins vegar er það nú svo að ég, og ótal fleiri sem ég þekki, hef í tímans rás glatað hæfileikanum til að njóta þessara daga þegar þeir koma, oftast eins og fyrir tilviljun. Eins sorglegt og það er þá kann ég varla lengur að slaka á og leyfa hlutunum að gerast að sjálfu sér. Ég þarf að láta hlutina gerast. Verð órólegur ef ekki er eitthvað á döfinni innan næstu tveggja klukkustunda eða svo. Er einatt að elta tímamörk sem ég set mér sjálfur. Það eru fótboltaleikir sem þarf að glápa á, tónleikar sem þarf að sækja, sjónvarpsþættir sem þarf að ná. Listinn er endalaus, og því fer fjarri að ég vildi vera fullkomlega laus við neitt af þessum hlutum. Ég vildi bara að ég væri ekki svona háður þeim. Ég vildi að ég kynni ennþá að eyða heilum degi í ekkert nema að brosa.

Ætli það sé boðið upp á námskeið í því að hegða sér eins og Simon & Garfunkel? Ef svo er þá mæti ég, svo framarlega sem það stangast ekki á við eitthvað annað sem ég þarf nauðsynlega að gera.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KJARNAFÆÐI

vörurnar fást í Bónus!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Grill lambarifjur
frá Kjarnafæði.

**399** kr./kg.

Merkt verð 498 kr./kg.



% afsláttur 20

# Herragarðs grísakótelettur
frá Kjarnafæði

**1.189** kr./kg.

Merkt verð 1.698 kr./kg.



% afsláttur 30

## Heimilispylsur
frá Kjarnafæði.

**476** kr./kg.

Merkt verð 6355 kr./kg.



% afsláttur 25

## Búðingstvenna
frá Kjarnafæði.

**489** kr./kg.

Merkt verð 699 kr./kg.



% afsláttur 30

## Villibráða-kryddaðar lærissneiðar
frá Kjarnafæði.

**1399** kr./kg.

Merkt verð 1998 kr./kg.



% afsláttur 30

## Hrásalat
frá Kjarnafæði.

350 gr. á

**98** kr.



## Víkingasteik beinlaus
frá Kjarnafæði.

**1.298** kr./kg.

Merkt verð 1.442 kr./kg.



% afsláttur 10



## Bónus grillsósur
Pipar og hvítlauks

270 ml á

**169** kr. dósin

BÓNUS

Opið:
Mán. - fim. 12:00 - 18:30
Fös. 10:00 - 19:30
Lau. 10:00 - 18:00
Sun. 12:00 - 18:00

allt & sumt

**!** **Kl.22**

*Brasilísk-íslensk tónlistarupplifun verður í boði á tónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld kl. 22. Þar koma fram tónlistarmennirnir Óskar Guðjónsson, Ife Tolentino, Ómar Guðjónsson, Matthíast MD Hemstock, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Arnljótur Sigurðsson, Eyþór Gunnarsson, Skúli Sverrisson og Davíð Þór Jónsson og seiða fram suðræna tóna.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Bassi og selló í húsi skáldsins*

Dean Ferrell bassaleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari syngja og leika á ýmsa strengi á tónleikum á Gljúfrasteini á sunnudag kl. 16. Á efnisskránni eru ýmis verk fyrir hljóðfærið violone sem er forfaðir kontrabassans, en Dean hefur lengi leikið og kynnt sér fjölskyldu bassans. Hann stundaði kontrabassanám við The Juilliard School of Music, hefur verið meðlimur í Hong Kong Philharmonic, San Diego Symphony, San Jose Symphony, Pacific Symphony, Den Norske Opera, Íslensku Óperunni og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Dean tekur reglulega þátt í flutningi barokktónlistar hérlendis sem erlendis.



**DEAN FERRELL** Kemur fram á tónleikum á Gljúfrasteini á sunnudag ásamt Sigurði Halldórssyni.

Sigurður Halldórssson hefur starfað sem einleikari og kammertónlistarmaður á Íslandi í um tvo áratugi. Hann hefur tekist á við fjölbreytilega tónlistarstíla, allt frá gregorsöng miðalda til nýjustu tónverkanna, og er meðal annars meðlimur og einn stofnandi Caput hópsins. Auk þess starfar hann með Voces Thules, Camerarctica, Skálholtskvartettinum og Bachsveitinni í Skálholti.

Það má því búast við skemmtilegum söng og hressilegu spili á framandi hljóðfæri í stofunni á Gljúfrasteini á sunnudag. Sem fyrr er aðgangseyrir aðeins 500 kr. og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

- vþ

### > Ekki missa af...

Sýningu Rúríar, Sökkvun, sem nú stendur yfir í StartArt listamannahúsi, Laugavegi 12b, en henni lýkur nú um helgina. Á sýningunni má sjá stóra myndbandsinnsetningu, ljósmyndir og skúlptúr. Sýningin var framlag StartArt til Listahátíðar í Reykjavík og hefur verið vel sótt, enda þykir hún áhrifamikil.



**HREFNA VÍGLUNDSDÓTTIR** Opnar sýningu í Reykjavík Art Gallery á laugardag.

## Bjart og ljóðrænt landslag

Myndlistarmaðurinn Hrefna Víglundsdóttir opnar málverkasýningu í Reykjavík Art Gallery á Skúlagötu 30 á morgun kl. 14. Hrefna hefur fengist við myndlist í rúma þrjá áratugi; hún hóf myndlistarnám hjá Hafsteini Austmann 1974, en var síðast í masterklassnámi hjá Bjarna Sigurbjörnssyni 2007. Hún hefur bæði haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum.

Hrefna hefur vakið athygli fyrir einstaklega bjartar og kraftmiklar náttúrustemmdar og ljóðrænar óhlutbundnar myndir, sem eiga rætur í íslensku landslagi og íslenskum jarðvegi. Myndlist hennar hefur síðustu misserin þróast í sjálfsprottna upplifun náttúrufyrirbrigða, en myndirnar málar hún með þykkum og kraftmiklum pensilförum og einkennast þær af mikilli birtu og gleði.

Reykjavík Art Gallery er opið alla daga nema mánudaga kl. 14-17.

- vþ




# Lokað við Hlemm

**Möguleikhúsinu við Hlemm verður brátt lokað. Breytingar á styrkjum til leikhússins sem er eitt fárra sjálfstæðra leikhúsa sem hafa ráðið yfir eigin húsnæði, valda því að eigendur þess treysta sér ekki til að halda húsnæðinu og selja það. Síðasta sýningin í hinum netta sal við Hlemm er á föstudag.**

Frá árinu 1995 hefur Möguleikhúsið staðið fyrir leikhúsnámskeiðunum Leikhús möguleikanna fyrir börn á sumrin við Hlemm. Um er að ræða þriggja vikna námskeið þar sem unnið er með börnunum fimm tíma á dag fimm daga vikunnar og fengist við flest þau atriði sem tengjast leikshúsuppsetningu. Allir þessir þættir eru síðan nýttir til að vinna leiksýningu frá grunni, sem sýnd er í Möguleikhúsinu í lok námskeiðsins. Skapast hefur sú hefð að sýningin sé sýnd a.m.k. tvisvar, annars vegar fyrir börn á nokkrum leikjanámskeiðum og hins vegar fyrir aðstandendur barnanna.

Nú í sumar hófst námskeiðið 9. júní og lýkur með sýningu næstkomandi föstudag, 27. júní. Sýningin ber heitið „Hentu í mig hamrinum" og byggir á sögum úr norrænni goðafræði, nánar tiltekið frásögninni af því er Þrymur stelur hamri Þórs. Þátttakendur eru 12 börn á aldrinum 9 til 12 ára en leiðbeinendur á námskeiðinu eru Pétur Eggerz og Margrét Pétursdóttir.

Sýningin á föstudag verður jafnframt síðasta leiksýningin í Möguleikhúsinu við Hlemm. Í júlíbyrjun mun starfsemi leikhússins flytja úr húsnæðinu, verður geymsluhúsnæði fyrir Félagsbústaði Reykjavíkurborgar.

Möguleikhúsið mun þó ekki hætta starfsemi heldur starfa áfram sem ferðaleikhús án eigin húsnæðis.

Möguleikhúsið opnaði leikhúsið við Hlemm í júní 1994 og hefur því haft þar aðsetur í fjórtán ár. Leikhúsið hefur frá upphafi verið helgað sýningum fyrir börn og unglinga og er fyrsta leiksviðið hér á landi sem eingöngu er ætlað í þeim tilgangi. Það hlýtur því að teljast til nokkurra tíðinda að nú sé að því komið að loka þurfi Möguleikhúsinu við Hlemm, en vonandi kemur sá tími síðar að stuðningur finnist til að tryggja rekstur sérstaks leikhúss fyrir yngstu kynslóðina á Íslandi.

pbb@frettabladid.is




**LEIKLIST** Möguleikhúsið við Hlemm. Þar verður hætt starfsemi, húsnæðið selt og Möguleikhúsið slæst þá í hóp leikflokka sem eru án húsnæðis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Mörgum hættir við að bruna framhjá markverðum stöðum og aldrei að vita hverju þú missir af ef farið er um í óðagoti.

Ferðumst um landið – en förum okkur hægt og komum heil heim.

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA 9080339

# Ekki þér að kenna

**Íslenskir myndlistarmenn gera það gott í New York-borg um þessar mundir. Ólafur Elíasson afhjúpaði í gærkvöldi gríðarstóra fossa sína sem frussast fram undir Brooklyn-brúnni og í dag verður opnuð sýning níu íslenskra myndlistarmanna í Luhring Augustine-sýningarrýminu.**



RAGNAR KJARTANSSON MYNDLISTARMAÐUR Einn þeirra sem taka þátt í sýningunni It´s not your fault í Luhring Augustine-sýningarrýminu í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Listamennirnir níu eru þau Birgir Andrésson, Hrafnhildur Arnardóttir, Ásmundur Ásmundsson, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Unnar Örn, Haraldur Jónsson, Ragnar Kjartansson, Katrín Sigurðardóttir og Magnús Sigurðarson, en sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson. Sýningin heitir upp á enska tungu It´s not your fault, en myndi á íslensku útleggjast sem Þetta er ekki þér að kenna. Titillinn er fenginn úr myndbandsverki listakonunnar Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur, en í því má sjá listakonuna troða upp á svokölluðu uppistandskvöldi og hughreysta áhorfendur með þessum sektarminnkandi orðum.

Annars mætti segja að rauði þráðurinn í sýningunni sé átök listamannanna við uppruna sinn, bæði í landafræðilegum og sagnfræðilegum skilningi. Listamennirnir takast á við fortíðina og menningararfinn hvert á sinn hátt; sum þeirra eru gagnrýnin á áhrif þessara þátta á verk sín, en notast þó öll að einhverju leyti við hefðbundnar norrænar frásagnahefðir og framsetningaraðferðir í verkum sínum.

Verk eftir Birgi Andrésson heitinn er þungamiðja sýningarinnar. Í verkinu leitaðist Birgir við að raða saman ýmsum prentuðum heimildum til þess að varpa nokkru ljósi á það einstaka umhverfi sem fóstrað hefur íslenska menningu og finna þannig sannleikann í skáldskap þjóðarinnar. Meðal annarra menningarafreka þjóðarinnar sem sjá má á sýningunni er bleika myndbandsinnsetningin Guð eftir Ragnar Kjartansson sem hann sýndi í Nýlistasafninu í haust við góðar undirtektir bæði myndlistarrýna og leikmanna og svo ísilagt landslag Katrínar Sigurðardóttur sem áhorfendur þurfa að verða hlutar af til að upplifa.

Sýningin stendur til 8. ágúst og fá því New York-búar tækifæri næstu vikurnar til að fá beint í æð margt af því skemmtilegasta og umhugsunarverðasta sem íslensk samtímamyndlist hefur upp á að bjóða á einni þægilegri sýningu. Ekki amalegt það.

vigdis@frettabladid.is

# Bækur Roths



LISTIR Dieter Roth, myndlistarmaður og höfundur í besta skilningi orðsins.

Um nokkurt skeið hefur staðið yfir vinna í Nýlistasafninu við skráningu á verkum safnsins, þar á meðal gjöf Dieters Roth til safnsins. Þar í er stórt safn bókverka hans, en Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur hefur talið bókverkið eitt helsta framlag Dieters til samtímalistar. Áhersla hans á vinnu við bókagerð hafi skapað bókinni sem verki rúm í myndlist Vesturlanda á ný. Gjöfin til Nýlistasafnsins sem var sumpart eðlilegt framhald af starfsemi SUM við Vatnsstíg, en Dieter var í verulegum tenglsum við þá kynslóð sem safnaðist undir það heiti, ól hana að vissu leiti upp, studdi á ýmsan hátt, sá meðal annars um sýningarskrá fyrir fyrstu SUM-sýninguna í Ásmundarsal 1965.

Dieter tók að gera bækur strax eftir komuna hingað til Íslands 1957. Þær fyrstu skar hann út sjálfur og voru þær bækur beint áframhald af vinnu hans með kinetisk element og róttækar hugmyndir hans um konkret-listina. Bækur sínar prentaði hann sumar hér í samstarfi við Litróf. Nú gefst almenningi kostur á að sjá yfirlit um bókverk Dieters frá því fyrir 1960 fram yfir 1990.

Catherine Fayek og Ann Katrin Risse hafa tekið sýninguna saman en hún verður opnuð í húsnæði Nýlistasafnsins á föstudag.

# Konungleg myndlist í kjallara



KONUNGLEGT Verk á sýningu Ingibjargar og Lilju Birgisdætra í Gallerí Íbíza Bunker.

Listakonurnar Ingibjörg Birgisdóttir og Lilja Birgisdóttir opna sýningu sína „...og konungar hrundu úr hásætum sínum“ í Gallerí Íbíza Bunker, kjallara Þingholtsstrætis 31, í dag kl. 17. Á sýningunni má berja augum bæði ljósmyndir og innsetningu.

Ingibjörg Birgisdóttir er útskrifuð úr Listaháskóla Íslands og hefur tekið þátt í mörgum sýningum hérlendis ásamt því að hafa vakið mikla athygli víða um heim, þökk sé undri veraldarvefjarins, fyrir tónlistarmyndband sem hún gerði við lag með hljómsveitinni múm. Lilja Birgisdóttir nam ljósmyndun í Hollandi og hóf svo nám í Listaháskóla Íslands síðastliðið haust. Hún er vinsæll ljósmyndari og hefur mikið starfað með tónlistarmönnum hér heima. Hún hefur einnig tekið þátt í mörgum samsýningum.

Á opnuninni verður ekki aðeins boðið upp á myndlist heldur fá eyrun einnig glaðning. Ónettinn Harpa verður á staðnum og býður upp á konunglega hörputóna fyrir glaðbeitta opnunargesti. Einnig verður farið í hressandi leiki í garði gallerísins.

Gallerí Íbíza Bunker er ný viðbót við galleríin í Reykjavík, stofnað í apríl síðastliðnum af Ragnheiði Káradóttur og Sigríði T. Tulinius. Markmið stjórnenda sýningarrýmisins er að sýna verk framsækinna myndlistarmanna óháð aldri, menntun og fyrri störfum. Verkefnið hlaut styrk frá skapandi sumarstörfum Hins hússins. - vþ



KAUPMENNIRNIR Á HORNINU Gunnar og Kristján reka verslunina Kjötborg í vesturbæ Reykjavíkur.

# Kjötborg áfram

Heimildarmyndin Kjötborg, eftir þær Helgu Rakel Rafnsdóttur og Huldu Rós Guðnadóttur, hlaut áhorfendaverðlaun sem besta myndin á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg núna í maí og var fyrr í þessum mánuði tekin til sýninga í Háskólabíói. Skemmst er frá því að segja að myndin hefur laðað að sér fjölda áhorfenda, enda hefur hún fengið einróma lof gagnrýnenda og vakið lukku hjá hverjum þeim sem hana sér.

Vegna góðrar aðsóknar verður myndin sýnd eina viku í viðbót í Háskólabíó en áætlað hafði verið að ljúka sýningum á henni í gær.

Myndin fjallar um kaupmennina Gunnar og Kristján og hornverslun þeirra Kjötborg í Vesturbænum.

Bræðurnir eru goðsögur í lifanda lífi og síðustu móhíkanarnir í sínum geira. Myndin er full af húmor og gáska, viðkvæmni, óreiðu og fegurð og kemur áhorfendum til þess að hlæja og gráta til skiptis. - vþ






Þegar komið er á Ísafjörð, eru aðeins nokkrir kílómetrar í viðbót til Bolungarvíkur, út Skutulsfjörð, meðfram Óshlíð. Gefðu þér tíma á Vestfjörðum!

www.ferdalag.is

UMFERÐARSTOFA
Ferðamálastofa www.ferdalag.is



BECK



ALBERT HAMMOND JR.

## > Í SPILARANUM

Beck - Modern Guilt
Atómstöðin - Exile Republic
Dr. Dog - Fate
Tommygun Preachers - Jawbreaker
Albert Hammond Jr. - Como Te Llama?

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Keflvískt blóðbragð*

Suðurnesjarokkbandið Tommygun Preachers hefur sent frá sér fyrstu plötuna sína, Jawbreaker.

„Mottóið okkar er „ekkert kjaftæði“ og rokkið okkar er einmitt þannig,“ segir Smári klári gítarleikari. „Þetta er skítabassi, trommur og gítar og ekkert kjaftæði og allt tekið upp á teip í Hljóðrita af Kidda í Hjálmum.“



**JESS, LOKSINS ALVÖRU ROKK** Tommygun Preachers hefur gefið út plötuna Jawbreaker. Frá vinstri: Smári, Magni söngvari, Óli trommari og Ingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GÚNDI

„Við erum geðveikt ánægðir með útkomuna,“ bætir Ingi Þór bassaleikari við. „Þetta er pjúra rokk og ról og það er langt síðan að svona plata kom út á Íslandi.“

Strákarnir vilja þó ekki setja sig á háan hest og benda á Benny Crespo‘s Gang, Brain Police og Deep Jimi & The Zep Creams sem álíka „ekkert kjaftæði“-hljómsveitir.

„Ég held að við séum á mjög góðum tíma með svona tónlist,“ segir Smári. „Maður sér það á fólkinu sem heyrir í okkur. Það segir „jess, loksins alvöru rokk“ og fær blóðbragð í munninn og glampa í augun.“

Í núverandi mynd er Tommygun Preachers þriggja ára. Bandið hefur aðallega haldið sig í Keflavík og spilað á heimavellinum, pöbbnum Paddys. Þar verða útgáfutónleikarnir um miðjan júlí en síðan á að spila á Organ í lok mánaðarins. Platan er hins vegar komin í allar plötubúðir. **- glh**



## > Plata vikunnar

Sigur Rós - Með suð í eyrum við spilum endalaust

★★★★

„Fín plata sem markar upphaf nýrra tíma fyrir eina af bestu hljómsveitum Íslandssögunar.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Frjór og hugmyndaríkur*

Sumarið 2008 er sumar gömlu karlanna í tónleikahaldi á Íslandi. Dylan og Fogerty að baki og Eric Clapton væntanlegur í ágúst. Og svo Paul Simon sem mætir með stóra hljómsveit og spilar í Laugardalshöll næstkomandi þriðjudagskvöld.

Ég verð að viðurkenna að ég var svolítið lengi að átta mig á því hvað Paul Simon er frábær. Ég ólst upp með pönkinu og Simon & Garfunkel voru ekki alveg málið á þeim tíma. Iggy og Velvet og Bowie og Roxy auðvitað, en ekki Mrs. Robinson og Cecilia. Ég hafði samt gaman af Graceland þegar hún kom út 1986 þó maður hafi ekkert verið að hrópa það á torgum úti.

Síðustu ár hefur hins vegar runnið upp fyrir mér hvað þetta er merkilegur náungi. Ferill hans einkennist af tvennu. Í fyrsta lagi er hann frábær lagasmiður og í öðru lagi er hann alltaf að prófa nýja hluti í stílum og útsetningum. Virkilega frjór. Hann gerði Mother & Child Reunion árið 1972. Hreinræktað reggí, tveimur árum áður en Clapton tók I Shot the Sheriff. Hann hefur líka komið við í doo-woppi og heimstónlist, m.a. á „Afríkuplötunni” Graceland og „Brasilíuplötunni” The Rhythm of the Saints.

Nýlega kom út safn sem spannar sólóferil Paul Simon, The Essential Paul Simon, sem er tveggja diska 36 laga pakki. Það sem kemur mest á óvart á honum er hvað Simon hefur tekist að halda gæðunum stöðugum í gegnum ferilinn. Nýrri lögin eru ekki síður góð, t.d. lög af plötunni Surprise sem hann gerði að hluta til með Brian Eno fyrir tveimur árum.

The Brooklyn Academy Of Music helgaði tónlist Paul Simon nokkur kvöld í apríl. Þar spiluðu lögin hans ásamt honum ýmsir listamenn, m.a. Grizzly Bear og David Byrne, en Simon og Talking Heads-söngvarinn eiga margt sameiginlegt. Paul Simon er þekktur fyrir tilkomumikla tónleika og mun spila lög frá öllum ferlinum í Höllinni. Getur varla klikkað!



**FRÁBÆR LAGASMIÐUR** Paul Simon spilar í Höllinni á þriðjudag. NORDICPHOTOS/GETTY






# Nú kólnar í Kanada

**Íslandsvinirnir í Wolf Parade frá Kanada eru mættir aftur á svæðið, nú með sína aðra breiðskífu er nefnist At Mount Zoomer. Steinþór Helgi Arnsteinsson hefur fylgst með sveitinni frá upphafi og er ekkert á þeim buxunum að hætta því.**



**VONBRIGÐI?** Önnur plata Wolf Parade þykir ekki standast fyrstu plötunni snúning.

Wolf Parade var ein af þessum sveitum sem fékk tónlistaráhugafólk til að vilja athuga hvað væri eiginlega í vatninu í Kanada. Arcade Fire verður að teljast fyrsta eiginlega hittarasveitin í þessari bylgju en síðan þá hefur þeim hreinlega rignt inn. Unicorns, Black Mountain, New Pornographers, Tokyo Police Club, Malajube, Broken Social Scene, Sunset Rubdown, Metric, listinn er endalaus. Auðvitað eru þarna sveitir sem skera sig úr fjöldanum vegna gæða sinna og er Wolf Parade svo sannarlega ein þeirra.

### Í upptökuveri Arcade Fire

Fyrsta plata Wolf Parade, Apologies to the Queen Mary, kom út árið 2005 en eins og nýja platan, At Mount Zoomer, var hún gefin út af hinu virta plötufyrirtæki Sub Pop í Seattle. Þá staðreynd mega piltarnir í Wolf Parade að mestu þakka forsprakka Modest Mouse, Isaac Brock, sem lá dolfallinn yfir sveitinni og sá um upptökustjórn á fyrstu breiðskífu og þriðju stuttskífu sveitarinnar.

Á nýju plötunni er hins vegar enginn Brock. Plötuna tóku piltarnir upp sjálfir og notuðust þeir mest við kirkjuna Petite Église sem eru í eigu Arcade Fire en sú ágæta sveit hafði breytt kirkjunni í hljóðver við gerð Neon Bible.

### Ekki við eina fjölina felldir

Apologies … fékk fádæma góðar viðtökur þegar hún kom út. Wolf Parade var hampað í bak og fyrir og endaði ofarlega á flestum á árslistum tónlistarmiðla yfir bestu plötur ársins 2005. Reyndar er það ekki furða enda er platan óhemju óvægin í garð hlustandans.

Síðan Apologies … kom út hafa liðsmenn Wolf Parade verið einkar duglegir að sinna hinum ýmsu hliðarverkefnum. Í heimahöfn sveitarinnar, Montreal, virðist einmitt gilda sú regla að ef maður er á annað borð í hljómsveit þarf að vera tveimur öðrum á sama tíma. Sem dæmi er Spencer Krug einnig í Sunset Rubdown og Swan Lake og Dan Boeckner starfrækir einnig sveitina Handsome Furs (sem spilar á Airwaves í ár) ásamt því að hafa spilað með Islands og mörgum fleirum.

### Nokkur verulega slæm plötuheiti

Nýja platan fær nafn sitt frá hljóðveri trommara sveitarinnar en hét áður Kissing the Beehive og þar á undan Pardon My Blues. Sveitin varð að hætta við Kissing …-nafnið sökum þess að bók með Jonathan Carroll ber sama nafn. Það hefur væntanlega einnig haft einhver áhrif að biblía indí-hausanna, Pitchfork Media, skrifaði sérstaka grein um hversu ömurlegt nafnið væri.

Fyrir indí-hausa kom það einnig á óvart að Pitchfork, aðalbandamaður Wolf Parade, skuli ekki lofa nýju plötuna upp í hæstu hæðir. Platan fær „aðeins“ 7,7 í einkunn hjá miðlinum en dómar flestra annarra tónlistarmiðla hafa þó verið á svipuðum á nótum. Platan er sem sagt góð en ekki jafn góð og Apologies … og stenst þess vegna ekki væntingar. Eða hvað?

# Spila frá sér lungu og lifur

Sjaldan er lengi tíðindalaust hjá vinalega rokkdýrinu Mugison. Hann og hans band eru á leið í þriggja vikna túr um Evrópu en þeir félagar spila fyrir hönd Íslands á Hróarskeldu, líkt og Bloodgroup. Mugison er aftur á móti sallarólegur og bað blaðamann um að upplýsa sig um hvenær dags hann væri að spila á hátíðinni. – „Þú ert klukkan fjögur á föstudegi.“ – „Já, ok. Töff.“

Hann man vel eftir seinustu Hróarskeldu, 2005, en þá var Pétur Ben með honum ásamt fjölskyldum þeirra. „Það var alveg geðveikt. Ég var þarna með eldri son minn þriggja mánaða og það var eitthvað svo töff. Vera í góðum fíling og hlusta á allar þessar hljómsveitir og drekka bjór í sólinni. Fólk er mætt þarna til að hlusta. Þetta er eins og íslensk útihátíð þar sem allir eru að skemmta sér, nema þarna eru bara tónlistaráhugamenn.“



**ROKKBANDIÐ ÓGURLEGA MEÐ Í FÖR** Mugison er á leið á túr um Evrópu.

Síðast spilaði Mugison klukkan tólf á hádegi. „Ég var helvíti hræddur um að það væri allt of snemma og aðeins konur okkar og börn myndu mæta. En það var alveg stappað. Íslendingarnir vöknuðu til að sjá sína menn. Íslendingurinn var svo hress að Daninn þorði ekki annað en að vera með. Það myndaðist alveg klikkuð stemming.“ Mugison vonast til að sagan endurtaki sig. „Við hlökkum hrikalega mikið til. Núna er ég náttúrlega með rokkbandið ógurlega. Tveir í bandinu eignast börn í ágúst og þá tökum við okkur pásu en ég held að allir ætla að spila frá sér lungu og lifur.“

Hann hvetur fólk til að missa ekki af þeirri upplifun sem hátíðin er. „Ég gerði nefnilega þau ræknu mistök þegar ég var yngri að beila alltaf. Það eru örugglega ein stærstu mistök lífs míns því þetta er alveg geðveik hátíð. Allavega fannst mér mjög góð stemning 2005.“

Hróarskelda er aðeins einn af mörgum stoppistöðum á túrnum. Á næstu tveim vikum kemur platan, Mugiboogie, út um alla Evrópu og Bandaríkin en hún er þegar komin út í Danmörku. **- kbs**

# Úrval af myndavélum
## á frábæru verði

Öll raftæki fást í Hagkaup Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**OPIÐ til 20 alla daga**




**13.990kr**
GOTT VERÐ

### Olympus myndavél FE270

- 7.1 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5"" LCD Skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 15 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- 6,9MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 9,02x6,35x3,07
- Þyngd: 122g (án rafhlöðu og korts)




**18.990kr**
GOTT VERÐ

### Panasonic Lumix myndavél DMCLS80SILLFUR

- Stafræn með 8,1 milljón punkta upplausn
- Venus Engine III
- Intelligent ISO Control
- MEGA OIS hristivörn í linsu
- LUMIX DC Vario - linsa
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 5.5 - 16.5mm (35mm Samb. 33 - 100mm)
- ISO 100-1250
- 22 Scene Programmes
- 2.5"" LCD skjár (230.000 pixlar)
- Hágæða hreyfimyndataka (Hámarksupplausn: 16:9 848x480 - 30fps)
- Rauf fyrir SD/SDHC kort
- Notar AA rafhlöður
- Hugbúnaður fylgir
- Litur: Silfur



**27.990kr**
GOTT VERÐ

### Olympus myndavél MJU840SIL

- 8 MegaPixel
- 5x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom
- Linsa: 6.4 - 32mm (35mm samb.: 36 - 180mm)
- 2,7"" LCD Skjár (230.000 pixlar)
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Dual Image Stabilization - Hristivörn
- Face Detection Technology
- TruePic III myndvinnsla
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480 - 30fps)
- Átta myndstærðir
- 20 Scene Programmes
- Auto Flass og Red Eye Reduction
- Tímarofi
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir




**24.990kr**
GOTT VERÐ

### Panasonic Lumix myndavél DMCFS3SILFUR

- Stafræn með 8,1 milljón punkta upplausn
- Venus Engine IV
- Intelligent Auto
- Face Detection
- Intelligent Scene Selection
- MEGA OIS hristivörn í linsu
- LEICA DC Vario - Elamrit linsa
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 5.5 - 16.5mm (35mm Samb. 33-100mm)
- 21 Scene Programmes
- 2.5"" LCD skjár (230.000 pixlar)
- Hágæða hreyfimyndataka (Hámarksupplausn: 16:9 848x480 - 30fps)
- 50MB innra minni og rauf fyrir SD/SDHC kort
- Rafhlaða endist allt að 330 myndir
- Hleðslutæki og hugbúnaður fylgja
- ISO 100-1600
- Litur: Silfur"




**39.990kr**
GOTT VERÐ

### Olympus myndavél MJU850SWSIL

- 8 MegaPixel
- Vatnsheld að 3m dýpi
- Höggheld upp í 1.5m hæð
- 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- Linsa: 6.7 - 20.1mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5"" LCD Skjár (230.000 pixlar)
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Digital Image Stabilisation
- Face Detection Technology
- TruePic III myndvinnsla
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480 - 30fps)
- Auto Flass og Red Eye Reduction
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Átta myndstærðir
- 24 Scene Programmes
- Tímarofi
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir




**22.990kr**
GOTT VERÐ

### Olympus myndavél FE340SV

- 8 MegaPixel
- 5x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.1 - 31.5mm (35mm samb.: 36 - 180mm)
- 2,7"" LCD Skjár
- Face Detection
- Brightcapture Technology - Frábær við öll birtuskilyrði
- Digital Image Stabilisation
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480 - 30fps)
- Sjö myndstærðir
- 18 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og Tímarofi
- Háhraða USB 2.0 tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 9,7x 5,8x2,3
- Þyngd: 116g (án rafhlöðu og korts)

Gildir til 03.júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

### > ENGINN SLAGUR

Ekki verður af slag Angelinu Jolie og Jennifer Aniston í október. Allt stefndi í að leikkonurnar myndu takast á 24. þess mánaðar, en þá áttu myndir með þeim báðum að koma út í Bandaríkjunum – Jolie leikur í Changeling, og Aniston í He's Just Not That Into You. Útgáfu myndar Aniston hefur hins vegar verið frestað fram í febrúar.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Kylie aftur í faðm Oliviers

Kylie Minogue og Olivier Martinez munu hafa tekið saman að nýju. Ástralska söngkonan og franski leikarinn voru par í fjögur ár, en skildu að skiptum árið 2007, þegar Kylie hafði sigrast á brjóstakrabbameini sem hún greindist með árið 2005.

Kylie og Olivier sáust njóta lífsins á veitingastað í París í vikunni, þar sem sjónarvottar sögðu þau vart hafa getað tekið augun hvort af öðru. Með í för voru foreldrar Minogue og stílisti hennar, en söngkonan er nú á tónleikaferðalagi um Evrópu.

„Þau gátu ekki falið væntumþykjuna þeirra í milli og horfðust ástúðlega í augu. Það var mikið um faðmlög og innilegar samræður," segir einn sjónarvotturinn. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem orðrómur um að þau hafi tekið saman á ný fer á kreik. Í febrúar sagði vinur söngkonunnar að þau hygðust jafnvel stofna fjölskyldu.

„Olivier hefur samþykkt að reyna að eignast barn. Það var alltaf stórmál í sambandinu þeirra. Olivier er búinn að segja henni að núna sé hann tilbúinn til að stofna fjölskyldu, kvænast henni og festa ráð sitt," sagði vinurinn.



**AFTUR MEÐ OLIVIER?** Kylie Minogue og Olivier Martinez nutu lífsins í París í vikunni, en þau skildu að skiptum í fyrra.

**LANGAR Í FJÖLSKYLDU** Vinur söngkonunnar segir Olivier nú vera tilbúinn að eignast börn og stofna fjölskyldu.

# Tískuhjól stjarnanna

Sjálfskipta Trek Lime-reiðhjólið hefur slegið í gegn hjá fræga fólkinu. Tom Hanks kallar þetta hjól framtíðar, Cameron Diaz sést oft á Lime-hjólinu sínu og Ellen Degeneres hefur gefið gestum í þættinum sínum svona hjól. Trek Lime-hjólin hafa verið í framleiðslu í eitt ár. Það má fá í karl- eða kvenstellum og velja á þau liti ekki ósvipað og með iPoda. Þau eru stílhrein og með gamaldags fótbremsu, en það sem er nýtt við þau er þriggja gíra rafdrifin sjálfskipting. Undir hnakknum er svo lítið geymsluhólf. Hjólin kosta á milli fimm og sex hundruð dali í Bandaríkjunum en fást ekki á Íslandi, í bili að minnsta kosti.



**SJÁLFSKIPT** Trek Lime fást í ýmsum litum.

# Opið hús listafólks

Við Smiðjustíg 4a hafa ýmsir listamenn úr mismunandi áttum hreiðrað um sig á tveimur hæðum og er þar nú starfrækt alhliða lista- og menningarmiðstöð. Þar eru Aron Bergmann, FM Belfast, Reykjavík!, Borko, Inga Maja, Skakkamanage, 701, Jette Jonckers, Popplín og Ólöf Arnalds með aðstöðu auk þess sem plötuútgáfan KIMI records frá Akureyri er með höfuðborgarútibú sitt í húsinu. Í dag verður opið hús á milli kl. 17 og 19. Gestir og gangandi fá glaðning og veitingar og geta svo gengið um húsið og hitt íbúana, jafnvel fengið að taka í hljóðfæri. Gengið er inn frá portinu við Grand Rokk til hægri, en leiðin verður merkt með blöðrum svo enginn villist.



**SKAKKAMANAGE VINNUR AÐ NÝRRI PLÖTU** En hleypir gestum í æfingahúsnæðið í dag.

# Best að fá sér hjól

**Auðveldasti mótleikurinn gegn ofurháu bensínverði er að hætta þessu rugli og skella sér á reiðhjól. Þann kost eru sífellt fleiri að velja, enda sparnaðurinn mikill.**

„Götuhjólin okkar eru uppseld og við fáum ekki fleiri fyrr en um miðjan júlí," segir Óttar Sævar Magnússon hjá Erninum. „Það er þegar kominn langur biðlisti fyrir hjólin sem við fáum þá. Ódýrustu hjólin hjá okkur eru á í kringum 30.000 krónur. Það eru ágætis hjól. Ég myndi mæla með Trek-hjólum sem kosta 34.900 og 39.900. Þetta eru fjallahjól. Svo er náttúrlega hægt að fá hjól á upp í sex-sjö hundruð þúsund. Þá ertu kominn í svakalegar græjur."

Hjá GAP eru til götuhjól á lager. „Það eru margir að hugsa það sama núna: bensínið er orðið alltof dýrt, best að kaupa sér hjól," segir Brynjólfur Mogensson sölumaður. „Vinsælasta tegundin er Mongoose Kaldi á 59.900 krónur. Það er kannski dálítið mikið fyrir hjól, en það fylgir líka allt með þessum hjólum, meira að segja hitabrúsi. Ef fólk fer allra sinna ferða á hjóli og er alveg hætt að nota bíl er algengt að það kaupi sér vandaðri hjól, eins og til dæmis handsmíðuð Cannondale með lífstíðarábyrgð á stelli. Þú kemst allt á svoleiðis og þau má fá á 106.000 krónur og upp úr."

Á svokölluðum götuhjólum situr maður uppréttur og nær betra rennsli með minni fyrirhöfn enda dekkin slétt. Á fjallahjólum er meira legið fram á stýrið, þau eru á grófum dekkjum og nýtast í möl og þegar farið er út fyrir bæjarmörkin. Morten Lange, formaður Landssamtaka hjólreiðamanna, segir greinilega hjólreiðar greinilega að aukast. „Það vantar bara Gallupkönnun til að staðfesta þetta," segir hann. „Síðast spurði Gallup um hjólreiðar árið 2002. Það var um hávetur en samt sagðist eitt prósent aðspurðra nota hjól í stað bíls."

Morten segir hægt að komast allra sinna ferða, allan ársins hring á reiðhjóli. „Í verstu veðrunum getur það reyndar verið mikil áskorun og svo þarf maður að vera útsjónarsamur og kanna leiðirnar. Oft setja vegaframkvæmdir strik í reikninginn og það mætti bæta margt – til dæmis leggja fleiri hjólreiðabrautir meðfram stoðbrautum – til að hjólreiðar verði enn augljósari valkostur." gunnarh@frettabladid.is



**Á GARY FISHER YAHOO-HJÓLINU** Morten Lange keypti hjólið á fjörutíu þúsund fyrir fjórum árum og hefur eytt tuttugu þúsundum í varahluti. Hann fer allra sinna ferða á hjólinu, allan ársins hring. Hann hefur sparað ófáar milljónir með því að vera bíllaus. Svo sparar hann sér líka að fara í ræktina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




%
30-50% AF
ÚTSALAN BYRJAR Í DAG, FÖSTUDAG.
NIKE
ADIDAS ORIGINALS
AMERICAN APPAREL
DR. DENIM
KSUBI
ACNE JEANS
THOMAS BURBERRY
SURFACE 2 AIR
BASK
LAUGAVEGUR 86-94
101 REYKJAVÍK
SÍMI: 552 8090




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 5:30 - 8D - 10:20D | 16 |
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| NARNIA 2 | kl. 5D - 8 - 10:40 | 7 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | VIP |
| THE BANK JOB | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SPEED RACER | kl. 5 | L |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| WANTED DIGITAL | kl. 6D - 9D - 11:15D | 16 |
| NARNIA 2 DIGITAL | kl. 3D - 6D | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 9 - 11:15 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| SPEED RACER | kl. 3D | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 5 | L |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 6 - 9 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 5:40 | L |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5 - 8 - 10:20 | 12 |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 4 D - 7 D - 10 D | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SEX AND THE CITY LÚXUS | kl. 6 - 9 | 14 |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| HAPPENING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| ZOHAN | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| KJÖTBORG | kl. 6 - 7 ENSKUR TEXTI | |
| MEET BILL | kl. 8 - 10.10 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| INDIANA JONES | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 10.10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WANTED- POWER / DIGITAL | kl. 5.50, 8 og10.10(P) | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 og 9 | 14 |




# Carl Craig spilar fyrir Íslendinga

Bandaríski plötusnúðurinn Carl Craig spilar í kvöld á skemmtistaðnum Tunglinu. Þetta er í annað sinn sem hann kemur hingað til lands, en hann spilaði hér síðast fyrir ellefu árum í þættinum Party Zone á útvarpsstöðinni X-inu. Craig hóf feril sinn í Detroit-borg í lok níunda áratugarins þegar house-tónlistin svokallaða hóf að ryðja sér til rúms. Craig á að baki langan feril og hefur á þeim tíma náð að skapa sér nafn sem einn helsti snillingur teknó- og house-senunnar.

Tónleikarnir hefjast klukkan 23 og munu tvíeykið Orang Asli og plötusnúðarnir Casanova og Alfons X sjá um upphitun fyrir kvöldið. Þetta er í fyrsta sinn sem Orang Asli kemur fram á tónleikum en dúettinn átti lög meðal þeirra tíu efstu á árslista Party Zone árið 2007. Alfons X og Casanova eru gamalreyndir plötusnúðar og ættu dansglaðir Íslendingar að vera þeim kunnir. Miðasala fer fram í verslunum Skífunnar, á miði.is og í versluninni G-Star á Laugarvegi og kostar miðinn 1.900 krónur. - sm



**PLÖTUSNÚÐURINN CARL CRAIG** Eitt stærsta nafnið í danstónlistinni.

# Nóg til af kvenhetjum

**Stelpur fá loksins eitthvað við sitt hæfi á Pop-quiz á Organ í kvöld. Umsjónarmennirnir lofa spurningum um Eurovision-dívur og kvenrokkara.**

Unnur María Bergsveinsdóttir og Íris Ellenberger eru spyrlar á kvennapop-quizi á Organ klukkan sex í kvöld. Pop-quiz er fastur liður á föstudögum. „Gylfi kvartaði yfir því að svo fáar konur hafði komið að þessu pop-quizi," sagði Íris. „Við erum stelpnahópur sem mætir alltaf saman. Við höfum stundum saknað þess að ekki sé spurt meira um Eurovision-dívur og kvenrokkara. Okkur fannst þetta vera góð tilbreyting," sagði Unnur. Þær voru því tilvaldar í verkið. „Við erum búnar að liggja yfir Youtube og drekka mikinn bjór meðan við rökræðum hvaða spurningar við eigum að hafa. Við lofum góðri skemmtun og það verður farið um víðan völl." Unnur vonar hins vegar að aðrir sjái um næsta kven-quiz. „Svo við eigum séns á að vinna bjórkassann sjálfar."

Varpað verður ljósi á kvenhetjur rokksögunnar. „Það er alltaf nóg af kvenhetjum, töff konum sem hafa verið að gera góða hluti. En maður þarf að leita að þeim," segir Unnur. Íris bætir við: „Þær virðast vera í annarri stöðu. Þær eru söngkonur og augnayndi, meðan meira er lagt upp úr lagahöfundunum, sem eru oftast karlar."

Unnur segir hlut kvenna í rokkinu hafa skánað talsvert. „Mér hefur fundist auðveldara fyrir konur að fá umfjöllun og komast inn í rokktónlist á síðustu árum. Ég er samt ekki að segja að það sé neitt auðvelt í dag. En ég held að í íslensku tónlistarlífi núna séu jákvæðari fyrirmyndir en voru fyrir svona tíu árum. Bæði í grasrótinni og svo eru stærri hljómsveitir að koma upp eins og Bloodgroup sem eru með athyglisverðum konum innanborðs. Og Mammút. Ég held að þau hafi breytt talsvert miklu. Mér finnst þær ógeðslega töff, eða þau."

Unnur var sjálf í Brúðarbandinu, sem nú er í pásu vegna barneigna og háskólagöngu. Hún segir barneignir þó ekki standa í vegi fyrir konum í rokkinu. „Ef þú lítur til dæmis til Sykurmolanna þá fóru þær með börnin sín í tónlistarferðir og það var ekkert mál."

Hvað er þá vandamálið? „Þetta er ímyndarvandamál, ekki praktískt. Við erum flest þannig að við horfum til þeirra fyrirmynda sem við höfum þegar við íhugum okkar möguleika. Þegar skortir á fyrirmyndir fyrir konur þá heldur það sjálfkrafa aftur af því sem okkur dettur í hug að gera." kolbruns@frettabladid.is



**HALDA UPPI HEIÐRI KVENROKKARA** Unnur María Bergsveinsdóttir og Íris Ellenberger sjá um pop-quiz í kvöld. Þær lofa spurningum um kvenrokkara og Eurovision-dívur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bankarán sem vindur upp á sig

The Bank Job er byggð á frægri sannri sögu úr glæpaheimum London ársins 1971, þegar hópur smáglæpona var ráðinn til að tæma öryggishólfin í banka einum. Þeir vita hins vegar ekki að í hólfunum eru mörg sóðaleg leyndarmál sem tengja anga sína allt til glæpakónga, spillingar innan ríkisstjórnarinnar og jafnvel hneykslismála í konungsfjölskyldunni, sem flækir málin allverulega.

The Bank Job er mynd eftir Roger Donaldson, fjölhæfan ástralskan reynslubolta sem hefur leikstýrt myndum á borð við Dante's Peak og nú nýlega The World's Fastest Indian. Myndin hefst sem áhugaverð bankaránsmynd í klassískari kantinum og svipar til Ocean's-myndanna, sé glamúrinn ekki tekinn með í reikninginn. En eftir það fer hún inn á fjölbreyttari svið og við tekur atburðarás sem er jafn sniðug og hún er skemmtileg, og jafnvel betra en það sem á undan gekk. Slíkar eru uppákomurnar í myndinni að það er ótrúlegt að myndin skuli vera byggð á sönnum atburðum.

Í aðalhlutverki er Jason Statham, sem er í fantaformi sem svipuð harðjaxlatýpa og úr fyrri myndum hans. Margir fínir breskir leikarar prýða önnur aukahlutverk og David Suchet, sá sem lék Hercule Poirot í sjónvarpsþáttunum, kemur skemmtilega inn sem klámkóngur.

Stíll myndarinnar er einnig flottur, hraðskreiður og laus við ýkta takta, auk þess sem tímabilið kemur sannfærandi út. The Bank Job byltir varla glæpagreiranum, en hún er ferskari en margar slíkar myndir sem koma jafnan margar á ári. Hún er flott bresk glæpamynd sem er þeim mun áhugaverðari fyrir það að vera sannsöguleg.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is



**KVIKMYNDIR**

**The Bank Job**

Leikstjórn: Roger Donaldson.
Aðalhlutverk: Jason Statham.

★★★

Sannsöguleg mynd um bankarán sem vindur upp á sig. Flott bresk glæpamynd sem er ferskari en flestar aðrar af svipuðum meiði.


SparBíó 550kr föstudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| WANTED | NARNIA 2 | SEX AND THE CITY | HULK | SPEED RACER | Indiana Jones 4 |
| kl. 5:30 í Álfabakka | kl. 3 í Kringlunni, kl. 5 á Selfossi og á Akureyri. kl. 6 í Keflavík | kl. 3 í Kringlunni | kl. 5:30 í Álfabakka og kl. 5. í Keflavík | kl. 5 í Álfabakka og á Selfossi. kl. 5:40 á Akureyri kl. 3 í kringlunni | kl. 5:30 í Álfabakka |

# Á FERÐALAGI



| | | |
|---|---|---|
| 27.-28. júní | Egilsstaðir | Bylgjan á ferðalagi |
| 4.-5. júlí | Akranes | Írskir dagar |
| 11.-12. júlí | Vestmannaeyjar | Bylgjan á ferðalagi |
| 18.-19. júlí | Hemmi Gunn og Svansí í útilegu | |
| 25.-26. júlí | Fáskrúðsfjörður | Franskir dagar |
| 1.-2. ágúst | Verslunarmannahelgar-útvarp | |
| 8.-9. ágúst | Dalvík | Fiskidagurinn mikli |
| 15.-16. ágúst | Bolungarvík/Ísafjörður | Ástarvika |
| 22.-23. ágúst | Hella | Landbúnaðarsýning |
| 29.-30. ágúst | Sandgerði | Sandgerðisdagar |



# BYLGJAN á ferðalagi um landið í sumar

Bylgjan og Olís eru komin í sumarskap og verða á ferðalagi með þér í allt sumar! Það verður öllu tjaldað til og við hefjum leik á föstudagsmorgnum með Kollu og Jóni Erni í bítinu, Ívar tekur við og Rúnar fylgir fast á eftir. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis. Á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.

Í dag verðum við á Egilsstöðum.

Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!

**FÖSTUDAGUR:**
Í bítið
Ívar Guðmunds
Rúnar Róberts
Reykjavík síðdegis

**LAUGARDAGUR:**
Hemmi Gunn og Svansí

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Ævintýra-eyjan
olís

## > Hreint mark í 360 mínútur

Íslenska kvennalandsliðið hefur ekki fengið á sig mark í fjórum leikjum í röð, allt síðan Finna jöfnuðu metin í uppbótartíma í vináttulandsleik þjóðanna 4. maí síðastliðinn. Síðan þá hafa íslensku stelpurnar skorað sextán mörk í röð. Íslenska liðið hefur aðeins fengið á sig tvö mörk í níu leikjum á þessu ári og markatalan er 29-2 stelpunum okkar í vil.



**sport**
sport@frettabladid.is

**STELPURNAR Í ÍSLENSKA LANDSLIÐINU:** TELJA NIÐUR AÐ ÚRSLITALEIKNUM GEGN FRÖKKUM

# *Sendum Frökkum skýr skilaboð*

„Við erum búnar með sjö skref af átta og við ætlum okkur á EM," sagði Hólmfríður Magnúsdóttir, sem skoraði þrennu í gær. „Við mættum gríðarlega vel stemmdar í leikinn og ætluðum okkur sigur frá fyrstu mínútu. Við spiluðum vel og stuðningurinn var frábær. Fólk öskraði allan leikinn og það er mjög hvetjandi," sagði Hólmfríður, sem hræðist úrslitaleikinn við Frakka ekki vitund.

„Við vorum að senda þeim góð skilaboð með 7-0 sigri og þær eru eflaust hræddar við okkur," sagði Hólmfríður, sem viðurkenndi að þetta væri einn allra besti leikur hennar í íslensku landsliðstreyjunni. Guðrún Sóley Gunnarsdóttir átti traustan leik í vörninni og hún var hreinskilin í leikslok.

„Þetta var léttara en ég bjóst við, ég hélt að þær væru sterkari. Þetta er það sem við ætluðum okkur að gera, að halda hreinu og skora nóg af mörkum," sagði Guðrún, sem myndar afar sterkt miðvarðarpar með fyrirliðanum Katríni Jónsdóttur.

„Já við náum vel saman. Eftir 4-0 tapið gegn Englandi í fyrra tókum við varnarleikinn aðeins í gegn. Við höldum stöðu og þegar allt liðið pressar með okkur er þetta bara auðvelt. Eins og núna, við ekkert að gera," sagði Guðrún, sem bíður eftir Frakkaleiknum. „Sjálfstraustið í liðinu er mikið og nú tekur bara við niðurtalning að leiknum."

Sara Björk Gunnarsdóttir hefur heldur betur stimplað sig inn í landsliðið. Hún átti stórleik gegn Slóvenum líkt og í gær þar sem hún kom Íslandi á bragðið með fyrsta marki leiksins, hennar þriðja landsliðsmarki í tíu leikjum.



„Mér er búið að ganga vel og ég hef verið nokkra leiki í röð í byrjunarliðinu. Ég hef því kannski aðeins verið að stimpla mig inn. Ég er mjög ánægð með minn leik og það var frábært að skora á heimavelli, ég er mjög sátt," sagði Sara brosandi.

„Það var frábært að setja hann þarna strax og halda einbeitingu alla leið. Það var markmiðið. Næst er það svo Frakkland," sagði Sara.

**Ísland 7-0 Grikkland**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 5323 Kunick frá Þýskal. (8)

*1-0 Sara Björk Gunnarsdóttir (4.)*
*2-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (13.)*
*3-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (30.)*
*4-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (53.)*
*5-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (56.)*
*6-0 Katrín Ómarsdóttir (66.)*
*7-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (68.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 28–2 (16–1) |
| Varin skot | Þóra 1 – Falida 7 |
| Horn | 6–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 7–19 |
| Rangstöður | 3–0 |

## STAÐA MÁLA

**ÍSLENSKI RIÐILLINN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ísland** | **7** | **6** | **0** | **1** | **26-2** | **18** |
| Frakkland | 7 | 6 | 0 | 1 | 29-1 | 18 |
| **Slóvenía** | **7** | **3** | **0** | **4** | **8-20** | **9** |
| Slóvenía | 7 | 3 | 0 | 4 | 8-20 | 9 |
| Serbía | 7 | 1 | 0 | 6 | 6-24 | 3 |
| Grikkland | 6 | 1 | 0 | 5 | 3-25 | 3 |

**Efsta liðið** fer beint í úrslitakeppnina í Finnalandi en liðið í 2. sæti og liðin með besta árangurinn í 3. sæti komast í umspilið.



**SAMSTILLTAR** Edda Garðarsdóttir segir að stelpurnar í landsliðinu séu afar samstilltar og hreinlega allar gull af manni. Hér er Erla Steina Arnardóttir í baráttunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Edda Garðarsdóttir:

# Þær eru allar gull af manni

**FÓTBOLTI** Edda Garðarsdóttir skemmti sér greinilega vel í leiknum í gær. „Þetta er náttúrlega bara snilld. Að skora mörk og hafa gaman, sýna léttleikandi fótbolta, það er skemmtilegt. Við vissum að við yrðum sterkari aðilinn og að þær myndu bakka. Við ætluðum að skemmta áhorfendum, það er ekki oft sem áhorfendur á Íslandi fá að sjá svona leiftrandi sóknarbolta og mörg mörk," sagði Edda ljómandi af gleði.

Hún hrósar einnig karakternum í hópnum, sem er mjög samstilltur. „Þetta er mjög þéttur hópur, bæði innan sem utan vallar. Stelpurnar eru allar gull af manni. Það er gaman þegar vel gengur og við höfum farið í gegnum súrt og sætt saman," sagði Edda en sigurinn í gær var svo sannarlega sætur. „Nú byrjum við að hlakka til, Frakkaleikurinn verður rosalegur," sagði Edda full tilhlökkunar. - hþh

# Stelpurnar sundurspiluðu Grikki

**Íslenska kvennalandsliðið komst einu skrefi nær úrslitakeppni EM með stórglæsilegum 7-0 stórsigri á Grikkjum. Stelpurnar náðu þar með efsta sætinu í riðlinum. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði þrennu.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tryggði sér toppsætið í sínum riðli með sjö marka stórsigri á Grikkjum á Laugardalsvellinum í gær.

Íslenska liðið átti frábæran dag, tók völdin strax í upphafi leiks og gaf gestunum frá Grikklandi engin grið. Íslensku stelpunum nægir því jafntefli við Frakka í lokaleiknum til þess að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni í Finnlandi á næsta ári. Það er óhætt að segja kvennalandsliðið sé stolt íslenska fótboltans þessa stundina aðeins einu skrefi frá EM 2009.

### Markatalan er 18-0

Þetta var fjórði og síðasti heimaleikur íslenska liðsins í undankeppninni og uppskeran er ekki amaleg, fullt hús, hreint mark og markatalan 18-0. Fram undan er útileikur gegn Frökkum þar sem jafntefli skilar liðinu beint í úrslitakeppnina í Finnlandi en tapist leikurinn á liðið enn góða möguleika því eftir tvo stórsigra á fimm dögum er íslenska liðið í góðri stöðu að fá viðráðanlega mótherja í umspilinu.

Fyrsti hálftíminn í gær var hreinlega frábær, stanslaus stórsókn með Margréti Láru allt í öllu. Hún lagði upp fyrstu tvö mörkin áður en hún skorað það þriðja með glæsilegum hætti. Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði fyrsta mark leiksins og sitt fyrsta á heimavelli þegar hún fékk frábæra stungusendingu Margrétar Láru inn fyrir og skoraði af öryggi. Það er enn í fersku minni þegar Hólmfríður Magnúsdóttir lagði upp mark fyrir Margréti Láru í sigrinum á Slóveníu á dögunum og Margrét Lára launaði henni greiðann með því að leggja upp mark Hólmfríðar á 13. mínútu leiksins í gær. Þriðja markið var síðan af betri gerðinni þegar Margrét Lára fékk boltann utarlega í teignum frá Dóru Maríu Lárusdóttur og skoraði með glæsilegu skoti.

Stelpurnar voru gáfu ekkert eftir í seinni hálfleik og hver sóknin á fætur annarri dundi á grísku vörninni. Hólmfríður skoraði tvö skallamörk með þriggja mínútna millibili og fullkomnaði með því þrennuna. Fyrra markið skoraði hún eftir magnaða sendingu Dóru Maríu en hið seinna eftir að Grikkjum mistókst að hreinsa frá. Katrín Ómarsdóttir kom inn á og skoraði í þriðja leiknum í röð og Margrét Lára skoraði síðan sjöunda markið eftir sendingu Katrínar.

### Frábærar í síðustu leikjum

Það hefur verið frábært að fylgjast með stelpunum í þessum tveimur heimaleikjum. Þær settu pressu á sig fyrir þessa leiki og stóðust hana og gott betur. Með samvinnuna og sjálfstraustið að vopni áttu andstæðingarnir frá Slóveníu og Grikklandi engin svör við leik stelpnanna, sem skoruðu hvert frábæra markið á fætur öðru í þessum tveimur leikjum. Stelpurnar sundurspiluðu gestina frá Suður-Evrópu og sýndu að þær hafa allt til alls til þess að vera fyrsta íslenska A-landsliðið í knattspyrnu sem kemst á stórmót.

ooj@frettabladid.is





**Á SKOTSKÓNUM** Margrét Lára Viðarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir skoruðu saman fimm af sjö mörkum Íslands í gær og fagna hér einu þeirra saman. Til vinstri má sjá að mikið fjör var á pöllunum í gær enda vel mætt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari var eðlilega kampakátur eftir stórsigurinn á Grikkjum:

# Metnaðurinn í hópnum er gríðarlegur

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari þjáist af höfuðverk sem hann kvartar ekki yfir. „Það er ekki spurning að þetta er erfiðasta byrjunarlið sem ég hef valið. Höfuðverkurinn við að velja í liðið er gríðarlegur en ég ætla ekkert að vorkenna sjálfum mér yfir því," sagði hann eftir leikinn.

„Yfirburðir okkar í þessum leik voru algjörir og ég reiknaði ekki með svona stórum sigri. Ég hafði fulla trú á því að við myndum vinna þennan leik en við sýndum mjög mikla yfirburði yfir Grikkjunum á öllum sviðum knattspyrnunnar," sagði landsliðsþjálfarinn.



**SAMSTAÐA** Sigurður fagnar með stelpunum eftir leikinn.

Hann segir jafnframt að liðið sé í stöðugri sókn og mikill munur á liðinu sé frá því í fyrri leiknum ytra. „Við áttum í erfiðleikum með að skapa okkur færi gegn þeim úti en nú gerum við það á auðveldan hátt. Auk þess höldum við markinu hreinu fjóra leiki í röð sem er met hjá landsliðunum. Leikmenn eru að leggja á sig mjög mikla vinnu og þær eru mjög opnar fyrir tilsögn og allri taktík. Við þekkjum hvert annað líka og undirbúningsleikirnir hafa hjálpað mikið."

Fram undan er úrslitaleikur við Frakka um laust sæti á EM þar sem íslenska liðinu dugir jafntefli. „Metnaðurinn í hópnum er gríðarlegur og ég held að þær finni alveg að möguleikinn á að fara alla leið er mikill," sagði landsliðsþjálfarinn, sem hrósaði einnig þjóðinni fyrir mikinn stuðning. - hþh

Pálmi Rafn Pálmason bað Kristin Jakobsson dómara afsökunar á ummælum:

# Yrði eflaust ekki sáttur ef Kristinn kallaði mig ömurlegan leikmann

**FÓTBOLTI** Pálmi Rafn Pálmason sér eftir ummælum sínum um Kristin Jakobsson dómara. Pálmi hringdi í Kristinn í gær og bað hann persónulega afsökunar á ummælunum í sjónvarpsviðtali við Stöð 2 Sport eftir sigurleik FH á Val. Þar talaði Pálmi meðal annars um að Kristinn dæmdi alltaf víti á Val.

„Það er erfitt að halda sig á mottunni hálfri mínútu eftir að maður tapar leik fyrir FH á víti í uppbótartíma. Ég veit það alveg að Kristinn er ekki óheiðarlegur dómari en það er erfitt að vera rólegur eftir svona uppákomu," viðurkenndi Pálmi fullur auðmýktar og er maður að meiri fyrir vikið.

Pálmi kvað Kristin hafa tekið vel í símtalið. „Hann er fagmaður í þessu. Ég yrði eflaust ekki sáttur með hann ef hann færi í blöðin og segði að ég væri ömurlegur leikmaður," sagði Húsvíkingurinn spræki.

Hann sér þó léttu hliðina á málinu. „Þetta gerir fótboltann líklega skemmtilegri, annars hefðuð þið ekkert til að fjalla um, en menn verða auðvitað að passa hvað þeir segja," sagði Pálmi léttur. Hann viðurkennir einnig að Valsmenn geti sjálfum sér um kennt að hafa ekki unnið leikinn gegn FH.

„Það er svo sem aldrei dómarinn sem tapar leikjum, við áttum að klára þennan leik fyrir vítið. En við erum fúlir með okkar gengi og fúlir með þetta tap en við verðum bara að takast á við það," sagði Pálmi Rafn. **- hþh**



**HÚSVÍKINGURINN** Pálmi Rafn sér eftir ummælum sínum um Kristin Jakobsson dómara og hefur beðið hann afsökunar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Leika við Ólympíulið Litháa

**Íslenska karlalandsliðinu í körfubolta hefur verið boðið í keppnisferð til Litháens þar sem liðið fær að nýta sér æfingaaðstöðu eins og hún gerist best.**

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandslið karla ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur þegar það byrjar undirbúning sinn fyrir Evrópukeppnina í haust. Körfuknattleikssambandið hefur þegið frábært boð frá litháíska sambandinu um að fara í æfingabúðir til Litháens og mæta Ólympíuliði Litháa í tvígang.

Litháar bjóða íslenska liðinu æfingaaðstöðu og umgjörð eins og hún gerist best og mótherjarnir eru eitt af bestu landsliðum í heimi. Íslenska liðið hefur hafið undirbúning sinn en farið verður 11. júlí út til Litháen og dvalið þar til 16. júlí. Leikirnir fara fram 13. júlí í Kaunas og í Vilnius tveimur dögum síðar.

Litháar hafa ekki farið leynt með það að þeir stefna á gullið í Peking. Þeir unnu bronsið á leikunum 1992, 1996 og 2000 en töpuðu leiknum um 3. sætið á móti Bandaríkjunum á síðustu leikum, í Aþenu 2004. Zydrunas Ilgauskas, leikmaður Cleveland Cavaliers, hafði sýnt mikinn áhuga á að spila með landsliðinu á ný en ekkert varð úr því eftir að forráðamenn Cleveland lögðust á móti því.

Þó er nóg af öðrum frábærum leikmönnum í liðinu og tveir þeirra spila í NBA, Linas Kleiza og Darius Songaila.

Kleiza, sem er 203 cm framherji, sló í gegn með Denver í vetur þar sem hann skoraði 11,1 stig í leik á aðeins 23,9 mínútum en hann var á sínu þriðja ári í deildinni. Darius Songaila var með 6,2 stig og 3,4 fráköst á 19,4 mínútum með Washington Wizards á sínu fimmta ári í NBA.



**FRÁBÆR** Sarunas Jasikevicius er með yfir 447 milljónir í árslaun. NORDICPHOTOS/GETTY

Jón Arnór Stefánsson ætti að þekkja þá Rimantas Kaukenas og Ksystof Lavrinovic vel en þeir urðu einmitt Ítalíumeistarar með Montepaschi Siena eftir sigur á Jóni og félögum í Lottomatica Roma. Lavrinovic, sem er stór og sterkur framherji, átti frábæra leiki í úrslitunum, sérstaklega þegar á reyndi í lok leikja.

Aðrir í hópi bestu leikmanna heims eru Sarunas Jasikevicius, sem varð Evrópumeistari með FC Barcelona 2003 og Maccabi Tel Aviv 2004 og 2005, og Ramunas Siskauskas sem varð Evrópumeistari með CSKA Moskvu í ár og með Panathinaikos í fyrra.

Sarunas Jasikevicius sneri aftur í evrópska boltann eftir tvö tímabil í NBA og samdi við gríska liðið Panathinaikos til tveggja ára. Jasikevicius fékk sjö milljónir evra í sinn hlut (895 milljónir íslenskra króna) sem sýnir hversu mikils Grikkir mátu þennan snjalla bakvörð.

Ramunas Siskauskas var valinn besti leikmaður Evrópukeppninnar í vetur en hann er 198 cm fjölhæfur framherji sem fáir ráða við einn á einn. Hann var einn af lykilmönnunum á bak við sigurinn.

Þetta er aðeins rjóminn af fjölmörgum frábærum leikmönnum Litháa sem íslenska landsliðið fær að mæla sig við um miðjan næsta mánuð. **- óój**

Margrét Lára skoraði tvö og lagði upp tvö í stórsigrinum á Grikkjum:

# Tileinkar Eyjamönnum mörkin

**FÓTBOLTI** „Ég ætlaði mér að skora mark númer 43 og ná þrennunni, ég viðurkenni það," sagði Margrét Lára Viðarsdóttir glaðbeitt. Það sást langar leiðir að hana hungraði í þrennuna en hún hefur nú skorað 42 mörk í 43 leikjum. „En ég kvarta ekki yfir þessum tveimur mörkum," sagði Margrét.

Hún bíður nú spennt eftir leiknum gegn Frökkum líkt og allt liðið en hún varar við því að Frakkarnir séu með frábært lið. Hvað sem því líður sé íslenska liðið til alls líklegt. „Við erum bara með þrusugott lið, ef ég á að vera alveg hreinskilin. Allir leikmenn þurfa að spila góða vörn og við eigum erfiðan leik fyrir höndum. Við erum hrikalega gráðugar í að komast á EM og það er að fleyta okkur langt," sagði Margrét, sem fagnaði mörkum sínum á all sérstakan hátt.

„Þetta er að sleppa lundapysju. Ég gerði þetta til heiðurs Vestmannaeyingum. Þeir styðja alltaf vel við bakið á mér og þetta var smá þakklætisvottur til þeirra og ég tileinka þeim mörkin," sagði Eyjahnátan Margrét Lára. **- hþh**



**GAMAN** Margrét bregst við eftir að skot hennar fór í stöngina í fyrri hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LUNDAPYSJU SLEPPT** Margrét Lára fagnar öðru marki sínu í leiknum. Hún tileinkaði Vestmannaeyingum mörk sín í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




TM styður kvennaknattspyrnu

Fylkir-Grindavík:

## Tölfræði og einkunnir

**FÓTBOLTI** Þar sem KSÍ ákvað að færa leik Fylkis og Grindavíkur til klukkan 21 á miðvikudag reyndist ekki unnt að fjalla um leikinn í Fréttablaði gærdagsins. Sú ákvörðun sprakk reyndar framan í KSÍ enda var mætingin ein sú lélegasta í sumar.

Fréttablaðið sér ekki ástæðu til þess að fjalla um leiki sem eru orðnir tveggja daga gamlir og því bendum við áhugasömum lesendum á Vísi.is þar sem má lesa umsögn um leikinn.

Engu að síður birtum við að sjálfsögðu tölfræði leiksins ásamt einkunnum. **- hbg**

**Fylkir 0-1 Grindavík**

Fylkisvöllur, áhorf.: 742 — Ólafur Ragnarsson (7)

*0-1 Alexander V. Þórarinsson (17.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–8 (5–4) |
| Varin skot | Fjalar 2 – Zankarlo 4 |
| Horn | 4–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–13 |
| Rangstöður | 4–3 |

| FYLKIR 4–3–3 | | GRINDA. 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 7 | Zankarlo Simunic | 7 |
| Guðni R. Helgason | 3 | Michael Jónsson | 6 |
| Kristján Valdimars. | 5 | Zoran Stamenic | 7 |
| Þórir Hannesson | 4 | Marinko Skaricic | 6 |
| Kjartan Breiðdal | 5 | Jósef Jósefsson | 7 |
| Ólafur Stígsson | 4 | ***Scott Ramsay** | **7** |
| (66., Viðar Guðjóns. | 5) | Eysteinn Hauksson | 7 |
| Halldór Hilmisson | 4 | Andri St. Birgisson | 5 |
| Valur F. Gíslason | 6 | (90., Páll Guðmunds. | -) |
| Peter Gravesen | 5 | Orri Freyr Hjaltalín | 6 |
| (76., Kjartan Baldv. | -) | Alexander V. Þórarins. | 6 |
| Jóhann Þórhallsson | 4 | (76., Jóhann Helgas. | -) |
| Allan Dyring | 2 | Tomasz Stolpa | 6 |
| (85., Ásgeir Börkur | -) | (83., Bogi R. Einars. | -) |

**Maður leiksins*

# Stórmótaálögum létt af Spáni

**Spánverjar eru komnir í úrslitaleik Evrópumótsins á móti Þjóðverjum eftir sannfærandi 3-0 sigur á Rússlandi í gær. Þetta er fyrsti úrslitaleikur Spánverja á stórmóti síðan á Evrópumótinu í Frakklandi 1984.**

**FÓTBOLTI** Spánverjar virðast hafa loksins aflétt álögum sínum á stórmótum. Þeir eru aðeins einu skrefi frá því að vinna Evrópumeistaratitilinn í fyrsta sinn í 44 ár eftir 3-0 sigur á Rússlandi í seinni undanúrslitaleiknum á Evrópumótinu í Sviss og Austurríki.

Eftir að hafa komist í gegnum átta liða úrslitin í fyrsta sinn í fimm tilraunum með sigri á Ítalíu í vítakeppni var eins og þungu fargi væri létt af spænska liðinu, sem geislaði af sjálfstrausti í gær og það skipti engu máli þótt það hafi misst markahæsta leikmann Evrópumótsins, sem fór meiddur af velli í fyrri hálfleiknum.



Spánverjar unnu sem sagt sannfærandi og öruggan þriggja marka sigur og sýndu að 4-1 sigur liðsins á Rússum í riðlakeppninni var engin tilviljun. Spænska liðið lék við hvern sinn fingur og gaf Rússunum aldrei möguleika á að spila sinn leik sem hafði lamað lið Svía og Hollendinga í leikjunum á undan.

Marcos Senna tók að sér að gæta Andrei Arshavin sem sást ekki í leiknum og það má segja að í fyrsta sinn í langan tíma hafi Guus Hiddink verið skák og mát enda hinn gamalreyndi Luis Aragones búinn að lesa leik Rússanna.

Cesc Fabregas kom inn á sem varamaður fyrir David Villa í fyrri hálfleik og átti mikinn þátt í sigrinum. Xavi skoraði fyrsta markið á 50. mínútu af stuttu færi eftir undirbúning Andres Iniesta, félaga hans í Barcelona-liðinu, og Fabregas lagði síðan upp mörk fyrir Daniel Guiza og David Silva með snilldarsendingum.

„Við erum komnir í úrslitaleikinn, það er það sem við vildum, en nú eigum við Þjóðverjana fyrir höndum og það er ekki öfundsvert verkefni,“ sagði Aragones. „Fyrri hálfleikurinn var erfiður en frammistaða okkar í seinni hálfleiknum var hreint út sagt ótrúleg.“

Andres Iniesta var líka glaður. „Liðið okkar varð bara betra og betra með hverri mínútunni sem leið í leiknum. Við höfðum yfirburði allan leikinn og erum hreinlega í skýjunum,“ sagði miðjumaðurinn. Guus Hiddink, kraftaverkamanni Rússa, var auðmjúkur eftir leik.

„Við töpuðum gegn mjög góðum andstæðingum. Okkur tókst að halda þeim í skefjum í um klukkutíma en síðan gerðu þeir okkur þreytta. Að ná þriðja sæti í þessu móti er frábær árangur og Spánverjar verðskulduðu sigurinn,“ sagði Hiddink.

Það var þegar ljóst í gærkvöldi að meiðsli David Villa eru það alvarleg að hann missir af úrslitaleiknum á móti Þýskalandi á sunnudagskvöldið. **- óój, - hþh**



**SANNFÆRANDI** Spánverjar fagna hér einu af þremur marka sinna í leiknum í gær. Í miðjum hópnum er Cesc Fabregas, sem átti mjög góðan dag. NORDICPHOTOS/AFP




Grindvíkingar upp úr fallsæti í Landsbankadeild karla:

# Öll níu stigin og öll níu mörkin á útivelli

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar hafa verið að koma upp eftir erfiða byrjun í Landsbankadeild karla og það er einkum gott gengi liðsins utan Grindavíkur sem er að skila því.

Grindvíkingar urðu á miðvikudagskvöldið aðeins annað liðið frá 1977 sem nær í níu fyrstu stigin sín á útivelli þegar liðið sótti 1-0 sigur á Fylkisvellinum. Grindvíkingar eiga þó enn þrjú stig í að jafna met Víkinga frá 1991 en Víkingar fengu þá tólf fyrstu stig sumarsins á útivelli. Þrátt fyrir brösuga byrjun í Víkinni tókst Víkingum þó að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn um haustið.

Eftir átta fyrstu umferðirnar hafa Grindvíkingar fengið öll stigin sín níu og skorað öll mörkin sín níu í fimm útileikjum sínum en eru stigalausir og markalausir í þremur leikjum á Grindavíkurvellinum. Grindavík hefur þar tapað 0-1 fyrir bæði Fjölni og Keflavík og lágu síðan 0-3 fyrir toppliði FH-inga.

**Fleiri stig en 2005 og 2006 samanlagt** Grindvíkingar eru þegar búnir að bæta samanlagðan árangur sinn á útivelli sumrin 2005 og 2006 en þeir náðu þá aðeins í 8 af 54 mögulegum stigum í leikjum sínum utan Grindavíkur. Grindavík hafði líka tapað átta útileikjum í röð þegar liðið vann óvæntan 6-3 sigur á Breiðabliki í Kópavogi í 4. umferð en liðið fylgdi honum síðan eftir með 1-0 sigri á Fram í Laugardal og 1-0 sigri á Fylki í Árbænum.

Það eru þrjú önnur lið í deildinni sem hafa náð fleiri stigum á útivelli en heimavelli en það eru FH (+1, 10-9), Fjölnir +3 (9-6) og Breiðablik +3 (7-4).

Það eru miklar líkur á að Grindvíkingar fá stig út úr næsta heimaleik en þeir fá þá botnlið HK í heimsókn en HK hefur tapað ellefu útileikjum í röð og á enn eftir að vinna sigur utan Kópavogs í efstu deild. **- óój**

**GRINDAVÍK Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| **Heimaleikir** | |
| Grindavík-Fjölnir | 0-1 |
| Grindavík-FH | 0-3 |
| Grindavík-Keflavík | 0-1 |
| Stig: | 0 |
| Markatala | -5 (0-5) |
| **Útileikir** | |
| KR-Grindavík | 3-1 |
| Valur-Grindavík | 3-0 |
| Breiðablik-Grindavík | 3-6 |
| Fram-Grindavík | 0-1 |
| Fylkir-Grindavík | 0-1 |
| Stig: | 9 |
| Markatala | 0 (9-9) |



**SÍÓGNANDI** Scott Ramsay hefur átt þátt í sex af níu mörkum Grindavíkurliðsins í sumar en þau hafa öll komið á útivelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## Öll mörkin í Landsbankadeildinni

# „Ég sá það fyrst á visir.is"

*Visir.is* var langfyrstur með mörkin í Landsbankadeildinni. Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins er á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna eru í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is

...ég sá það á visir.is



## > Stellan Skarsgård

Skarsgård er frá Svíþjóð en hann vakti heimsathygli árið 1996 þegar hann lék í myndinni Breaking the Waves. Eitt þekktasta hlutverk hans er sem hinn fordæmdi faðir Wills Turner, Bootstrap Bill, í Pirates of the Caribbean-myndunum. Í kvöld sýnir Stöð 2 bíó myndina Exorcist: The Beginning þar sem Skarsgård er í aðalhlutverki.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SÖRU MCMAHON FINNST SJÓNVARPSEFNIÐ HELST TIL DRAMATÍSKT

## *Nú er tíminn þegar sjónvarpið á að fá frí*

Svo virðist sem með hækkandi sól fari dagskrá sjónvarpsstöðvanna oft hrakandi. Þau skipti sem ég hef sest fyrir framan skjáinn það sem af er sumri til að drepa tímann og slökkva á heilanum um stund finnst mér sjaldan vera annað í boði en undarlegir raunveruleikaþættir og hádramatískar þáttaraðir að hætti Kanans. Þar sem buddan er tóm núna í lok mánaðar og kaffihúsaheimsóknir því ekki í boði enda ég oft á því að horfa á þessa undarlegu raunveruleikaþætti og hádramatíkina.

Ein af þessum dramatísku þáttaröðum er Everwood sem hóf göngu sína aftur í gær eftir nokkurt hlé. Þættirnir fjalla um heilaskurðlækni sem býr ásamt börnum sínum tveimur í smábænum Everwood í Bandaríkjunum. Læknirinn er ástfanginn af vinkonu sinni sem er í sambandi með öðrum yngri lækni, sonurinn er reiður píanósnillingur og dóttirin er of vitur miðað við aldur. Með lækninum vinnur þriðji læknirinn sem er hálfkjánalegur, hann er giftur konu sem berst við krabbamein og saman eiga þau son sem er íþróttahetja og fluggáfaða dóttur sem á vinkonu sem talar of hratt. Í smábænum Everwood er því að finna samansafn margra ólíkra einstaklinga sem allir takast á við lífið á sinn einstaka og dramatíska hátt. Líkt og með marga aðra bandaríska þætti á áhorfandinn að draga lærdóm af öllu því sem þetta fólk gengur í gegnum og í lok þáttar situr áhorfandinn eftir margs fróðari um lífið og tilveruna. Everwood er því nokkurs konar kennslumyndband í því hvernig eigi að takast á við öll lífsins vandamál og standa samt uppi sem sigurvegari í lokin. Ég er þó eins og svo margir aðrir og kýs að læra af eigin reynslu frekar en annarra. Þannig að þegar buddan fyllist aftur ætla ég að njóta sólarinnar frekar en sjónvarpsdagskrárinnar, enda finnst mér fólkið í Everwood helst til of miklir vælukjóar til að ég nenni að eyða tíma með þeim ef ég kemst hjá því.



## EKKI MISSA AF



▶ **18.05** Landsbankamörkin
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Ally McBeal
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** The Biggest Loser
SKJÁR EINN



▶ **21.00** Thelma and Louise
STÖÐ 2



▶ **21.45** Powder
SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Spæjarar** (17:26)

**17.47 Bangsímon, Tumi og ég** (24:26)

**18.10 Ljóta Betty** (8:23) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Fingralangur faðir** (Father Hood) Bandarísk bíómynd frá 1993. Slarkari rænir börnum sínum sem eru í umsjá hins opinbera og fer með þau í ævintýralegt ferðalag. Aðalhlutverk: Patrick Swayze, Halle Berry, Sabrina Lloyd, Brian Bonsall, Michael Ironside og Diane Ladd.

▶**21.45 Powder** (Powder) Bandarísk bíómynd frá 1995. Ungur hárlaus albínói sem er gæddur sérstökum hæfileikum hristir duglega upp í samfélaginu þar sem hann býr. Aðalhlutverk: Mary Steenburgen, Sean Patrick Flanery, Lance Henriksen, Jeff Goldblum og Brandon Smith.

**23.35 Ned Kelly** (Ned Kelly) Áströlsk bíómynd frá 2003 um stigamann sem rændi banka við fjórða mann og hélt heilum bæ í gíslingu í þrjá daga. Leikstjóri er Gregor Jordan og meðal leikenda eru Heath Ledger, Orlando Bloom, Geoffrey Rush og Naomi Watts. (e)

**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Harry Potter and the Goblet of Fire**

**10.35 Draumalandið**

**12.00 Home for the Holidays**

**14.00 Harry Potter and the Goblet of Fire**

**16.35 Draumalandið**

**18.00 Home for the Holidays**

**20.00 Into the Blue** Ævintýramynd með Jessicu Alba og Paul Walker í aðalhlutverkum.

**22.00 Exorcist: The Beginning** Forsaga hrollvekjunnar The Exorcist með Stellan Skarsgård í aðalhlutverki.

**00.00 Transporter 2**

**02.00 Mrs. Harris**

**04.00 Exorcist: The Beginning**

**06.00 Big Momma's House 2**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Rannsóknarstofa Dexters, Camp Lazlo og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 'Til Death** (15:22)

**10.40 My Name Is Earl** (9:22)

**11.10 Homefront** (14:18)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Wings of Love**

**13.55 Wings of Love**

**14.40 Friends** (24:24)

**15.25 Bestu Strákarnir** (34.50)

**15.55 Galdrastelpurnar** (14.26)

**16.18 Bratz**

**16.43 Smá skrítnir foreldrar**

**17.08 Ben 10**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.30 The Simpsons** (14:20) Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er, aldrei verið uppátækjasamari.

**19.55 America's Got Talent** (9:12) Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafinn enn á ný. Dómarar eru Pierce Morgan, David Hasselhoff og Sharon Osbourne en kynnir í þáttunum er Jerry Springer.

▶**21.00 Thelma and Louise** Tvær konur sem eru orðnar leiðar á lífinu ákveða að breyta til með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þær fara í helgarferð út á land en þar gerast atburðir sem breyta lífi þeirra. Aðalhlutverk: Susan Sarandon og Geena Davis.

**23.05 The Notebook** Ástarsaga með Rachel McAdams, Ryan Gosling, James Garner og Gena Rowlands í aðalhlutverkum.

**01.05 A Home at the End of the World** Uppvaxtarsaga tveggja æskuvina sem eru gerólíkir en halda samt sambandi í áratugi, fyrst sem stráklingar í Cleveland og síðan sem fullorðnir menn í New York. Aðalhlutverk: Colin Farrell og Robin Wright Penn.

**02.40 D.E.B.S.**

**04.15 America's Got Talent** (9:12)

**05.20 The Simpsons** (14:20)

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.10 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið fram undan skoðað.

**17.35 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

▶**18.05 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.

**19.05 Kaupþings mótaröðin 2008** Sýnt frá þriðja móti sumarsins á Kaupþingsmótaröðinni í golfi.

**20.10 Meistaradeild Evrópu í handbolta** Kiel - Ciudad Real

**22.00 Main Event (#7) - World Series of Poker 2007** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

**22.50 Main Event (#8) - World Series of Poker 2007**

**23.40 Snowcross World Championship** Sýnt frá heimsmeistaramótinu í vélsleðaakstri.

## SPORT 2

**17.40 Masters Football** Gömlu brýnin leika listir sínar. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

**19.55 PL Classic Matches Chelsea - Arsenal, 99/00.** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**20.25 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**20.55 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.25 Football Rivalries** Í þessum þætti verður fjallað um líg spænsku stórveldanna Barcelona og Real Madrid, innan vallar sem utan.

**22.20 10 Bestu - Sigurður Jónsson** Fimmti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**23.10 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**00.10 EM 4 4 2**

**00.40 PL Classic Matches** Arsenal - Man United, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**15.00 Vörutorg**

**16.00 Snocross** (e)

**16.30 Girlfriends**

**17.00 Rachael Ray**

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 Dynasty**

**19.20 Kimora. Life in the Fab Lane** (e)

**19.45 Hey Paula** (e)

**20.10 Life Is Wild** (2:13) Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. Katie Clarke er ekki sátt þegar pabbi hennar og nýja konan hans ákveða að flytja til Afríku en á þessum framandi slóðum finnur Katie það sem hún þarfnast mest.

▶**21.00 The Biggest Loser** (2:13) Raunveruleikaþáttur um baráttuna við mittismálið. Að þessu sinni mæta 50 fitubollur til leiks og er hver þeirra fulltrúi síns ríkis í Bandaríkjunum. Fylgst er með þátttakendum í æfingabúðum undir leiðsögn einkaþjálfara og hvernig þeim gengur að halda sig frá sætindunum. Að lokum eru síðan stigið á vigtina og sá sem hefur losnað við mest hlutfall af heildarþyngdinni vinnur vegleg verðlaun.

**22.30 The Eleventh Hour** (9:13)

**23.20 Secret Diary of a Call Girl** (e)

**23.50 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**00.40 The IT Crowd** (e)

**01.05 Top Chef** (e)

**01.55 The Real Housewives of Orange County** (e)

**02.45 Kid Nation** (e)

**03.35 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**04.25 Girlfriends** (e)

**04.50 Vörutorg**

**05.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn** Farið yfir fréttir liðinnar viku. Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


...bane



úllen



dúllen



doff!



Stærsta útsala landsins

Kringlan

**Mán til mið** 10–18:30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18   Sími 568 9200   www.kringlan.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 23.05

**The Notebook**



Eldheit og sígild ástarsaga sem naut mikilla vinsælda. Söguna segir gamall maður vinkonu sinni á elliheimili. Sagan fjallar um forboðið ástarævintýri milli tveggja ungmenna sem fella hugi saman gegn vilja foreldranna. Foreldrar hennar vilja ekki að hún sé með þessum óheflaða lágstéttarmanni og skilja þau að. Hún ákveður því að ganga að eiga annan mann. En sama hversu mjög þau reyna, ástin milli þeirra virðist aldrei geta kulnað.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### John Lennon - Live in New York

**Stöð 2 extra kl. 20.45**

Stöð 2 extra sýnir í kvöld tónleika Johns Lennon í New York frá árinu 1972. Tónleikarnir fóru fram í Madison Square Garden og voru meðal síðustu tónleika Lennons sem náðust á filmu en hann lést árið 1980.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sumarást
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Táslur og tjull
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Mánafjöll
**21.10** Brjóstdropar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Viltu syngja minn söng?
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks**

**17.00 Ally McBeal** (1:23)

**17.45 John Lennon - Live in New York**

**18.30 The Class** (12:19)

**19.00 Hollyoaks**

**19.30 Hollyoaks**

▶**20.00 Ally McBeal** (1:23) Þættirnir um Ally McBeal nutu mikilla vinsælda á Stöð 2 fyrir um áratug en Stöð 2 Extra mun sýna allar seríurna fimm.

**20.45 John Lennon - Live in New York** Þessir tónleikar í New York árið 1972 voru meðal síðustu tónleika John Lennon sem náðust á filmu.

**21.30 The Class** (12:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.

**22.00 Bones** (13:15) Dr. Temperance „Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth og þótt þau nái einkar vel saman í starfinu er mikil spenna á milli þeirra.

**22.50 Moonlight** (5:16) Rómantískur spennuþáttur um Mick St. John sem er ódauðlegur einkaspæjari sem notar yfirnáttúrulega hæfileika sína til að hjálpa hinum dauðlegu.

**23.35 ReGenesis** (3:13)

**00.25 Twenty Four 3** (5:24)

**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir: Sigríður Jóhannesdóttir, Björk Jakobsdóttir, Guðrún Bergmann.

**21.00 Af lífi og sál** Guðni Ágústsson ræðir við áhorfendur ÍNN eins og honum er lagið.

**21.30 Íslands Safari** Umsjón: Akeem Richard Oppong. Umræður um fjölmenningu og fjölþjóðlegt samfélag.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Ærlig talt **10.35** En stavkirke i Norge **10.50** Vagn på floden **11.30** Dagplejemor i døgndrift **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Boogie Listen **15.00** That's So Raven **15.25** F for Får **15.30** Fredagsbio **15.45** Benjamin Bj¢rn **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** Lokkeduen **21.20** Daylight **23.10** Boogie Listen

## NRK 1

**9.00** Sport i dag **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.05** Mamma Mirabelle viser film **16.20** Charlie og Lola **16.30** Safari Europa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.00** Ville og vakre Kina **18.50** 20 sp¢rsmål **19.15** Detektimen: BlackJack **20.45** Ekstremsportveko **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sport i kveld **21.16** Nachspiel Wimbledon **21.35** Verdensserien i sandvolleyball, Stavanger **21.45** Hotell Babylon **22.40** Ronan Keating **23.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Dorte Mandrup i närbild **10.35** De röda älgarnas folk **12.55** Hollywoodredaktionen **13.20** Veronica Mars **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** I trädgården med Camilla Plum **15.30** Plus sommar **16.00** Charlie och Lola **16.15** Dra mig baklänges **16.30** Hej hej sommar **16.31** Planet Sketch **16.45** Sune **17.15** Värsta vännerna **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Tre kärlekar **18.55** Om att såga **19.00** Patrioten **21.40** Rapport **21.50** Grotesco **22.20** Het sol **0.15** Sändningar från SVT24




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Í nýaldarbransanum hefur verið viðloðandi sú hugsun að það sé ljótt að græða peninga.“*

Friðrik Karlsson tónlistarmaður við DV í desember 1997.

„Nú vilja menn vera andlegir og ábyrgir í fjármálum. Heilsteyptur einstaklingur í dag er með jafnvægi á hlutunum. Þegar ég sagði þetta þá hef ég verið nýkomin af einhverju nýaldar-námskeiði. Ég hef farið á mörg námskeið síðan. Annars mæli ég með The Secret fyrir alla,“ segir Friðrik nú.

# Gerir góðlátlegt grín að skrítinni þjóð

Björk Guðmundsdóttir hefur Náttúrutónleikana í Laugardalnum á morgun. Sigur Rós endar þá. Mitt á milli spilar Ólöf Arnalds, sem fyrst vakti verulega athygli í fyrra með plötunni Við og við. „Ég býð upp á svolítið af nýju efni, 1-2 tökulög og gamalt í bland,“ segir hún. „Ég verð með aðstoðarmann sem spilar á mismunandi hljóðfæri. Hann heitir Shahzab Ismali og er New York-búi. Hann þekkir Skúla Sverrisson og hafði bara samband. Okkur gengur svona ótrúlega vel að vinna saman og hann mun pródúsera nýju plötuna mína, sem kemur út á þessu ári ef guð lofar. Maður verður að láta slag standa.“

Ólöf eignaðist fyrsta barnið sitt í ársbyrjun, soninn Ara Ísleif. „Nei, hormónaflæðið hefur ekki breytt tónlistarsköpuninni svo neinu nemi. Þetta er ekki það mikil breyting og það gengur bara vel að sameina tónlistina og móðurhlutverkið. Maður á góða að á álagstímum og svo er pabbinn ávallt til staðar, enda kominn í fæðingarorlof.“

Ólöf samdi baráttulagið „Af stað“ í tilefni af Náttúrutónleikunum og hefur komið því í spilun til að fólk verði með á nótunum á morgun. „Mér fannst skemmtileg áskorun að búa til baráttulag – það er ekki mjög „inn“ núna. Texti lagsins er í sama bragarhætti og „Hver á sér fegra föðurland“ og er væmið ástarlag auk þess að gera góðlátlegt grín að þessari skrítnu þjóð sem við tilheyrum.“

Lagið má sækja á netinu: www.nattura.info/Olof_Arnalds_AfStad.mp3. - glh



**HORMÓNAFLÆÐIÐ HEFUR HAFT TAKMÖRKUÐ ÁHRIF** Ólöf Arnalds spilar á milli Bjarkar og Sigur Rósar annað kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
2. tromma, 6. mannþvaga, 8. niður, 9. mjöl, 11. guð, 12. leið, 14. fet, 16. átt, 17. hvoftur, 18. málmur, 20. sjó, 21. ættarsetur.

**LÓÐRÉTT**
1. magi, 3. hæð, 4. háttprúður, 5. skel, 7. sérgrein, 10. rúm ábreiða, 13. sarg, 15. hvæs, 16. hlóðir, 19. átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. páka, 6. ös, 8. suð, 9. mél, 11. ra, 12. braut, 14. skref, 16. sv, 17. gin, 18. tin, 20. sæ, 21. óðal.
**LÓÐRÉTT:** 1. vömb, 3. ás, 4. kurteis, 5. aða, 7. sérsvið, 10. lak, 13. urg, 15. fnæs, 16. stó, 19. na.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Í Garðabæ.
2. Aníta Briem.
3. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir.




Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
- Mest lesið




**LEIKARI Á HARLEY** Darri Ingólfsson leikari tekur sig vel út í leðurgallanum. Þessi tegund af Harley Davidson þykir mikil listasmíð.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## DARRI INGÓLFSSON: GÓÐ AFSÖKUN TIL AÐ KLÆÐAST LEÐRI

# Leikari ferðast leðurklæddur um á Harley Davidson

Darri Ingólfson, sem margir kannast við úr þáttunum Mannaveiðum, er nú orðinn einn af riddurum götunnar. „Við pabbi vorum búnir að stara of lengi á Harleyinn sem bróðir minn á inni í bílskúr og ákváðum að skella okkur saman í ökutíma. Ég hafði alltaf ætlað mér að taka prófið í Bandaríkjunum en kennslan hér heima er ítarlegri og það er betra að vera með undirstöðuatriðin á hreinu þegar maður ekur um göturnar á svona hjóli,“ segir Darri. Í Mannaveiðum lék Darri morðingjann sem í lokaatriðinu flýr einmitt undan lögreglunni á mótorhjóli. „Ég fékk ekki að keyra sjálfur við tökurnar á Mannaveiðum þar sem ég var réttindalaus, en ég mætti það núna. Það er líka ágætis viðbót á ferilskrána mína sem leikari að vera með bifhjólapróf.“

Hjólið sem Darri ekur á er ekki af verri endanum, það er af gerðinni Harley Davidson Nightrod Special edition og er í eigu bróður hans. „Í bensínkrísunni er þetta ágætur kostur, það kostar mig tvö þúsund krónur að fylla tankinn. Svo er þetta ágæt afsökun til að klæðast leðri,“ segir Darri sposkur á svip. Darri stundaði leiklistarnám við Arts Educational School of London og eftir námið starfaði Darri áfram í borginni í fimm ár. „Það eru engin sérstök verkefni á dagskrá hjá mér á næstunni. Ég verð í London í sumar og fæ vonandi einhver verkefni þar og svo er stefnan tekin á LA um leið og ég fæ græna kortið.“ Þótt hann þeysist um göturnar á mótorfáki er Darri mikill umhverfissinni, „Mér finnst öll þessi umræða um stóriðju vera algjör geðveiki. Eftir átta ára dvöl í London þá áttar maður sig á hversu mikil náttúruperla Ísland er,“ segir Darri að lokum.

sara@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ný grínþáttasería, Ríkið, verður tekin til sýninga á Stöð 2 um miðjan ágúst. Serían fetar í fótspor vinsælla þáttaraða eins og Fóstbræðra, Svínasúpunnar og Stelpnanna, en er frábrugðin þessum að því leyti að fjalla meira og minna um sömu karakterana. **Sigurjón Kjartansson** hafði yfirumsjón með handritsgerðinni en margir komu að verki: **Sveppi**, **Auðunn Blöndal**, **Magnús Guðmundsson**, bróðir **Þorsteins Guðmundssonar**, **Árni Jón Sigfússon**, bróðir **Péturs Jóhanns**, og leikstjórinn **Silja Hauksdóttir**. Þetta er skrifstofugrín sem gerist á óræðum hallæristíma. Margt minnir á áttunda áratuginn, en samt eru allir með farsíma. Auk Sveppa og Audda leika **Þorsteinn Bachman**, **Elma Lísa Gunnarsdóttir**, **Eggert Þorleifsson** og **Halldóra Geirharðsdóttir** meðal annars í Ríkinu.



Meira af **Sveppa**: Hann verður með innslög í barnatíma Stöðvar 2 næsta vetur eins og þann síðasta. Tökum er lokið á nýjum innslagapakka og er **Villi** í næsta húsi á svæðinu að vanda. Þá hefur barnadeild Stöðvar 2 bæst góð viðbót sem eru þættirnir um Latabæ. Ný sería af Íþróttaálfinum, Sollu og kó hefur þar göngu sína í ágúst.

Tónleikar **James Blunt** í Laugardalshöll þann 12. júní fóru ekki framhjá neinum manni. Eða hvað? Enski knattspyrnumaðurinn **Michael Jackson** hjá Þrótti hafði fest kaup á tveimur miðum á tónleikana sem hann hugðist sækja ásamt konu sinni. Jackson klæddi sig upp í sitt fínasta púss og mætti fyrir utan Laugardalshöllina, sem var galtóm. Hann trúði ekki öðru en að tónleikar sem þessir færu fram á föstudegi. Hann komst því miður að því að 12. júní var fimmtudagur og hann því degi of seinn.



- glh/shs


FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

STÓR HUMAR, LÚÐA, LAX, TÚNFISKUR

Úrval fiskrétta á grillið



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00


# Stór verðlaunahátíð á Íslandi

„Það er bara hugmynd sem hefur komið upp,“ segir Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðar Íslands. Sú hugmynd hefur komið upp að halda Evrópsku kvikmyndaverðlaunin á Íslandi árið 2010 eða 2011. „Þetta er ekki einu sinni komið á viðræðustig,“ segir Laufey. „Það er heilmikill kostnaður í kringum þetta sem gestgjafalandið þarf að reiða fram. En það væri mjög gaman að geta gert þetta.“

Kvikmyndaverðlaunin eru í Kaupmannahöfn þetta árið og fara þau fram í desember. Hátíðir sem þessar eru stórar í sniðum og laða að fólk alls staðar að úr Evrópu og víðar. Vinnan á bak við slíka hátíð er því mikil, að ótöldum þeim gríðarlegu fjármunum sem fara í hátíðina.

Laufey situr þó ekki auðum höndum, hvort sem af hátíðinni verður eða ekki. „Það er mikið um að vera hjá okkur og mikill kraftur í íslenskri kvikmyndagerð. Margar myndir eru frumsýndar á þessu ári og svo er líka mikill kraftur í sjónvarpsþáttagerð,“ segir Laufey. - shs



**LAUFEY GUÐJÓNSDÓTTIR** Segir þá hugmynd hafa komið upp að halda hátíðina hér á landi.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# LAGERSALA
# 15-80% afsláttur af völdum vörum



Tungusófi kr. 279.000 **verð nú 237.150** (afsl. 41.850)
Leður: Hvítt og svart.

Model: Kakan 670 - 300 x 195 sm.



Model: Kakan 568 - 300 x 200 sm.

Tungusófi kr. 245.000 **verð nú 199.800** **(afsl. 45.200)** - Leður: Hvítt og svart.
Borð, hvítt/gler 131x70x26 sm. Ekki á tilboði **verð kr. 49.800**

**Bjóðum upp á vaxtalaust lán til allt að 12 mánaða.**
**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

heima Öndvegi HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



vísir.is

„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## Flóuð meinsemd

Sem borinn og barnfæddur Vestfirðingur, sem nú býr í sollinum 101 Reykjavík, hef ég fengið að kynnast ófáum ranghugmyndum sem borgarbúar hafa alið með sér um okkur dreifarana. Ein er á þá leið að við hljótum að þekkja svo gott sem alla sem búa í sama fjórðungi. Þegar ég segist til dæmis vera frá Patreksfirði er gengið að því sem vísu að ég þekki þennan eða hinn í Bolungarvík. Þótt þetta sé álíka rökrétt og að Kjalnesingar hljóti að þekkja alla í Stykkishólmi hefur þessi bábilja reynst merkilega lífseig.

**SVO** allrar sanngirni sé gætt má ekki gleyma að úti á landi er fólk ekki síður lúsiðið við að sjóða saman skrýtnar hugmyndir um borgarbúa, sérstaklega miðbæjarrotturnar. Algengasta staðalímyndin er á þá leið að í 101 búi bara kjaftastéttir og listaspírur, fólk sem hefur aldrei dýft hendi í kalt vatn og tapað tengslum við gömul og rótgróin gildi sem færðu okkur hagsæld. Hugmyndin um hinn velmeinandi borgarbúa, en barnslegan og fáfróðan í firringu sinni, á sér margar táknmyndir, enga þó skýrari en kaffi latté.

**NÚORÐIÐ** getur Reykvíkingur ekki viðrað minnstu efasemdir um álitamál sem snerta landsbyggðina án þess að vera afskrifaður sem „lattéþambandi miðbæjarrotta". Meðan fólkið handan Vatnsmýrarinnar stendur í hinni sönnu lífsbaráttu hefur kaffifroðan stigið íbúum í 101 Reykjavík til höfuðs og lamað þær heilastöðvar sem stjórna skynbragði fyrir ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda. Sá sem eitrar líkama sinn með mjólkurkaffi að ítölskum sið getur ekki tjáð sig skynsamlega um kvótakerfið, landbúnaðartolla eða stóriðju.

**ÍSLENDINGAR** til sjávar og sveita eru hvorki ókunnugir kaffi né mjólk; á hverjum sveitabæ er gestum boðinn molasopi og mjólk með. Meinsemd ítalska mjólkurkaffisins hlýtur þess vegna að felast í því að mjólkin er hituð áður en henni er hellt út í. Svona á kaffi ekki að vera, mjólkin er til þess að kæla – ekki bragðbæta. Einhvers konar stökkbreyting hefur átt sér stað, úrkynjun.

**KAFFI** með flóaðri mjólk virðist með öðrum orðum vera fleinninn sem skilur að sveit og borg – miðborg að minnsta kosti. Fræðimanna framtíðarinnar bíður það verðuga verkefni að rannsaka hvernig það atvikaðist. Hvenær byrjuðu þessi rof? Þegar Mokka var opnað? Þetta verður líklega ein af ráðgátum 21. aldar. Kaffimóðuharðindin.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 27. júní, 180. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.00 | 13.31 | 0.00 |
| Akureyri | 1.44 | 13.15 | 0.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


